




**VERÐLAUNAMYNDIR**  
world press photo 22



**Í fótspor forfeðranna**  
fjölskyldan



**spöttið 10**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

18. júní 2011  
140. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

**10**  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Sambærnt eentimálbirtum. Censored Collin sjólar - mars 2011



**Gaman að búa einn**  
Guðmundur Sveinsson  
dvaldi á sambýlum en býr  
nú sjálfstætt.  
**heilbrigðismál 18**



**Heitir eftir riddara**  
Charlie Chaplin er  
átrúnaðargoð Nilla.  
**krakkasíðan 28**



**Ástríður snýr aftur**  
Ilmur Stefánsdóttir  
leikur í annarri  
seríu af þáttunum  
sem slógu í gegn.  
**sjónvarp 42**



**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu  
Fjölskylda | Allt | Allt atvinna



**VIRKUR TÓNLISTARMAÐUR** Högni Egilsson, sem er kunnur fyrir tónlistarsköpun sína með hljómsveitinni Hjaltalín, gekk nýlega til liðs við GusGus. Hann ætlaði sér aldrei að verða tónlistarmaður en hefur haft í nógu að snúast á þeim vettvangi undanfarin misseri. Högni leiðist samkeppnisandinn í þjóðfélaginu og er hættur að gagnrýna verk annarra. **Sjá síðu 16**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Óvissa um kjarasamninga

Forsendur kjarasamninga verða endurskoðaðar í næstu viku. SA og ASÍ eru ósátt við efndir stjórnvalda. Verði hætt við samningana haldast hækkanir fram í janúar en samningarimma tekur við að því loknu.

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) gætu hvort um sig tekið ákvörðun um að ógilda nýlega kjarasamninga sem gerðir voru til þriggja ára. Í samningunum voru ýmsir fyrirvarar sem skyldu endurskoðaðir fyrir gildistöku næsta miðvikudag. Frá undirritun samninganna hefur þróun efnahags- og atvinnu-

”Ef hagvöxtur fer ekki í gang er hrein skelfingar- atburðarás fram undan...”  
**GYLFI ARNBJÖRNSSON**  
FORMAÐUR ASÍ  
mála þó ekki verið ASÍ og SA að skapi og er deilt á stjórnvöld þess vegna.

Meðal annars segir Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, að opinberar framkvæmdir ættu að vera komnar lengra á veg. „Hagvaxtarspár á þessu ári og því næsta byggja á því að farið sé út í þessar framkvæmdir. Ef hagvöxtur fer ekki í gang er hrein skelfingar- atburðarás fram undan varðandi þessa ríkisfjármála- áætlun. Hvað geta stjórnvöld þá

kynnt annað en frekari niður- skurð og skattahækkanir?“  
Ef samningum verður sagt upp mun aðfararsamningur þó gilda til loka janúar 2012 og umsamdar launahækkanir þessa árs koma til framkvæmda.  
SA og ASÍ munu funda með stjórnvöldum á mánudag og fram- haldið mun síðan ráðast á þriðju- dag.  
- þj / sjá síðu 6

**SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS**  
FLUGFÉLAG IS  
FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Örn, er ekki venjan sú að skipstjórn yfirgefi síðastur sökkvandi skip?

„Það er aðeins einn sem verður um borð allt til enda og það er höfuð kirkjunnar, Kristur.“

Séra Örn Bárður Jónsson segir að þjóðkirkjan sé laskað skip eftir brotsjóki kynferðisbrotamála. Biskupinn og forysta kirkjunnar eigi að stígi til hliðar.



AYMAN AL-ZAWAHIRI Tekinn við af Osama bin Laden. NORDICPHOTOS/AFP

Ákærurnar felldar niður:

## Ætla að ná arftaka bin Ladens

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjamenn ætla að leita uppi Ayman al Zawahiri, arftaka hryðjuverka-leiðtogans Osama bin Laden, þótt Robert Gates varnarmálaráðherra segi hann ekki jafnmikilvægan.

„Rétt eins og við bæði reyndum að hafa hendur í hári bin Ladens og tókst að drepa hann munum við örugglega gera slíkt hið sama við Zawahiri,“ sagði Mike Mullen, yfirmaður bandaríska herráðsins.

Bandarískur dómari samþykkti í gær að fella niður ákærur á hendur bin Laden, enda er hann ekki lengur á lífi. - gb

Beinbrot í Vestmannaeyjum:

## Tvö vinnuslys á tveimur dögum

**VESTMANNAEYJAR** Tvö vinnuslys urðu í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum á tveimur dögum í vikunni. Á þriðjudag festi maður hönd í færbandi og handleggsbrotnaði. Fyrst var talið að brotið væri svo alvarlegt að flytja þyrfti manninn á sjúkrahús í Reykjavík, en þess gerðist ekki þörf.

Á miðvikudag klemmdi maður síðan fingur í lyftara og var fluttur á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja með brotinn fingur. - peb

Seðlabankastjóri Evrópusambandsins segir reynsluna af evrusamstarfinu góða:

## Efla þarf regluverk og eftirlit

**EVROPUSAMBANDIÐ** Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri Evrópusambandsins, hefur í liðinni viku við nokkur tækifæri rætt nauðsyn þess að gerðar verði breytingar á regluverki evrunnar. Hann segir að regluverkið, sem sett var upp seint á síðustu öld, hafi reynst veikburða og í ofanálag hafi því ekki verið fylgt nægilega vel eftir.

„Ríkisskuldakreppan í þremur af smærri ríkjum evrusvæðisins sýnir nauðsyn þess að gerðar verði viðtækar umbætur á stofnunum fjármálaeftirlits og þjóðhagseftirlits í Evrópu,“ sagði hann í ræðu fyrir í

vikunni. „Hér eru það ríkisstjórnir aðildarríkjanna sem þurfa að búa til stofnanir sem henta fullbúna efnahags- og myntbandalagi.“ Hann segir hins vegar ástæðulaust að hafa sérstakar áhyggjur af evrusamstarfinu þótt aðstæður aðildarríkjanna séu mismunandi. Munurinn á aðildarríkjum evrusvæðisins sé ekki meiri en munurinn á einstökum ríkjum Bandaríkjanna. Hann telur reynsluna af myntsamstarfinu almennt góða, það hafi til dæmis tryggt meiri verðstöðugleika í evruríkjunum undanfarnin tólf ár en næstu hálfu öldina þar á undan. - gb



JEAN-CLAUDE TRICHET Myntbandalagið hefur tryggt stöðugleika þrátt fyrir veikburða regluverk. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm stofnanir SP álykta:

## Koma í veg fyrir val á kyni

**JAFNRÉTTISMÁL** Grípa verður til brýnna aðgerða til að stemma stígu við því að foreldrar vilji frekar eignast drengi en stúlkur.

Mannréttindastjóri, Mannfjöldastofnun, Barnahjálpar og Jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafa gefið út yfirlýsingu um þetta.

Stofnanirnar segja val á kyni vera dæmi um viðvarandi óréttlæti gagnvart konum og brot á mannréttindum kvenna. Nú er svo komið að sums staðar eru drengir 130 á hverjar 100 stúlkur. - peb

## Snjóvarnargirðing ver kálgarð fyrir kanínum

Villtar kanínur á útivistarsvæðum borgarinnar valda skemmdum á gördum og trjágróðri. Garðeigandi kallar eftir aðgerðum borgaryfirvalda. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins segir að málið sé í vinnslu og úttekt standi yfir.

**DÝRALÍF** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur stendur í sumar fyrir könnun á kanínustofni borgarinnar. Er vonast til þess að í haust liggi fyrir nægar upplýsingar til að skipuleggja aðgerðir til að stemma stígu við fjölgun og útbreiðslu stofnsins.

Villtum kanínum hefur fjölgað mikið undanfarnin ár og ekki eru allir sáttir við tilvist þeirra.

Arnar Tómasson á matjurtagarði í Elliðaárdal og segir kanínurnar valda stórskæða á svæðinu.

„Það gildir bæði um matjurtagarða og gróður almennt þar sem þær naga börk af trjám á útivistarsvæðum. Við höfum til dæmis þurft að girða í kringum okkar garð með snjóvarnargirðingu til að fá frið fyrir kanínum.“

Arnar tekur fram að hann hafi ekkert á móti kanínum sem gældýrum ef þeim sé haldið innan heimila eða í heimilsgörðum.

„Þær eru voða fallegar en eiga ekki heima í íslenski náttúru. Þetta er verulegt vandamál og mér finnst synd að Reykjavíkurborg skuli ekki hafa tekið á þessu máli.“

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að kvartanir hefðu borist og málið sé komið á dagskrá borgaryfirvalda.

„Heilbrigðisnefnd tók þetta mál fyrir á síðasta fundi til að vekja það aftur til umræðu, en



SKAÐVALDAR Kanínurnar valda skemmdum á gördum og trjágróðri eins og sést á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samkvæmt lögum eru kanínur búfé og lausaganga þeirra því óheimil þótt þær megi halda innan girðinga eða í búrum.

ÁRNÝ SIGURÐARDÓTTIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
HEILBRIGÐISEFTIRLITSINS

það var talsvert til umfjöllunar í fyrra. Samkvæmt lögum eru kanínur búfé og lausaganga þeirra því óheimil þótt þær megi halda innan girðinga eða í búrum. Borgin hefur hins vegar ekki heimildir til að veiða kanínur nema með undanþágu frá umhverfisráðuneyti.“

Árný bætir því við að út frá náttúruverndarsjónarmiðum telji sumir kanínur aðskotadýr en aðrir líti svo á að dýrin séu komin til að vera í íslenski náttúru. Þær

valdi hins vegar ýmsum skaða, til dæmis á gróðri í borgarlandinu og í gördum fólks, auk þess sem þær valdi usla í fuglalífi og varpi og geti valdið hættu í umferðinni.

Málið sé því flókið en engu að síður þurfi að móta vel ígrundaða stefnu í samráði við fagfólk.

„Umhverfis- og samgöngusvið er þess vegna að ráða starfsmann til að gera úttekt á stofninum í borgarlandinu í sumar og vinna skýrslu um málið. Þannig verðum við með betri forsendur til að marka okkur stefnu í haust og svo vinnum við út frá því,“ segir Árný.

Arnar leggur hins vegar áherslu á að málið þoli ekki mikla bið.

„Við erum að basla við að rækta upp landið okkar, en mér er spurn af hverju við erum að leggja það á okkur ef við tökum svo ekki á meindýrum sem skemma fyrir okkur.“

thorgils@frettabladid.is

Hörð átök í Sýrlandi:

## Enn er skotið á mótmælendur

**SÝRLAND, AP** Öryggissveitir skutu á þúsundir mótmælenda í Sýrlandi í gær. Að minnsta kosti fimmtán manns létu lífið, þar af einn unglingspiltur.

Mótmælin í landinu hafa nú staðið yfir linnulítið í þrjá mánuði þrátt fyrir hörð viðbrögð stjórnvalda. Bashir Assad forseti ætla ekki að láta undan kröfum um afsögn, heldur virðist enn vera um að geta bælt niður mótmælaölduna.

Mannréttindasamtök segja nærri 1.500 manns hafa látið lífið og yfir tíu þúsund verið handteknir. - gb



BASHAR ASSAD

### FJARÐABYGGÐ

#### Fólki fjölgar á ný

Íbúum í Fjarðabyggð hefur fjölgað frá því í byrjun ársins. 153 nýir íbúar fluttu frá því í desember 2010 og fram í lok maí 2011. Á sama tíma fluttu 132 í burtu. Því fjölgaði íbúum um 21. Árið 2010 hafði íbúum í bæjarfélaginu fækkað talsvert, en nú eru þeir 4.605 talsins.

### LEIÐRÉTTING

#### Um hátíðarhöld 17. júní

Í umfjöllun blaðsins í gær um sögu hátíðarhalds á 17. júní var ranglega sagt að Kristjana Milla Thorsteinsson hefði fyrst flutt ávarp Fjallkonunnar. Sökum veðurs var hætt við flutning hennar og Alda Möller var því fyrsta Fjallkonan árið 1947. Þá er ekki rétt að styttu Jón Sigurðssonar hafi verið afhjúpuð á Austurvelli því hún stóð við Stjórnamráðið fram til ársins 1931. Loks er ónákvæmt að segja að fyrstu hátíðarhöldin á 17. júní hafi verið 1911 því að ýmis félagasamtök höfðu fagnað þessum tímamótum áður.

Olíuframleiðsla Norðmanna dregst saman níunda árið í röð:

## Segja enga ástæðu til að örvænta

**NOREGUR** Olíuframleiðsla Norðmanna dróst saman um 9,4 prósent í fyrra og hefur nú dregist saman í nú ári í röð. Þetta kemur fram í ársskýrslu olíurísans BP sem Dagens Næringsliv sagði frá í vikunni.

Staða Noregs sem olíuveidis hefur dalað mikið síðustu ár, sem sést einna best á því að árið 2001 var Noregur í sjötta sæti yfir mestu olíuframleiðendur heims en er nú í því þrettándasta ásamt Brasilíu með um 2,1 milljónir tunna á dag.

Á meðan framleiðsla Norðmanna dróst saman jókst framleiðsla á heimsvísu um 2,7 milljónir tunna á dag, eða 3,1 prósent.

Þessi þróun hefur vakið upp spurningar um framtíð olíuvinnslu í Noregi, en sérfræðingur BP sagði að með þessu áframhaldi yrðu núverandi olíulindir uppnar innan níu ára.

Ola Anders Skauby, talsmaður Statoil, sagði í samtali við ríkisútvarpið NRK að þótt samdráttur væri staðreynd væri ekki ástæða til að örvænta, enda væru miklar vonir bundnar við olíuleit á nýjum svæðum sem og tækninýjungar í olíuvinnslu.

„Við munum framleiða olíu í marga áratugi til viðbótar,“ segir Skauby. - pj



OLÍUFAMLEIÐSLA Noregur hefur fallið niður í þrettándasta sæti yfir helstu olíuframleiðsluríki heims. Statoil telur ekki ástæðu til að örvænta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Úrval af málverkum Frábær verð



Gallery Art 2b Erum á móti IKEA

Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 800 800 - www.art2b.is



**TAX FREE**  
**ALLAR**  
**GARÐPLÖNTUR**  
LÝKUR UM HELGINA

**TAX FREE\***  
**GRILL - GARÐPLÖNTUR - GARÐHÚSGÖGN**



**TAX FREE\***  
**GRILL**  
LÝKUR UM  
HELGINA

Eitt mesta  
úrval landsins  
af grillum!

**TAX FREE\***  
**GARÐHÚSGÖGN**  
LÝKUR UM  
HELGINA

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI

**LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ**  
HÚSASMIÐJUNNAR

\*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

**blómavali**



**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 16.06.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,59	117,15
Sterlingspund	187,83	188,75
Evra	164,39	165,31
Dönsk króna	22,039	22,167
Norsk króna	20,924	21,048
Sænsk króna	17,896	18,000
Japanskt jen	1,4444	1,4528

SDR 184,74 185,84

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,5547

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Skýrsla sérfræðihóps

## Skipt um hugarfar

„Við hverfum ekki aftur til þess tíma að við getum unnið fisk í hverjum firði og hverri vík – sá tími er einfaldlega liðinn,“ segir Björn



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Valur Gíslason, alþingismaður VG og meðlimur í sjávarútvegsnefnd Alþingis, um álit sérfræðihóps sjávarútvegsráðherra. Björn segir álitid í takti við fyrri úttektir. Illa sé tekið í að aflaheimildir séu fyrndar þegar gildistíma laganna ljúki og takmarkanir á framsalsheimildum. „Kannski þurfum við að skipta um það hugarfar að viðhalda byggð í landinu með því að dreifa aflaheimildum sem mest í það að nýta arðinn af auðlindinni í að skapa ný atvinnutækifæri.“ - gar

## Algjör áfellsdómur

„Þetta er hreinn áfellsdómur yfir vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og því sem hún setur fram í frumvarpinu,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, sem situr í sjávarútvegsnefnd Alþingis fyrir Framsóknarflokkinn, um skýrslu sérfræðihóps sjávarútvegsráðherra.



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

„Það er einboðið að henda þessu frumvarpi til hlíðar og hefja þessa vinnu upp á nýtt á grundvelli samráðs allra aðila,“ segir Sigurður. „Þá sýnir þetta að svokallað minna frumvarp sem þingið var að afgreiða var gert á ákaflega hæpnum forsendum. Vonandi hefur það ekki eins alvarlegar afleiðingar og mann gæti grunað við lestur skýrslunnar.“ - gar

Mikilvægt að ósk Jóns Sigurðssonar um íslenska stjórnarskrá rættist:

## Minningu Jóns sómi sýndur

**HÁTÍÐARHÖLD** „Eitt af stóru verkefnum fram undan er að móta samfélagi okkar nýja stjórnarskrá, nýjan samfélagssáttmála um stjórnkerfi landsins og grundvallarreglur,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í hátíðarræðu sinni á 17. júní og vísaði til þjóðfundarinnar í Lærða skólunum árið 1851 þar sem fyrsta tilraunin til að semja stjórnarskrá fyrir Ísland fór út um þúfur.

„Það er í raun merkilegt að nú fyrst, 160 árum eftir að þjóðfundinum var slitið, skuli hilla undir fyrstu alíslensku stjórnarskrána

“ Fyrst nú hafa handhafar valdsins stigið það skref að fela óháðum fulltrúum þjóðarinnar að móta nýjar leikreglur.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR  
FORSÆTISRÁÐHERRA

á vettvangi stjórnlagaráðs. Fyrst nú hafa handhafar valdsins stigið það skref að fela óháðum fulltrúum þjóðarinnar að móta nýjar leikreglur fyrir íslenskt samfélag, án

afskipta stjórnmalaflokka, framkvæmdarvalds eða löggjafarvalds.“ Jóhanna sagði að á þjóðfundinum fyrir 160 árum hefði Trampe greiði haft völdin í sínum höndum.

„Nú, árið 2011, er það Alþingi Íslendinga sem getur brugðist við tillögum stjórnlagaráðs og sett þær í hendur fólksins í landinu. Minningu Jóns Sigurðssonar verður vart meiri sómi sýndur en með því að þegar tvær aldir eru liðnar frá fæðingu hans rættist ósk hans um íslenska stjórnarskrá – stjórnarskrá fólksins í landinu.“ - gb

Garður selur hlut í HS Orku:

## Fénu varið í framkvæmdir

**GARÐUR** Sveitarfélagið Garður hefur selt hlut sinn í HS Orku fyrir rúmar 90 milljónir króna. Bæjarstjórnin hefur ákveðið að verja fénu í ýmsar framkvæmdir í bænum á næstu þremur árum.

Ætlunin er að byggja upp tjaldstæði og sjósundastöðu, bæta aðengi fatlaðra og fjölga atvinnutækifærum þeirra. Þá á að kaupa nýjar tölur og tæki fyrir eldri borgara og unglinga. Einnig er áætlað að laga og gera göngustíga og gangstéttir og byggja upp safnasvæði. - þeb

## Falleinkunn á frumvarp Jóns

Hópur sérfræðinga segir frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða fá ráðherra of víðtæk völd, fela í sér óhóflegt auðlindagjald og veikja eiginfjárstöðu útgerða. Pólitískt og hagrænt mál segir ráðherra.

**SJÁVARÚTVEGUR** Frumvarp Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða fær afar harða gagnrýni frá sérfræðihópi sem Jón skipaði.

Sérfræðihópurinn, sem tók til starfa í apríl, tók á mismunandi hagrænum áhrifum af frumvarpi Jóns sem lagt hefur verið fram á Alþingi en bíður frekari umfjöllunar á þeim vettvangi til haustsins.

Auðlindagjald á útgerðafyrirtæki sem lagt er til í frumvarpinu getur ekki talist hóflegt að teknu tilliti til annarra þátta frumvarpsins, segir í niðurstöðum sérfræðihópsins sem skipaður var fimm mönnum. Ekki sé hægt að horfa á gjaldtökuna í afmörkuðu tilliti. „Þannig er gjaldtakan einungis hófleg sé hún skoðuð ein og sér. Í samhengi við aðrar tillögur frumvarpsins getur hún hins vegar ekki talist það,“ segja sérfræðingarnir.

## Vara við valdi ráðherra

Í frumvarpi ráðherrans er reiknað með nýtingarrétti á aflaheimildum til fimmtán ára. „Sérfræðihópurinn telur úthlutunartímam samkvæmt frumvarpinu mjög skamman og að óvissan um framlengingu, bæði eftir 15 og 23 ár brjóti í bága við inntak samningaleiðar,“ segir hópurinn.

Þá varar hópurinn við breytingum á fiskiveiðistjórnunarkerfinu sem takmarki getu fyrirtækja til að nýta sér tækifæri á markaði eða dragi úr hvata til langtímahugsunar.

Mjög harðri gagnrýni er síðan beint að þeim meginþætti frumvarpsins að setja hluta aflaheimilda í svokallaða potta sem úthlutað sé af ráðherra. Sérfræðingarnir segja ráðherra með þessu óðlast víðtækt vald. Stjórnmalamenn séu ekki ólíkir öðru fólki. „Þeir taka ákvarðanir sem taka mið af eigin hag líkt og aðrir,“ vara sérfræðingarnir við og benda á að almenningur, sem eigi



JÓN BJARNASON Frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða fær harða útreið hjá sérfræðihópi sem ráðherrann skipaði sjálfur til að meta hagræn áhrif frumvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

“ Þetta bann jafngildir því að hækka eiginfjárkröfu sjávarútvegsfyrirtækja langt upp fyrir það sem eðlilegt er talið í öðrum greinum.

SÉRFRÆÐIHÓPUR  
SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

lítilla hagsmuna að gæta, veiti lítið aðhald en hagsmunahópurinn sem sé samþjappaður og eigi mikið undir leggi sig fram „af öllu afli“.

## Fjandsamlegt nýliðun

Sérfræðingarnir segja að takmarkanir á framsali veiðiheimilda geri nýliðun erfiðari í þeim hópi sem hafi almennar veiðiheimildir. Bann við veðsetningu muni gera fjármögnun útgerðar dýrari. „Einungis þeir sem hafa úr öðrum veinum að ráða eða koma með mikið eigið fé inn í útgerð

eiga möguleika á að hefja útgerð í flokki 1 [almenna flokknum]. Að þessu leyti er frumvarpið beinlínis fjandsamlegt nýliðun,“ segir sérfræðihópurinn sem kveður framsal kvótans stuðla að hagkvæmni. „Sérfræðihópurinn mælir því eindregið gegn slíkum takmörkunum.“

Sterklega er varað við þeirri leið að nota sjávarútvegin til að ná fram byggðapólitískum markmiðum. „Á þann hátt er dregið úr rekstrarlegri hagkvæmni greinarinnar og þar með samkeppnishæfni hennar á alþjóðlegum mörkuðum,“ segja sérfræðingarnir og undirstrika að það sé pólitísk ákvörðun hvort almannavaldið eigi að bregðast við staðbundinni þróun sem veiki einstök byggðarlög. Eðlilegt sé að gera slíkt þá á samfélagslegum grunni en ekki leggja það á herðar einnar atvinnugreinar.

**Ráðherra horfir til atvinnuöryggis**  
Bann við veðsetningu kvótans

## Sérfræðihópur sjávarútvegsráðherra

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipaði í lok mars sérfræðihóp til að fara yfir hagræn áhrif frumvarps um breytingar á stjórn fiskveiða. Í hópnun voru Axel Hall hagfræðingur, sem var formaður, Daði Már Kristófersson hagfræðingur, Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur, Sveinn Agnarsson hagfræðingur og Ögmundur Knúttsson viðskiptafræðingur. Starfsmaður hópsins var Stefán B. Gunnlaugsson sjávarútvegsfræðingur.

er að sögn sérfræðinganna óráðlegt. „Þetta bann jafngildir því að hækka eiginfjárkröfu sjávarútvegsfyrirtækja langt upp fyrir það sem eðlilegt er talið í öðrum greinum,“ segja þeir og bæta því við að eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja muni rýrna um fimmtíu prósent – varlega áætlað. „Frumvarpið leiðir því til þess að mun erfiðara verður fyrir fyrirtækin að halda áfram rekstri og vart réttlætlanlegt hjá mörgum þegar raunverulegt verðmæti eigna verður langtum meira en virði skulda.“

Hvorki náðist í Jón Bjarnason né Lilju Rafney Magnúsdóttur, formann sjávarútvegsnefndar Alþingis, í gær. Í tilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu segir hins vegar að það sé mat ráðherrans að það sé „pólitísk ákvörðun, en ekki eingöngu hagfræðileg, hvernig fiskiveiðistjórnuninni er háttað og hvernig tekið er tillit til margháttaðra aðstæðna. Má hér sérstaklega nefna atvinnuöryggi íbúa í sjávarbyggðunum og ýms jafnræðis- og mannréttindasjónarmið.“

gar@frettabladid.is

## HÓPKAUP.IS Í DAG

GLÆSILEGT HÁDEGISVERÐARHLAÐBORD Á MADONNU

690 kr.

GILDIR Í 48 TÍMA

Verð  
1.860 kr.Afsláttur  
58%Afsláttur í kr.  
970 kr.

10 viðskiptavinum þarf til að virkja tilboðið

Pizzur, pasta, salat,  
nýbakað brauð, súpa  
og ísköld kók í gleri.

www.madonna.is

HÓPKAUP

í krafti fjöldans


hópkaup.is

## VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir  
veður-  
fréttamaður

**FÍN HELGI!** Helgarspánin er ljómandi góð. Vindur verður fremur hægur en hætt er við að hafgola láti á sér kræla. Í dag má búast við stöku skúrum en á morgun verður úrkomulítið að mestu og nokkuð bjart. Hlýnar norðantil á landinu.

Á MORGUN

Hæg A-læg eða  
breytileg átt.

MÁNUDAGUR

Fremur hægur  
vindur.

## HEIMURINN

Alicante	31°
Basel	24°
Berlín	22°
Billund	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	24°
London	17°
Mallorca	29°
New York	29°
Orlando	33°
Ósló	16°
París	19°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



Við óskum konum og körlum til hamingju með það sem áorkast hefur í jafnréttismálum á Íslandi frá því að konur fengu kosningarétt þann 19. júní 1915. En betur má ef duga skal.

Íslandsbanki vill leggja sitt af mörkum og hefur því undirritað jafnréttisáttmála UN Women og UN Global Compact. Með því lýsir bankinn yfir að hann muni fara eftir sjö viðmiðum sáttmálans til þess að vinna að jafnrétti kynjanna innan bankans. Jafnframt fékk Íslandsbanki nýlega afhent Gæfusporið 2011, viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri, en það er veitt því íslenska fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr við að virkja kraft kvenna innan sinna raða.

## KJÖRKASSINN



Heldur þú sautjándna júní hátíðlegan?

Já 46%  
Nei 54%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Er kvótafrumvarpi Jóns Bjarnasonar við bjargandi?

Segðu skoðun þína á vísir.is



6

Segir erlenda fjárfesta hafa trú á íslensku leiðinni út úr kreppunni:

# Gæfa Íslands að vera utangarðs

**EFNAHAGSMÁL** „Gæfa Íslands var sú að það uppfyllti ekki skilyrði fyrir björgun úr vandanum,“ skrifar Ásgeir Jónsson hagfræðingur í grein sem birtist á vef Wall Street Journal í fyrradag.

„Úr því Ísland var ekki í Evrópusambandinu og þrot bankakerfis þess vakti ekki upp neinn ótta við „smíthættu“ fengust engir af öðrum helstu seðlabönkum heims til að útvega lánsfé í hugsanlegan björgunarpakka handa íslensku bönkunum,“ segir Ásgeir, sem áður var forstöðumaður greiningardeildar

Kaupþingsbanka en kennir nú við Háskóla Íslands.

Hann segir vel heppnað gjaldþyrpingu Seðlabankans upp á þrettán milljarða króna fyrir í mánuðinum sýna að fjárfestar hafi trú á leið Íslands út úr kreppunni.

Í greininni rekur hann aðdraganda kreppunnar haustið 2008 og viðbrögð Íslands við henni, sem í fyrstu vöktu hörð viðbrögð en hafa nú, að mati Ásgeirs, sannað gildi sitt.

„Írsku stjórnin stóð frammi fyrir sama vanda og Íslendingar



ÁSGEIR JÓNSSON

árið 2008 en brást við með því að gangast í allsherjarábyrgð sem breytti peningum skattgreiðenda í veðtryggingu fyrir skuldir írsku bankanna.“ Þessa ábyrgð sitji

Írar nú uppi með og sjái ekki enn fyrir endann á þeim vanda.

- gb

## Sameinuðu þjóðirnar álykta: Styðja rétt samkynhneigðra

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Sameinuðu þjóðirnar hafa nú, í fyrsta sinn í sögu sinni, lýst yfir stuðningi við réttindi samkynhneigðra.

Bandaríkin, Evrópuríki og ríki Suður-Ameríku greiddu ályktun þess efnis atkvæði sitt og segja þetta mikilvæg tímamót en fulltrúar Afríkurríkja og íslamskra ríkja fordæma ályktunina.

Ályktunin er reyndar varlega orðuð, en þar er lýst alvarlegum áhyggjum af illri meðferð sem fólk má þola vegna kynhneigðar sinnar.

- gb

## LÖGREGLUFRETTIR

### Hestur á miðjum vegi

Hross stöðvaði alla umferð við Vesturlandsveg um hádegisbil í gær. Hrossið hafði sloppið úr gerði við Mosfellsbæ og gerði sig heimakomið á miðjum veginum. Ökumenn þurftu að hemla snarlega til þess að aka ekki á hrossið. Nokkrir vegfarendur tóku sig saman og náðu hrossinu og komu því aftur í gerðið. Umferð komst í eðlilegt horf eftir tafir í báðar áttir.

## BANDARÍKIN

### Kvaðst njóta friðhelgi

Fyrirverandi framkvæmdastjóri AGS, Dominique Strauss-Kahn, hélt því fram við handtökuna í New York að hann nýti diplómatisrar friðhelgi. Hann var handtekinn þegar hann reyndi að komast úr landi eftir að hafa gert tilraun til að nauðga hótelpöru í New York. Yfirlýsingin um friðhelgi þykir röng enda hafa lögmenn Strauss-Kahn ekki haldið slíku fram.



**KREFJAST EFNDA** Aðilar vinnuarkaðarins eru ósáttir við efndir stjórnvalda á aðgerðum vegna kjarasamninga. Í næstu viku ræðst hvort samningum verður sagt upp og ný samningalota hefst í upphafi næsta árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FYRIR VANDLÁTA



Ryðfrítt  
79.900  
FULLT VERÐ  
95.000

16,5  
kw/h

### Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN  
Er frá Þýskalandi

Opið laugardaga til kl. 16

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

**FÆST EINNIG HJÁ ORMSSON - ÁRVIRKINN SELFOSSI MODEL AKRANESI RADIÓNAUST AKUREYRI GEISLA Í EYJUM**

# Forsendubrestur gæti stytt kjarasamninga

Kjarasamningar til þriggja ára velta á fundi SA og ASÍ með stjórnvöldum á mánudag. Aðilar vinnuarkaðar telja að forsendur samninganna séu að bresta. Verði af ógildingum gilda samningarnir með umsömdum kjarabótum fram í janúar.

**KJARAMÁL** Aðilar vinnuarkaðarins telja skorta á efndir stjórnvalda í mörgum af þeim lykilatriðum sem þau tiltóku í aðgerðaáætlun sinni vegna nýrra kjarasamninga. Því gætu forsendur samninganna verið brostnar.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) munu funda með fulltrúum stjórnvalda á mánudag, en eftir hann gætu ASÍ og SA ákveðið að ógilda þriggja ára samninginn. Komi til þess munu umsamdar hækkunar þessa árs gilda fram til loka janúar á næsta ári en eftir það hæfist samningarmáa á ný.

Meðal annars er deilt á að útlit sé fyrir að hagvöxtur verði minni en ráðgert hafi verið, gengi krónunnar verði haldið niðri næstu misseri og ekki örlí enn á þeim umfangsmiklu opinberu framkvæmdum sem hafi verið boðaðar.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að yfirlýsingar stjórnvalda um að gengi krónu verði haldið veiku á næstunni séu alls ekki í samræmi við forsendur samninganna.

„Það er erfitt fyrir okkur að taka ákvörðun um að láta kjarasamning gilda í þrjú ár án þess að vita nákvæmlega hvaða stefnu stjórnvöld hafa í efnahagsmálum, meðal annars hvað varðar krónuna. Það er forsenda í okkar kjarasamningi að krónan styrkist markvert á þessu ári og verulega á næsta ári, en ef ríkisstjórnin er ekki með slíkt á sinni stefnuskrá skil ég vel að menn staldri við.“

Innan SA er ekki minni óvissa um framhaldið að sögn Helga Magnússonar, formanns Samtaka

### Telur hættu á að árið 2011 glatist

Helgi Magnússon segir að hættu sé á að árið 2011 glatist Íslendingum líkt og árin tvö þar áður. „Það eru mikil vonbrigði og það leiðir til þess að Samtök atvinnulífsins verða nú að staldra við og meta það af fullri alvöru hvort grundvöllur sé fyrir því að halda lífi í hugmyndinni um þriggja ára samning.“

Hann segir að margir hallist að því að ef ekki verði sköpuð skilyrði til hagvaxtar upp á 4 til 5 prósent gæti verið rétt að segja samningum upp frá og með 1. febrúar, „enda sé óábyrgt að halda áfram með þriggja ára samning og umtalsverð útgjöld fyrir atvinnulífið við þessar aðstæður.“

Slíkt muni einungis leiða til verðbólgu með tilheyrandi vaxtahækkunum, en ekki sé öll nótt úti enn.

„Ég er þeirra skoðunar að Íslendingar hafi haft og hafi enn mikil tækifæri til að komast hratt út úr áföllum árunna 2008 og 2009 en þá þarf að nýta tækifærin og forgangsraða með markvissum hætti. Það er ekki að gerast og því er mikil óvissa um framhaldið. Það vantar öflugna forystu um endurreisn Íslands á grundvelli hagvaxtar.“



### Samningar styttir

SA og ASÍ gerðu með sér aðfararsamning í maí þar sem gildandi kjarasamningar voru framlengdir til 22. júní. Ef aðilar telja ekki forsendur fyrir þriggja ára samningum getur hvor um sig framlengt aðfararsamninginn til 31. janúar 2012.

Umsamdar hækkunar á því tímabili munu þó koma til framkvæmda. Ef ASÍ tekur þá ákvörðun fellur hins vegar úr gildi álag á desember-uppbót og orlofsuppbót.

iðnaðarins og stjórnarmanns í framkvæmdastjórn SA.

„Við gengum þýsna langt varðandi hækkunar og aukin útgjöld atvinnulífsins í trausti þess að hagvöxtur á samningstímanum yrði ekki á bilinu

0 til 2 prósent eins og nú stefnir í heldur 4 til 5 prósent, sem er forsenda þess að atvinnulífið geti ráðið við hækkun launa án þess að það leiði til verðhækkana og verðbólgu.“

Helgi segir atvinnulífið hafa tekið áhættu og gengið eins langt og hægt hafi verið, í trausti þess að „allir legðust á eitt til að koma hagvexti á skrið“, ekki síst með auknum stórfamkvæmdum og því að eyða óvissu í sjávarútvegi.

„Ekkert af þessu er að ganga eftir. Ófriður ríkir enn um sjávarútveginn og ekkert er að fara í gang á sviði stórfamkvæmda.“

Hann bendir einnig á að verðbólga sé tekin að aukast og Seðlabankinn hafi boðað vaxtahækkunar, en við slíkar aðstæður sé ekki innstæða fyrir launahækkunum og kjarabætur verði engar í verðbólgu.

thorgils@frettabladid.is



## Sanngirnissbætur Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

skólaheimilinu Bjargi og  
vistheimilinu Reykjahlíð

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á skólaheimilinu Bjargi einhvern tíma á árabílinu 1965-1967 eða á vistheimilinu Reykjahlíð einhvern tíma á árabílinu 1956-1972 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20. september 2011. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnissbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. september 2011 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045.

Siglufirði 3. júní 2011  
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

NÝTT  
VISA  
TÍMABIL

TAX FREE  
DAGAR

TAX  
FREE  
DAGAR

*Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 16. - 19. júní  
afnemunum við VSK af  
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra  
og barnafatnað, undirföt,  
sokka og sokkabuxur án  
virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 19. júní 2011.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## Barnsins stoð og stytta



Handhægar  
umbúðir  
með tappa



Nánari upplýsingar um  
Stoðmjólk á [www.ms.is](http://www.ms.is)



**NAMMIÐ GÓÐA** Þessar ungu stúlkur slepptu því ekki að fá sér brjóstsykurssnuð í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**VEIFAÐI FÁNA** Á þjóðhátíðardegi er fánur veifað.

## Þjóðin fjölmennti á hátíðarhöldin í gær

Þjóðhátíð var haldin hátíðleg með hátíðardagskrá víða um land í gær. Í Reykjavík var dagskráin með hefðbundnu sniði en meira var lagt í hátíðarhöld á Hrafnseyri en venjulega, enda voru rétt 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

**HÁTÍÐARHÖLD** Tugþúsundir Reykvíkinga lögðu leið sína í miðbæinn í gær þar sem hátíðardagskrá í tilefni 17. júní var með hefðbundnu sniði. Hátíðarræður voru haldnar á Austurvelli fyrir hádegi, skemmtun fyrir börnin síðdegis og tónleikar á Arnarhóli um kvöldið.

Talsverður mannfjöldi kom einnig saman á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðardóttir forsætisráðherra skýrði frá því að menningarsetur yrði stofnað á Hrafnseyri. -gb



**SÝNDU LISTIR SÍNAR** Skemmtiatriðin í miðbænum voru fjölbreytileg og leyndust víða.

### Auglýsingasími

# 512 5050



Allt sem þú þarft...

## Sólarmegin

Gönguferð TM um sumarsólstöður

Á lengsta degi ársins, þriðjudagskvöldið 21. júní, býður TM til Esjugöngu með leiðsögn reyndra fararstjóra frá Ferðafélagi Íslands.

Allir viðskiptavinir TM eru velkomnir ásamt fjölskyldum sínum.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tm.is](mailto:tm@tm.is) / [www.tm.is](http://www.tm.is)

Göngufólk safnast saman í Esjustofu við rætur Esju (hjá Mógilsá) kl. 20.00 þar sem farið verður í léttu upphitun. Gangan hefst svo kl. 20.30.

Fararstjórar FÍ fræða göngufólk um náttúru og sögu og það sem fyrir augu ber. TM gefur öllum göngugörpum buff og vatnsflösku. Að göngu lokinni býður TM upp á kakó og klatta í Esjustofu, sem verður opin allt kvöldið.



Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt





# 20

Nr. 20: Fundir í öllum landshlutum um fjárfestingu í atvinnulífi

AÐGERDIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Húsavíkurhöfn þar sem ferðamennska hefur vaxið ört undanfarin ár.

**Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.**

## Við höfum heimsótt 25 sveitarfélög um land allt

**Landsbankinn hefur haldið** fundi með sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum víðs vegar um landið á síðustu vikum til að hlusta og læra af heimamönnum og kanna með hvaða hætti bankinn getur stutt við uppbyggingu atvinnulífsins. Fjölmörg áhugaverð fyrirtæki í ólíkri starfsemi voru einnig heimsótt til að kynna rekstri þeirra og framtíðarsýn.

### Hreyfiafl í atvinnulífinu

Landsbankinn ætlar að vera hreyfiafl í atvinnulífinu og hefur í þeim tilgangi fundað með hagsmunaaðilum um stöðu atvinnumála og tækifæra til fjárfestingar í atvinnulífinu með forsvarsmönnum sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og annarra hagsmunaaðila í öllum landshlutum. Við áttum fundi með rúmlega þrjú hundruð manns í þeim 25 heimsóknum sem farnar voru, auk þess að hitta fjölda stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja.

### Hlustað og lært

Við höfum hlustað og lært af heimamönnum og erum um margs fróðari um stöðu og framtíðarsýn í atvinnu-



Á síðustu vikum hefur Landsbankinn hitt forsvarsmenn sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga í öllum landshlutum.

málum sveitarfélaganna. Það er hugur í mönnum og tækifærin liggja víða.

Við munum vinna að verkefnum sem koma frekari hreyfingu á hjól atvinnulífsins um allt land og viðhalda þeim tengslum sem hafa myndast við atvinnuþróunar- og sveitarfélög.

### Tuttugasta lofordið

Heimsóknirnar voru tuttugasta lofordið á aðgerðalista okkar. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.



Hagfræðinganevnd rífur niður kvótafrumvarpið:

## Ekki steinn yfir steini

Skýrsla hóps hagfræðinga, sem Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra valdi sjálfur til að greina áhrif frumvarps síns um breytingar á fiskveiðistjórnuninni á hag sjávarútvegsins, er samfelldur áfellingisdómur yfir málinu. Hagfræðingahópurinn tekur undir nánast öll atriði í þeirri gagnrýni sem þegar hefur komið fram á frumvarpið – og gott betur. Hann rífur mála-tilbúnað sjávarútvegsráðherrans niður þannig að þar stendur ekki steinn yfir steini.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Það eina jákvæða í umsögn hagfræðinganna um stóra frumvarpið svokallaða, sem felur í sér heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnuninni, er að hækkun auðlindagjalds sé innan hóflega marka – ef hún sé skoðuð einangrað. Sé hún hins vegar sett í samhengi við önnur ákvæði frumvarpsins sé hún of mikil. Sé vegið að möguleikum sjávarútvegsins til hagræðingar og langtíma-hagkvæmni skerði það afkasturinn af auðlindinni og þar með getu sjávarútvegsins til að standa undir gjaldtökunni.

Mörg önnur ákvæði frumvarpsins telja hagfræðingarnir einmitt ganga gegn hagræðingu og langtímahagkvæmni í greininni. Þeir gagnrýna þannig of skamman gildistíma nýtingarsamninga útgerðarinnar og óvissu um hvað taki við. Þeir segja strandveiðar óhagkvæmar og hvetja til brottkasts. Með byggðakvóta sé lagt á sjávarútveginn, einn atvinnugreina, að koma til móts við byggðavanda í stað þess að mæta honum með öðrum leiðum. Geðþóttavald sjávarútvegsráðherra um úthlutun úr kvótapottum sé líklegt til að leiða til sóunar. Útleiga á kvóta muni skerða afkomu útgerða sem fyrir eru og vegna ákvæða um leigu til eingöngu árs í senn verði mjög erfitt að fjármagna fjárfestingar í bátum og búnaði.

Bann við veðsetningu aflaheimilda segja hagfræðingarnir að dragi úr fjárfestingargetu og tæknipróun greinarinnar og það sé beinlínis fjandsamlegt nýliðun, vegna þess að eingöngu fjársterkir aðilar geti þá fjármagnað kaup á útgerð í rekstri. Takmarkanir á framsali kvóta grafi undan því grundvallaratriði aflamarkskerfisins að viðskipti með aflaheimildir grisji úr þá aðila sem síður standa sig í veiðum og hleypi þeim að sem standa betur að vígi. Hagfræðingarnir mæla eindregið gegn þessum takmörkunum.

Þess má sjá stað í fréttatilkynningunni sem Jón Bjarnason sendi út um álit hagfræðinganna að hann ætlar að reyna að komast hjá að taka mark á því. Hann segir að það sé „pólitísk ákvörðun, en ekki eingöngu hagfræðileg“ hvernig staðið sé að fiskveiðistjórnuninni.

Sjávarútvegsráðherra og þeir í stjórnarliðinu sem geta talizt búa yfir sæmilegri skynsemi geta hins vegar engan veginn leyft sér að hunza þetta álit. Aukið jafnræði og réttlæti í sjávarútvegi má ekki kaupa því verði að setja afkomu greinarinnar í uppnám og þar með eina af undirstöðum íslensks efnahagslífs.

Ríkisstjórnin hét því við gerð kjarasamninga að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði. Miðað við skýrslu hagfræðinga-hópsins er sú forsenda samninga til þriggja ára algerlega brostin.

Ríkisstjórnin á engan annan kost en að taka málið upp í heild sinni og hverfa frá því efnahagslega glapræði, sem felst í fyrirhuguðum breytingum á fiskveiðistjórnuninni.


### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ums.is

SÍÐASTI DAGUR FYRIR  
GREIÐSLUSKJÓL NÝRRA UMSÓKNA  
UM GREIÐSLUAÐLÖGUN ER

30. JÚNÍ 2011



Umboðsmaður  
skuldara



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## „Súrra sífja þorri“

Standmynd Jóns Sigurðssonar forseta á Austurvelli er dagleg áminning um að við eigum þjóðhetju. Það er góður vitnisburður um þjóðrækni Íslendinga að minnst þess með margvíslegu móti og myndarskap að tvö hundruð ár eru nú frá fæðingu hans.

Nokkrum skrefum vestan við Austurvöll er standmynd Skúla Magnússonar landfógeta. Í desember verða þrjú hundruð ár frá fæðingu hans. Engar spurnir eru af því að þeirra merku tímamóta verði minnst með þeim hætti sem efni standa til.

Fyrir hundruð árum þótti við-eigandi að minnst fæðingardaga beggja þessara höfuð-



ÞORSTEINN PÁLSSON

forvígismanna endurreisnar Íslands á átjándu og nítjándu öld. Báðir skildu þeir að verslunarfrelsið var lykillinn að framförum.

Fyrir baráttu Skúla fógeta varð verslun- in frjáls öllum þegnum Danakonungs. Fyrir baráttu Jóns forseta varð verslunin alfrjáls við allar þjóðir.

Í tilefni þessara tveggja tíma- mótadaga fyrir heilli öld þótti mönnum rétt og skylt að gera meir úr verslunarfrelsinu en nú

virðist vera. Á því minningar- ári frelsisforkólfanna sýndist sumum það vera svolítil þversögn að Alþingi taldi þá rétt að kanna hvort tiltækilegt væri að auka tekjur ríkissjóðs með því að gera innflutning á kolum, steinolíu og tóbaki háðan einkarétti.

Sams konar þverstæða birtist nú í því að Alþingi frestaði í sátt og samlyndi fyrir rúmri viku að ákveða með lögum hvernig innleiða á frjálsa verslun með gjald- eyri að nýju. Ástæðan var tíma- skortur fyrir frelsishátíðina sem var í vændum. Sá kaldi pólitíski veruleiki má vel heita „súrra sífja þorri“ svo notað sé tungutak Eggerts Ólafssonar um sambúðartíma þjóðar og einokunar.

## Skugginn á frelsishátíðinni

Ógerningur er að geta sér til um á hvern veg liðnar frelsishetjur hefðu litið á mál samtímans ef þær væru nú uppi. Í gegnum tíðina hafa menn þó brugðið nafni Jóns forseta fyrir sig í margvíslegum tilgangi. Svo kynlegt sem það er notuðu menn jafnvel nafn hans sem sverð og skjöld í baráttu gegn þátttöku Íslands í Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Framhjá þeirri staðreynd verður ekki litið nú að sá skuggi fellur á hátíðahöldin að frelsi fólks og fyrirtækja til þess að eiga

óhindruð viðskipti í gjaldgengri mynt er verulega takmarkað. Upplausn gjalddeyrishaftanna er grundvallarmál. Þau takmarka framfarasökn þjóðarinnar eftir sömu lögmálum og þeir verslunarfjótrar sem Skúli fógeti og Jón forseti áttu stærstan þátt í að leysa.

Eftir hrun gjaldmiðilsins varð ekki umflúið að grípa til tímabundinna ráðstafana af þessu tagi. Og viðurkenna verður að lausnin er ekki einfalt úrlausnarefni. Tilraunir eru að sönnu hafnar með aðgerðir sem hugsaðar eru til að auðvelda afnám þessarar frelsis-

skerðingar. Það er lofsvert.

Áhyggjuefnið er hins vegar að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sýnt fram á með sannfærandi hætti að samstaða geti orðið um heildstæða efnahagsstefnu sem gerir þetta mögulegt í raun og veru og þannig að hald sé í til frambúðar. Það sem verra er: Hvorug fylkingin á Alþingi hefur lagt fyrir þjóðina sannfærandi áætlanir um að hún geti byggt verslun sína og viðskipti við aðrar þjóðir á stöðugri og gjaldgengri mynt jafnvel þó að höftunum yrði aflétt.

## Frelsi fólksins

Hátíðarræður á minningardögum þessa árs hafa sannarlega mikið gildi. Hitt skiptir þó öllu meira máli að menn geri sér grein fyrir að frelsisbaráttan er ævarandi. Hún er ekki föst í því fari sem Jón forseti skildi við hana og því síður í því fari sem Skúli fógeti hvarf frá. Allt skipulag verslunar og viðskipta og samstarfs við aðrar þjóðir þarf að ráðast af alþjóðlegu umhverfi og þörfum hvers tíma.

Frelsi fólksins til viðskipta sín á milli og við aðrar þjóðir er enn sem fyrr forsenda framfara. Nútíminn kallar hins vegar á meiri samvinnu þjóða til þess að viðskipti geti gengið jafn greiðlega og framfarakröfurnar kalla á. Í þessu ljósi er það dapurleg staðreynd að lögeyrir Íslendinga er nú ótrúverðugri undirstaða í millirikja- viðskiptum en þeir höfðu á fyrstu áratugum verslunarfrelsisins. Vel fór á því að stofna á hátíðarfundir Alþingis háskólalastöðu til

ad stýra ráðstefnum í tengslum við fæðingarsað Jóns forseta á Hrafnseyri. Hitt væri þó stærra í sniðum ef forystumenn Alþingis gætu á afmælisárinu sameinast um trúverðuga stefnu sem leyst gæti verslunarfjóttrana af fólkinu og tryggt landinu viðskipta- umhverfi þar sem það stendur jafnfætis helstu samkeppnisþjóðunum bæði í Evrópu og í öðrum álfum. Því frelsi fólksins má ekki gleyma á þessu ári. Velsældin og velferðin velta á því.

# Taktu þátt í Lukkulífi VITA til Tyrklands 21. júní, 2., 16. og 26. júlí.

Takmarkað  
sætaframboð

## TYRKLAND Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

## Lukkulíf VITA

Hálft fæði!

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

### 21. júní í 11 nætur Verð frá 113.900 kr.\* og 15.000 vildarpunktar

á mann mv. 2 fullorðna og tvö börn (2-11) í herbergi með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Verð á mann mv. 2 í tvíbýli 126.900 kr.\*\*  
og 15.000 Vildarpunktar

\*Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 123.900 kr.

\*\* Verð án Vildarpunkta m.v. 2 136.900 kr.

### 2. júlí í 14 nætur Verð frá 130.900 kr.\* og 15.000 vildarpunktar

á mann mv. 2 fullorðna og tvö börn (2-11) í herbergi með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Verð á mann mv. 2 í tvíbýli 152.900 kr.\*\*  
og 15.000 Vildarpunktar.

\* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 140.900 kr.

\*\* Verð án Vildarpunkta m.v. 2 162.900 kr.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

11. júní	Uppselt
21. júní	Örfá sæti laus
2. júlí	Nokkur sæti laus
16. júlí	Laust
26. júlí	Laust
6. ágúst	Uppselt
16. ágúst	Laust
27. ágúst	Nokkur sæti laus
6. september	Laust
17. september	Örfá sæti laus
27. september	Nokkur sæti laus

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leigufugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið

# Jafnrétti og mannréttindi í allra þágu

## Jafnréttismál

Guðbjartur Hannesson  
velferðarráðgjafi



Hefð er fyrir því að helga 19. júní umræðu um jafnrétti kynjanna. Þann dag fyrir 96 árum öðluðust konur á Íslandi kosningarétt en reyndar með þeim fráleitu takmörkunum að rétturinn tók aðeins til kvenna sem voru fjöru-tíu ára og eldri.

Þótt lagaleg staða karla og kvenna sé fyrir löngu orðin söm er enn margt sem þarf að færa til betri vegar svo jafnrétti ríki jafnt í orði sem á borði.

Þann 19. maí síðastliðinn var samþykkt á Alþingi þingsályktun sem felur í sér áætlun stjórnvalda í jafnréttismálum til fjögurra ára. Aðgerðir og verkefni til að styrkja stöðu jafnréttismála eru þar skilgreind og tilgreint hverjir skuli ábyrgir fyrir framkvæmd þeirra.

Af einstökum verkefnum má nefna gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir gegn launamisrétti kynjanna, aðgerðir gegn kynbundu ofbeldi, verkefni sem snúa að menntun og jafnrétti og innleiðingu kynjaðrar fjárlagagerðar. Einnig verður ráðist í könnun til að greina stöðu kvenna sem búa við fötlun en vitað er að þær búa við hættu umfram aðra á því að verða fyrir ofbeldi, misnotkun og misneytingu. Á grundvelli niðurstöðunnar verður skoðað hvort og hvaða aðgerða þarf að grípa til svo tryggja megni konum með fötlun mannréttindi og mannfrelsi til jafns við aðra.

Stórt skref var stigið í réttindamálum fatlaðs fólks með nýsamþykktum lögum um réttindagæslu þar sem meðal annars er kveðið á um persónulega talsmenn þeirra sem erfitt eiga með að gæta hagsmuna sinna vegna fötlunar.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á aðgerðir til að sporna við heimilis-

ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum og hefur unnið markvisst að framkvæmd verkefna samkvæmt aðgerðaáætlun frá árinu 2006 til að berjast gegn því. Í vor lagði ég fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd verkefna samkvæmt áætluninni og lagðar voru fram tillögur um frekari aðgerðir til þess að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem eru bættrar ofbeldi og börn þeirra og hjálpa körlum til að binda enda á ofbeldishegðun.

Nýsamþykkt lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili munu bæta verulega réttarstöðu fólks sem sætir ofbeldi, ekki síst þegar um heimilisofbeldi er að ræða.

Ég nefni einnig nýgerðar breytingar á almennum hegningarlögum

um bann við mismunum á grundvelli kynþáttar og þjóðernis- uppruna á öllum sviðum samfélagsins. Þessar tilskipanir hafa leitt umræðuna að svokallaðri fjölþættri mismunum þegar fólk sætir mismunum vegna fleiri þátta samtímis, til dæmis vegna aldurs, fötlunar og þjóðernis.

Mikilvægt er að huga að fjölþættri mismunum í baráttunni fyrir jafnrétti kynja. Tilteknir hópar eru í sérstakri hættu, til dæmis fatlaðar konur og konur af erlendur uppruna. Það er sérstakt áhyggjuefni hve hátt hlutfall erlendra kvenna leitar til Kvennaathvarfsins en þær voru 36% af öllum sem þangað sóttu skjól árið 2010.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla taka einungis á mismunum á grundvelli kynferðis.

Í áætlun stjórnvalda í jafnréttismálum er að einhverju leyti hugað að verkefnum til að varpa ljósi á fjölþætta mismunum og afleiðingar hennar.

þar sem refsing fyrir mansal er hækkuð úr átta ára fangelsi í tólf ár og kveðið á um að mansalsbrot tæmi ekki sök gagnvart öðrum mjög alvarlegum frelsisviptingarbrotum líkt og verið hefur.

Í maí síðastliðnum undirritaði Ísland ásamt tólf öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins samning um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Þetta er fyrsti bindandi alþjóðasamningurinn af þessu tagi.

## Fjölþætt mismunum

Í velferðarráðuneytinu er unnið að innleiðingu Evróputilskipunar um bann við mismunum á vinnu- markaði á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna, trúar eða lífsskoðunar, fötlunar, aldurs og kynhneigðar. Önnur tilskipun sem unnið er að því að innleiða fjallar

Úrræði sem lögin bjóða, svo sem kæruleið til kærunefndar jafnréttismála, taka ekki á málum þar sem fjölþætt mismunum liggur að baki og því kann að vera nauðsynlegt að skoða aðrar leiðir í þeim efnum.

Í áætlun stjórnvalda í jafnréttismálum er að einhverju leyti hugað að verkefnum til að varpa ljósi á fjölþætta mismunum og afleiðingar hennar. Ég tel augljóst að við þurfum að beina sjónum að þessum vanda í auknum mæli, vera vakandi fyrir allri mismunum sem oft á tíðum getur verið mjög dulín og tryggja með öllum ráðum að mannréttindi séu ekki brotin á fólk undir neinum kringumstæðum.

Við getum verið stolt af miklum árangri í jafnréttis- og mannréttindamálum en megum aldrei slaka á kröfum í baráttunni fyrir fullu jafnrétti og mannréttindum.

# Umræðan má ekki hljóðna

## Selveiðar

Ólína Þorvarðardóttir

alþingismaður og  
formaður Vestnorræna  
ráðsins



Árið 2009 samþykktu Evrópu- sambandsríkin bann við sölu á selskinnum og öðrum seldum afurðum í aðildarríkjum frá öðrum en inúítum. Tilefni bannsins var einkum vaxandi andstaða evrópsks almenningssins gegn drápsaðferðum Kanadamanna sem sýndar höfðu verið í fréttamyndum og vakið óhug. Talið er að um 900 þúsund selir hafi fram að banni verið veiddir í heiminum árlega, þar af veiddu Norðmenn, Kanadamenn og Namibumenn um 60%. Kanadamenn og Norðmenn brugðust ókvæða við ákvörðum Evrópuþingsins og létu þegar í ljós þá afstöðu að það bryti í bága við grundvallarreglur um frjáls viðskipti. Minna fór fyrir andstöðu inúíta í fyrstu, enda voru þeir undanþegnir banninu þar sem því var ekki ætlað að raska höfum þeirra sem stunda sjálfbærar og mannúðlegar veiðar. En almenningssálitið gerir ekki greinarmun á því hvaðan selskinnur kemur sem boðið er til sölu. Myndir af blóðugum selkópum snertu vitanlega við þeim sem þær höfðu séð. Almennigum snerist gegn harðneskjulegum atvinnuseiðum og sú andstaða færðist með tímanum yfir á allar selveiðar.

Reyndin hefur því orðið sú að sölubann selskinna hefur komið illa niður á fámennum veiðmannasamfélögum, ekki síst á Grænlandi.

Vissulega er mótsagnakennt að það almenningssáliti sem hefur

afdrifaríkt. Við vitum hversu erfitt getur reynst að snúa við neikvæðu almenningssáliti, ekki síst ef það ræðst af tilfinningum.

Það er þessi tvískinnungur og hinar neikvæðu afleiðingar sölubannsins á selskinnum sem

Við vitum hversu erfitt getur reynst að snúa við neikvæðu almenningssáliti, ekki síst ef það ræðst af tilfinningum.

komið svo illa við afkomu veiðmannasamfélaga skuli stafa frá neytendum sem leggja blessun sína yfir ómannúðlega framleiðsluhætti sem seint myndu teljast fyrirmyndar dýravernd. Evrópskur almenningur krefst ódýrrar matvöru. Sú krafa leiðir til verksmiðjubúskapar sem kemur niður á aðbúnaði og meðferð dýra. Evrópskir neytendur kaupa og leggja sér til munnns afurðir dýra sem búa við þjóningu frá fæðingu til slátrunar. Við þekkjum hörmulegar myndir og fréttir af meðferð búpenings sem er undir manna höndum víða í álfunni. Slíkar eldis- og slátrunar- aðferðir eiga ekkert sameiginlegt með sjálfbærum veiðum frumbyggja á villtum dýrum.

Það er því ekki aðeins sorglegt að hið evrópska neyslusamfélag sem sættir sig við ómannúðlega dýrameðferð á verksmiðjubúum skuli óbeint snúast gegn sjálfbærum veiðum villtra dýra norðar í álfunni – það er einnig

urðu tilefni þess að forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins tók málið upp við þingmenn Evrópuþingsins á sameiginlegum fundi sem haldinn var nýlega í Nuuk á Grænlandi. Þar var m.a. upplýst að víða í löndum Evrópu er selur veiddur í stórum stíl til þess að verja fiskinet, án þess að afurðirnar séu nýttar. Slíkt er auðvitað sóun og vafasamt náttúrusiðferði.

Góðu fréttirnar eru þó þær að þingmennirnir lýstu vilja til þess að taka málið upp á vettvangi Evrópuþingsins með það fyrir augum að greina betur afleiðingar þess fyrir inúíta á norðlægum slóðum þar sem sel- og hvalveiðar eru rötgróinn atvinnuvegur og aldalöng hefð.

Trúlega verður ekki létt verk að eyða ranghugmyndum um selveiðar frumbyggja á norðurslóð, en samfélag þeirra eiga mikið undir því að það takist. Orð eru til alls fyrst og umræðan má ekki þagna.

# Dulið atvinnuleysi í Reykjavík

## Atvinnumál

Áslaug María Friðriksdóttir

varaborgarfulltrúi  
Sjálfstæðisflokksins



Skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu í apríl síðastliðnum var 8,9% skv. tölum Vinnu- málastofnunar en fyrir landið í heild 8,1%. Fjöldi þeirra sem eru atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu skv. þessum tölum er 9.626 eða um 73% allra atvinnulausra á landinu og 45% ef aðeins er horft til Reykjavíkur.

En hér er ekki allt sem sýnist. Hluti af atvinnuleysistöllum í Reykjavík er hulinn og kemur ekki fram í greinargerðum Vinnu- málastofnunar. Nokkur hundruð manns fá nú fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg vegna þess að þau eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum en ekki af öðrum félagslegum ástæðum. Þetta eru til dæmis einstaklingar sem koma úr námi og hafa ekki verið á vinnu- markaði nógu lengi til að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Einnig eru þetta einstaklingar sem hafa verið lengur atvinnulausir en í fjögur ár og eiga ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum.

## Atvinnuleysið í Reykjavík er 10%

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar safnar gögnum reglulega þar sem fram koma lykiltölur um stærð og gerð þess hóps sem hefur fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þar má greina að sá hópur sem hefur verið á framfærslustyrk í 12 mánuði skiptist þannig að um helmingur er atvinnulaus, en hinn helmingurinn að langstærstum hluta sjúklingar sem eru ekki á leið út á vinnu- markaðinn. Gera má ráð fyrir því að á heildina litið, þegar ekki er einungis horft til þess hóps sem hefur verið lengur en 12 mánuði á fjárhagsaðstoð, sé hlutfall atvinnu- bærra mun hærra. Má því áætla að í heildina séu um 2/3 þeirra sem framfærslu njóta atvinnulausir.

Þegar tillit er tekið til þessara talna eykst atvinnuleysið verulega. Ef við gefum okkur að skipting þessa hóps sé eins í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu má

áætla að atvinnuleysi þar sé nær 10% en ekki 8,9% eins og Vinnu- málastofnun skráir það.

## Enginn hvati til virkni og félagslegt stórslys í uppsiglingu

Fjöldi þeirra sem njóta framfærslustyrks Reykjavíkurborgar jókst um 18% milli árána 2009 og 2010 og fjölga enn. Ástandið er það alvarlegt að það gefur tilefni til að rýna og endurskoða kerfið sem við notum. Ef bornir eru saman fyrstu ársfjórðungar þessa árs og ársins 2010 fjölga fólki á framfærslu sveitarfélagsins um 30%. Frá því á sama tíma í fyrra hafa 500 einstaklingar bæst í þann hóp sem þurfa framfærslu sveitarfélagsins sér til lífsviðurværis.

Ungu fólki sem fær fjárhagsaðstoð í Reykjavík fjölga mjög. Af öllum þeim sem fjárhagsaðstoðar njóta eru 70% 40 ára og yngri og hluti af þessum hópi hefur aldrei út á vinnu- markaðinn komið. Ljóst er að mikill úrræðaskortur blasir við okkur með óbreyttu kerfi. Sjálfstæðismenn í velferðarráði Reykjavíkurborgar hafa margsinnis bent á að hvatning til að

Fjöldi þeirra sem njóta framfærslu- styrks Reykjavíkurborgar jókst um 18% milli árána 2009 og 2010 og fjölga enn.

nýta hæfileika og getu sína í samfélaginu við núverandi aðstæður sé ekki næg fyrir þennan hóp. Við höfum því lagt til að reglum um fjárhagsaðstoð verði breytt á þann hátt að hægt sé að innleiða fjárhagslegan hvata til þátttöku í virkniverkefnum af ýmsum toga.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa menn séð mikilvægi þess að þátttaka og virkni sé forsenda bóta. Það er skylda okkar að bregðast við þessum vaxandi vanda sem allra fyrst.

# Að vera foreldri

## Réttindi fatlaðra

María Hreiðarsdóttir

sendiherra samnings  
Sameinuðu þjóðanna  
um réttindi fatlaðs fólks



Hér á árum áður var komið í veg fyrir að konur með þroska- hömlun eignuðust börn með því að þær voru gerðar ófrjóar án vitundar og vilja þeirra sjálfra. Þar með voru brotin á þeim þau sjálfsögðu mannréttindi sem fela í sér að eiga börn og ráða yfir sínum líkama sem er það persónulegasta sem maður á.

Í 23. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um virðingu fyrir heimilis- og fjölskyldulífi fatlaðra. Einnig að fatlað fólk eigi sama rétt og annað fólk til að halda frjósemi sinni, giftast og stofna fjölskyldu.

Sjál á ég son sem er 8 ára. Hann er sú besta gjöf sem ég hef eignast. Það var ekki sjálfgefið fyrir mig að eignast barn frekar en marga í minni stöðu. Sumir vildu að ég léti eyða fósturinu, en þeir sem voru búnir að þekka mig í mörg ár höfðu fulla trú á mér til móðurhlutverksins.

Það hefur komið berlega í ljós að enginn sérstakur stuðningur er fyrir hendi fyrir fjölskyldur eins og mína. Aðeins er stuðst við lög sem gera félagsþjónustu sveitar-

félaganna skylt að veita fólki sem á við félagslega erfiðleika eða fötlun að stríða aðstoð. Þar má nefna líðveislu, stuðningsfjölskyldu, tilsjón og svo framvegis. Þetta er bara þjónusta eins og aðrir í svipaðri félagslegri stöðu eiga rétt á. En þetta er ekki sú þjónusta sem í rauninni hentar fyrir foreldra sem eru með þroskafrávik. Þar þarf annars konar þjónustu og það þarf að vera mjög auðskilið hvort er markmiðið með þjónustunni.

Ég hef verið í góðu samstarfi við kerfið en það hefur verið erfitt að koma nákvæmlega til móts við fjölskylduna á hverjum tíma þegar t.d. koma erfið tímabil. Ég tel mikilvægt að það séu haldnir samráðsfundir með reglulegu millibili auk þess sem við fáum notendastýrða persónulega aðstoð til að læra af. Nú sé ég sjálf um að ráða starfsfólk inn á mitt heimili og með því vona ég að þjónustan verði betri okkur fjölskyldunni til heilla.

Vandinn er að við höfum skilgreint að seinfærir foreldrar séu félagsleg hindrun samfélagsins og þannig hefur verið tekið á málunum. Við höfum gleymt að þær hindranir væru ekki til staðar ef við fengjum viðeigandi stuðning á hverjum tíma hvað líf okkar varðar. Það er aðalatriðið að við gleymum ekki að hindranir koma frá umhverfinu sem við búum í og þeirri staðalmynd sem samfélag okkar byggir á.

# SUMARLEIKUR ATLANTSOLÍU

NOTAÐU ATLANTSOLÍULYKILINN  
OG ÞÚ GETUR FENGIÐ ÁFYLLINGUNA

# ÓKEYPIS.

ÞAD ER NÚ ALDEILIS EKKI BRÁÐÓNÝTT

Á HVERJUM DEGI TIL 1. ÁGÚST Í SUMAR FÆR  
EINN DÆLULYKILSHAFI ÁFYLLINGUNA ENDURGREIDDA.


SÆKTU UM DÆLULYKIL Á [WWW.ATLANTSOLIA.IS](http://WWW.ATLANTSOLIA.IS)

LENGI LIFI  
SAMKEPPNI



Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni.  
Við rufum einokun oliurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið  
keppinautunum við efnið síðan.

Dæluylkill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



# GERÐU GO



VERÐ FRÁ:  
**2.495**

**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**LUMI**  
sjónvarpsveggfestingar  
Eigum margar gerðir af  
sjónvarpsveggfestingum  
fyrir flatskjái. Veggfest-  
ingarnar taka allt frá 17  
og upp í 70 tommu skjái.  
Komdu og skoðaðu úrvalið!  
Frábært verð!



**SPARIÐ  
4.000**

**ANCONA sólbekkur**  
Stílhreinn og flottur sólbekkur  
úr áli og með sterku netáklæði.  
Bakið á stólnum er stillanlegt.  
Hjól eru undir bekknum sem  
gerir alla umgengni þægilegri.  
Stærð: B65 x L195 sm.

FULLT  
VERÐ: 16.990  
**12.990**



1 PAR ÁÐUR:  
1.295  
**995**

**Plastklossar**  
Flottir plastklossar með  
PHYLON sóla. Fást í  
nokkrum stærðum. Litir:  
Svartir, bláir og fjólubláir.

**23%  
AFSLÁTTUR**



SÁPUKÚLUR  
**499**

**Sápukúlur  
með viftu**  
Flottar sápukúlur  
með viftu.  
Frábært verð!



GALLABUXUR  
**2.495**



FULLT VERÐ:  
2.495  
**1.995**

**20%  
AFSLÁTTUR**

**KUBB vikingaspil**  
Sniðugt í ferðalagið,  
útileguna eða garðinn.

**Gallabuxur**  
Gallabuxur í bláum lit.  
Margar stærðir fánlegar.



**20%  
AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM BLÓMA-  
POTTUM!**

**AVIUM sófasett 3+2**  
Virkelega fallegir sófar og stakur stóll í  
stíli. Efni: Sandlitað tauáklæði. 3ja sæta  
sófi: 220 x 105 sm. **99.950,-** 2ja  
sæta sófi: 165 x 105 sm. **79.950,-**  
Stóll: 105 x 105 sm. **49.950,-**



SÓFASETT  
3+2  
**159.950**

**SPARIÐ  
19.950**

# ÓÐ KAUP!

**FRÁBÆRT VERÐ!**

SÓGLERAUGU  
VERÐ FRÁ:

**390**



**Sógleraugu**  
Mikið úrval af sógleraugum á frábæru verði!



FULLT  
VERÐ: 54.990

**39.990**



**SANTA FE borð + 4 PORTLAND stillanlegir stólar**

Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Þolir íslenska veðráttu. Í settinu eru 4 stólar með örnum og háu, stillanlegu baki. Stórt, áttíhyrnt borð. Stærð: B85 x L150 sm. Hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið. Borð 19.990,- Stóll 10.990,-

Jutlandia  
Harðviður

**SPARIÐ  
15.000**



20 STK.

20 STK.  
KRÍTARBOX

**195**

**Krítarbox**  
20 stk. í pakka á frábæru verði! Komdu og gerðu góð kaup!

ÚTIKAMÍNA

**5.995**

**Útikamína**  
Góð útikamína í garðinn eða á veröndina. Hæð: 67 sm.



**MOLLIE**  
sængurverasett  
Efni: 100% polyester-míkrófiber. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

SÆNG  
OG KODDI

**7.995**

SÆNGURTASKA FYLGIR

**FRÁBÆRT VERÐ!**

hoie  
OF SCANDINAVIA

**HØIE UNIQUE sæng og kodd**  
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.

2 PAKKAR  
NÚ ADEINS:

**995**

**28%  
AFSLATTUR**

5 ÞÖR Í PAKKA

**Herra- og dömusokkar**  
Gæðasokkar á frábæru verði. Fást bæði í herra- og dömustærðum. 1 pakki með 5 þörum 695,-



MOLLIE

**1.495**

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)

# Óöryggið gerir fólkíð fallegt

Einn vinsælasti tónlistarmaður landsins, **Högni Egilsson**, hefur haft í nógu að snúast síðustu mánuði og virðist ekkert lát á verkefnum. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um Hjaltalín, samstarfið við GusGus, unglingsárin í Belgíu, fótbolta og tilgerð.

**VIKUR TÓNLISTARMAÐUR** „Það getur vel verið að einhverjum finnst tilgerðarlegt eða uppskrúfað að skreyta tónlistina með mörgum nótum og ákveðnum litum. Ég reyni að haga því þannig að allt sem ég geri þjóni ákveðnu hlutverki, að ákveðin virkni sé falin í öllu,“ segir Högni, sem kemur fram á tvennum útgáfutónleikum GusGus á Nasa í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var engin sérstök vígsluathöfn haldin. En jú jú, ég er orðinn meðlimur í GusGus. Ég kem fram með sveitinni á tónleikum og tók þátt í gerð nýju plötunnar. Mér finnst bara gaman að vera í stuði með góðu fólki,“ segir tónlistarmaðurinn Högni Egilsson, sem einnig er þekktur sem Högni í Hjaltalín. Hann syngur og tók þátt í sköpun þriggja laga á plötu GusGus, Arabian Horse, sem kom út fyrir skömmu og hefur hlotið nánast einróma lof gagnrýnenda og frábærar viðtökur almennings. Högni stígur einmitt á svið á útgáfutónleikum sveitarinnar, raunar tvennum, sem haldnir verða í kvöld á Nasa.

## Í siglingu með forsetanum

Spurður um tildrög þess að hann lagði lag sitt við GusGus segist Högni lítið sem ekkert hafa þekkt meðlimi sveitarinnar persónulega fyrr en seint á síðasta ári.

„Ég var að slæpast í miðbænum og hitti President Bongo [Stephan Stephensen, einn höfuðpaura GusGus] fyrir framan klósettið á einhverjum stað. Við fórum að spjalla saman um siglingar. Það er kannski kjánalegt að segja frá því, en við ákváðum strax að fara saman í mánaðarlanga siglingu í Karibahafinu, sem við gerðum svo ásamt fleirum í janúar. Á þessum tímamarki var ég að semja tónlist fyrir leikverkið Ofviðrið sem var sett upp í Borgarleikhúsinu og var kominn í hálfgerð öngstræti, búinn að semja fullt af tónlist sem passaði ekki alveg við verkið. Við gerðum því þann díl að ég myndi hjálpa GusGus með nýju plötuna og hann aðstoðaði mig á móti með tónlistina fyrir Ofviðrið. Í rauninni er þetta samstarf mjög tilviljanakennt, en það getur oft verið skemmtilegt. Ég hef lært að hafa ávallt opinn hug fyrir nýjungum og því að setja sjálfan sig í ókunnar aðstæður,“ segir Högni.

Hann bætir við að þótt sjálfur hafi hann lítið komið nálægt raf-tónlist, af því tagi sem eru ær og

kýr GusGus, fyrir samstarfið, hafi hann lengi verið áhugamaður um slíka tónlist. „Ég kem úr annarri kreðsu en kann mjög vel við að vinna með GusGus. Þetta eru reynsluboltar í senu sem er fyrst núna að komast almennilega upp á yfirborðið hér og hefur ekki borið hátt í menningarumfjöllun. Lengi vel var þetta af mörgum einungis talin lyfjatónlist fyrir skemmtanaþyrsta unglunga.“

## Draumkennd náttúra

Tónlistarmaðurinn hefur verið önnur kafinn síðustu ár með sívaxandi velgengi hljómsveitarinnar Hjaltalín. Önnur plata sveitarinnar, Terminal, sem kom út fyrir jólna 2009, var víða valin plata ársins og segir Högni ætlun meðlima að hittast síðar í sumar til að leggja drög að nýrri plötu.

ákveðinni draumkenndri náttúru og mér finnst það hafa tekist í þessu tilfelli. Ég er mest ánægður með það. Atli vinur minn samdi textana og það var líka ánægjuleg tilbreyting. Þegar ég geri plötur eyði ég oft miklum tíma í textagerð, sem er gaman en hægir oft óþarflega mikið á mér þegar tím-anum væri mögulega betur varið í aðra hluti.“

Spurður hvort til standi að endurtaka Minör/Pionér-tónleikana segir Högni það koma til greina. „Þetta gekk vel og kannski væri gaman að þróa hugmyndina lengra.“

## Fint að vera Breti í Belgíu

Hinn 25 ára gamli tónlistarmaður bjó fyrstu árin í Kópavogi, næst í Norðurmýrinni, en fluttist svo með fjölskyldu sinni til Brussel í

fimm ára aldri. Eftir það flakk-aði hann milli hljóðfæra, meðal annarra gítars og kontrabassa, en ætlaði sér þó aldrei að verða tónlistarmaður að eigin sögn. „Mér datt bara aldrei í hug að það gæti gerst. Eftir stúdentsprófið lærði ég í Myndlistarskólanum í eitt ár og velti fyrir mér að fara út í hönnun eða eitthvað slíkt, en var latur og tengdi ekki alveg við námið. Það var ekki fyrr en ég vann myndlistarverkefni fyrir skólann, og fléttaði gítarspili inn í það, að kennarinn minn spurði mig hreinlega hvers vegna í ósköpunum ég væri að þvælast í þessu námi. Ég ætti bara að einbeita mér að tónlistinni. Ég fann að hann hafði rétt fyrir sér, skráði mig í nám í tónsmíðum við Listaháskólann og lauk því fyrir ári.“

ekki. Allar þessar reglur varðandi hvornig á að vera og haga sér, sem vege að persónunni sem sjálfstæðri veru. Það er ekkert að því að vera duglegur, en ég er á þeirri skoðun að það sé betra að miða flesta hluti út frá sjálfum sér en ekki út frá öðrum. Þessi eltingaleikur við einhverja fullkomnun, sem er ekki til þegar allt kemur til alls, er lýjandi. Óöryggið er það sem gerir fólkíð fallegt og fegurðin er ekkert nema nokkurs konar bjögung á fullkomleikanum.“

## Hættur að gagnrýna

Þótt Hjaltalín sé afar vinsæl hljómsveit finnst þó þeir sem ekki kunna að meta margþættar útsetningar og tíðar vísanir sveitarinnar í klassíska tónlistarsögu, eins og gengur. Eiga pirruðustu gagnrýnendur Hjaltalín til að lýsa tónlistinni sem tilgerðarlegri. Aðspurður segist Högni lítið leiða hugann að slíkum röddum.

„Það getur vel verið að einhverjum finnst tilgerðarlegt eða uppskrúfað að skreyta tónlistina með mörgum nótum og ákveðnum litum. Ég reyni að haga því þannig að allt sem ég geri þjóni ákveðnu hlutverki, að ákveðin virkni sé falin í öllu. Einlægni er hálf klént og leiðinlegt orð, en ég geri mitt besta til að öll mín verk séu einlæg og persónuleg,“ segir Högni og bætir við að sjálfur dást hann undantekningarlítið að því þegar fólk framkvæmir það sem því dettur í hug, hvort sem það er myndlist, tónlist, skósmíði eða kaffihús, vegna þess að öllum slíkum framkvæmdum fylgi hugrekki.

„Ég er að reyna að hætta að gagnrýna. Fyrir tveimur eða þremur árum var ég dálítið í því að baula niður og hnýta í hluti, en ég nenni því ekki lengur. Ég veit ekki af hverju, en það varð nokkurs konar viðhorfsbreyting hjá mér. Gagnrýnin umræða á fullan rétt á sér, en ég er ekki mikið fyrir að taka þátt í henni. Mér þykir aðdáunarvert þegar fólk reynir að opna á sjálft sig með einhverjum hætti,“ segir Högni að lokum.



Ég er orðinn þreyttur á allri þessari samkeppni, að allir séu að metast og þurfi að vera betri en næsti maður. Að hnýta í allt og alla í kringum sig. Þetta er nálgun að tilverunni sem mér hugnast alls ekki.

Heilmargt annað hefur þó verið á verkefnaskrá Högna að undanskildum tónleikum og ferðalögum Hjaltalín. Áður var minnst á tónlistarsköpun fyrir Ofviðrið í Borgarleikhúsinu og samstarfið við GusGus, en í tilefni Listahátíðar í vor samdi Högni einnig tónlist fyrir hljómsveitina Minör/Pionér ásamt Davíð Þór Jónssyni píanóleikara og téðum President Bongo. Atli Bollason samdi texta við tónlistina, sem var flutt ásamt karlakórnum Fóstbræðrum og fleirum í Hörpu.

„Það var mikil törn. Vinna dag og nótt í tvo mánuði,“ útskýrir Högni og gengst fúslega við því að vera stoltur af útkomunni. „Þetta var mikil uppfærsla og tónleikarnir fóru um víðan völl. Við leitumst við að gæða þetta verk

Belgíu þar sem hann ól manninn milli tólf og sextán ára aldurs. Að þeirri dvöl lokinni sneri hann aftur í Norðurmýrina og gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð, þar sem Hjaltalín varð til.

„Það var óþæglegt að búa í Belgíu og mikil forrættindi, eftir á að hyggja, að hafa fengið að búa í stórborg á þessum aldri,“ rifjar hann upp. „Ég og Andri tvíbura-bróðir minn gengum í breskan einkaskóla og þurftum reyndar ekki að vera í skólabúningum, en þar voru breskar hefðir hafðar í heiðri. Mér hefur aldrei liðið sérlega vel í Englandi þegar ég hef heimsótt landið, en það var fint að prófa að vera Breti í Belgíu,“ segir Högni og hlær.

Hann hneigðist snemma til tónlistar og lærði á fiðlu í tíu ár, frá





**Safnaðu! Skjóttu! Sigradu!**



Nú fylgir Kung Fu Panda 2 þyrla með öllum seldum Lucky Charms pökkum.

Safnaðu öllum 8 Kung Fu þyrlunum og náðu tign Kung Fu skotmeistara.

**Lucky Charms**

# Mikilvægt að fá að ráða einhverju

Í fimmtíu ár hefur dagvistunarheimilið Lyngás sinnt börnum og ungmennum sem hafa þurft meiri stuðning í lífinu en önnur. Í dag koma þangað börn sem glíma við andlega og líkamlega fötlun en þegar **Guðmundur Sveinsson** kom þar í dagvist, þriggja ára gamall, var heimilið einungis miðað við þarfir þroskahamlaðra. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti Guðmund, sem hélt ræðu í afmælisveislu Lyngás.

**D**agheimilið Lyngás hafði verið starfrækt í tíu ár þegar Guðmundur Sveinsson kom þangað í dagvist, þriggja ára gamall, en heimilið var þá einungis miðað við þarfir þroskahamlaðra. Í dag njóta þar þjónustu börn sem bæði eru þroskahömluð og líkamlega fötluð. Lyngás er rekið af Ás Styrktarfélagi, sem áður var Styrktarfélag vangefinna, en Guðmundur dvaldi á Lyngási í tæpan áratug.

„Ég er fæddur 5. júlí árið 1968. Þegar ég var rúmlega þriggja kom ég fyrst á Lyngás, haustið 1971,“ segir Guðmundur, sem er stálminnugur á dagsetningar. Hann dvaldi á Lyngási til tólf ára aldurs, en þá fór hann í Óskjuhlíðarskóla. Guðmundur bjó með móður sinni og eldri bróður í Vesturbænum á þessum tíma en á morgnana mætti hann á Lyngás og dvaldi þar til síðdegis.

## Öryrki eftir flogaköst

Meðal þess fyrsta sem Guðmundur man er leigubílar frá Bifreiðastöðinni Steindóri sem náðu í hann í Vesturbæinn til að keyra á Lyngás. „Ég man að það kom leigubíll að sækja mig heim, Steindór leigubíll, þessir svörtu, og keyrði mig á Lyngás og svo aftur heim. Ég var oft þreyttur á morgnana þegar ég mætti snemma,“ segir Guðmundur

var há girðing í kringum vistheimilið og ég var stundum ódæll, smá þakkari í mér, braut til dæmis rúðu einu sinni óvart og þetta var eins og gengur, stundum leið mér vel og stundum illa. Í dag er allt mjög breytt, maður fær að ráða sér meira sjálfur,“ segir Guðmundur og bætir við að fyrir hann sé það stærsti munurinn; að hafa meira með eigið líf að segja.

## Sorglegt að kveðja unglingsheimilið

Guðmundur bjó ekki lengi á vistheimilinu á Dalbraut og fluttist fljótlega á Skálatúnsheimilið í Mosfellsbæ, heimili fyrir einstaklinga með þroskahömlun og bjó þar öll unglingsárin en fór þó alltaf heim um helgar. „Maður gerði hitt og þetta í Skálatúni. Ég var í útivinnu, fór í sumarþúðir á Laugarvatni og ég eignaðist mjög góða vinkonu í Skálatúni. Hinn 7. nóvember 1986 var haldið kveðju-partí, þá var ég átján ára, og ég flutti í sambýli í Víðihlíð í Reykjavík. Jú, það var svolítið sorglegt að kveðja Skálatúni. Gerður Jónsdóttir var langbesta vinkona mín á staðnum og ég sakna hennar oft en ég hlakka til að hitta hana núna í lok ágúst.“

## Keypti eigin íbúð eftir langt sambýli

Guðmundur bjó næstu þrettán árin með öðrum. Fyrst í sam-



**VANDIST ÞVI AÐ BÚA EINN** „Jú, það var gaman að fara að búa einn. Líka skrítið og fyrst gat maði líðið illa. Ég er alveg búinn að venjast því í dag, ég á góðan nágranna sem ég hitti alltaf í húsinu, á ganginum og til dæmis þegar ég er að þvo,“ segir Guðmundur Sveinsson, sem dvaldi á Lyngási þegar heimilið var ætlað þroskahömluðum. Hann býr nú í eigin íbúð í Árbænum.



**GÓÐ STUND** Agnes Freyja Bjarnadóttir með pabba sínum, Bjarna Bjarnasyni.



**GLEÐI** Edda Hlíf Morthens var kát þegar ljósmyndara bar að garði.



Ég man að það kom leigubíll að sækja mig heim, Steindór leigubíll, þessir svörtu, og keyrði mig á Lyngás og svo aftur heim. Ég var oft þreyttur á morgnana þegar ég mætti snemma.

og hlær. Guðmundur hélt ræðu í afmæli Lyngás á dögunum þar sem hann talaði um dvölinu.

Guðmundur, sem verður 43 ára eftir rúmar þrjár vikur, vinnur hjá Ferskum kjötvörum, í fimmtíu prósentu starfi. Hann er 75 prósentu öryrki, en örorkan er að hans sögn til komin vegna flogakasta sem hann fékk mjög lítill og leiddu til blæðinga inn á heila. Hann náði þeim stóra áfanga að kaupa sér eigin íbúð fyrir áratug og byrja að búa einn, eftir að hafa búið mestan hluta ævinnar á vistheimilum og sambýli.

## Leið vel á Lyngási

„Ég man að mér leið vel á Lyngási og ég átti mikið af vinum til að leika við. Ég var í handavinnu, að sauma og smíða, var í skólagörðunum og gerði margt. Ég var svolítið þakkari. Bróðir minn var líka góður vinur minn, hann er einu ári yngri en ég en hann hefur alltaf reynt að hjálpa mér með hitt og þetta. Hann kallar mig „gamla bróður“.“

Guðmundur kvaddi Lyngás þegar hann var tólf ára – þegar hann byrjaði nám í Óskjuhlíðarskóla. Fleiri breytingar urðu á þeim árum, en hann flutti á Vistheimilið á Dalbraut þegar hann var ellefu ára og fór aðeins heim um helgar. „Tímarnir þá voru ekki eins og þeir eru nú og mér fannst oft erfitt að vera á Dalbraut. Það

býli, en hann og annar vistmaður þaðan leigðu síðan íbúð saman í nokkur ár. Árið 1999 tók Guðmundur stórt skref þegar hann keypti eigin íbúð í Vallarási í Árbænum en síðan þá hefur hann búið sjálfstætt, núna í Hraunbænum. „Jú, það var gaman að fara að búa einn. Líka skrítið og fyrst gat maði líðið illa. Ég er alveg búinn að venjast því í dag, ég á góðan nágranna sem ég hitti alltaf í húsinu, á ganginum og til dæmis þegar ég er að þvo eða þegar ég er á gangi úti. Svo er ég mikið fyrir það að vera úti á þessum árstíma og hjóla mikið. Ég keypti mér breskt hjól 8. ágúst 2009. Ég hjóla til og frá vinnu, er ekki nema hálf tíma að hjóla og er með vatnsbrúsa með mér.“

Guðmundur hefur unnið ýmis störf í gegnum ævina, þar á meðal yann hann hjá Papco í tuttugu ár. Í dag vinnur hann hjá Ferskum kjötvörum og kann því vel. „Ég tek á móti hreinum kössum og raða rauðu kössunum sem koma í búðirnar upp í 25 hæðir. Á morgnana, áður en ég fer í vinnuna, kem ég við í Árbæjarbakarí en starfsfólkið þar er góðir vinir mínir. Ég les þar blöðin, spjalla við það og svona. Ég ætla að hjóla mikið í sumar, athuga fjörið í Nauthólsvík til dæmis. Ég ætla að prófa nýja veitingastaðinn sem er þar, ég fór á þann sem var þar einu sinni sem var mun minni.“



**MÆÐGIN** Hallgrímur Björn Kristinsson og móðir hans, Helga Birna Björnsdóttir.



**SKEMMTIATRÍÐI Á AFMÆLISDAGINN** Trúðurinn Gjóla kom og spilaði fyrir Ellu Dís Laurens og aðra á Lyngási. Með þeim á myndinni eru Rut Eiríksdóttir þroskaþjálfari og Björg Pálsdóttir sumarstarfsmaður.

## UM LYNGÁS

Ás styrktarfélag rekur vistunarheimilið Lyngási, sem var opnað árið 1961. Á Lyngás sækja börn og unglingar þjónustu sem vegna fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér almenn úrræði. Þar er boðið upp á einstaklingsmiðaða þjálfun og umönnun. Starfsemin hófst í heimahúsi, en húsið sem Lyngás er í, við Safamýri, var byggt af foreldrum. Margt hefur breyst í starfseminni frá því að Lyngás var stofnaður þar sem þroskahömluð börn áttu þar athvarf fyrstu árin. Í dag njóta þar þjónustu börn og unglingar sem þurfa mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Húsinu er skipt niður í rúmgóðar stofur með aðgang út á pall en á Lyngási dvelja að meðaltali tæplega þrjátíu börn, ýmis í átta eða fjóra tíma í senn. Börnin eru allt frá eins árs upp í ungt fólk sem er komið yfir tvítugt, þarfir hvers og eins eru mjög mismunandi en allir þurfa mikla umönnun, enda byggir starfsemin á einstaklingsmiðaðri þjónustu. Á Lyngási starfa um tuttugu manns. Birna Björnsdóttir er þar forstöðuproskaþjálfari og Hrefna Þórarínsdóttir yfirproskaþjálfari.



**LYNGÁS FYRIR FJÖRUTÍU ÁRUM** Þroskahömluð börn voru í dagvist á Lyngási áður en heimilið var einnig lagað að þörfum líkamlegra fatlaðra barna.



einfaldlega betri kostur

# VERÐLAUSN

## 20-70% AFSLÁTTUR



SHARON LEÐURSÓFI  
**149.950**  
sparaðu 149.950

SHARON. Legubekkur+3ja sæta leðursófi. L310 cm.  
Verð 299.900,- **NÚ 149.950,-** Einnig til brúnn.



**EMMA H36 CM**  
**3.995**  
sparaðu 2.000

EMMA. Borðlampi, hvítmattur. H36 cm. Verð 5.995,- **NÚ 3.995,-** Skermur seldur sér.



**TOODLER.** Sparibaykur. 19x7 cm.  
Verð 1.495,- **NÚ 895,-**



**30%**  
af JELLYFISH

JELLYFISH. Blár stóll. H61 cm. Verð 12.900,- **NÚ 8.900,-** H47 cm. Verð 9.900,- **NÚ 6.900,-**



SIENA. Kampavínsglas. 180 ml. Verð 595,- **NÚ 395,-** Hvítvínsglas. 260 ml. Verð 495,- **NÚ 345,-**



ENZO. Borðmotta. 30x40 cm. Verð 395,- **NÚ 275,-** Einnig til hvít og svört.



**35%**  
af KITCHEN skál á fæti

KITCHEN. Skál á fæti. Ø35 cm. Verð 7.995,- **NÚ 4.995,-**



PUZZLE. DVD/CD box. Rautt/lilla eða blátt. 25x15x18 cm Verð 2.495,-/stk. **NÚ 1.295,-/stk.**



**30-70%**  
af myndum og speglum



WILLIS. Grillhanski. Verð 1.995,- **NÚ 1.395,-** Viskustykki. Verð 895,- **NÚ 595,-**



WILLIS. Grillhanski. Verð 1.995,- **NÚ 1.395,-** Viskustykki. Verð 895,- **NÚ 595,-**



**SKRIFBORD+STÓLL**  
**75.800**  
sparaðu 39.500

CONTRACT. Skrifborð m/ leiðslugati. 160x70x75 cm. Verð 66.900,- **NÚ 42.900,-** HECTOR. Skrifborðsstóll m/lágu baki. Leður. Verð 48.400,- **NÚ 32.900,-** Einnig til m/háu baki.



**70%**  
af BAMBOO skál

BAMBOO. Skál, Ø35 cm. Verð 2.795,- **NÚ 835,-**



**50%**  
af AKAWA

AKAWA. Hár stóll m/örpum, krómgrind. Verð 59.900,- **NÚ 29.900,-**



**TILBOÐ Í JÚNÍ**  
Baguette m/salati  
Verð 690,- **NÚ 390,-**



VISA Lán  
- VAXTALAUST  
Bjódum uppá  
vaxtalaust lán  
til 6 mánaða

ILVA  
sendum um allt land

NÝTT KORTATÍMABIL

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500  
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30  
www.ILVA.is



**FJÖLSKYLDUMYNDIN** Í leiðtogaráðinu sitja 27 helstu foringjar Evrópu, einn úr hverju aðildarríki. Meðal þeirra eru Merkel, kanslari Þýskalands, Sarkozy Frakklandsforseti, Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Berlusconi frá Ítalíu. Að auki sitja fundina þrjú fulltrúar ESB, sem ekki hafa atkvæðarétt: Herman van Rompuy, José Manuel Barroso og Catherine Ashton. Fyrir hönd Íslands færi forsætisráðherra lýðveldisins. NORDICPHOTOS/AFP

# Þar sem stefnan er mörkuð



**Leiðtogaráð Evrópusambandsins** er regluleg ríkjaráðstefna pólitískra leiðtoga aðildarríkjanna. Þar eru stóru sögulegu ákvarðanirnar teknar og kynntar. Þetta er pólitískt séð mikilvægasta stofnun ESB og sú sem veitir einstökum aðildarríkjum mest áhrif andspænis hagsmunum heildarinnar, enda getur hver leiðtogi beitt neitunarvaldi. *Klemens Ólafur Prastarson* skrifar.

**L**eiðtogaráð Evrópusambandsins markar stefnu þess til langs tíma og leysir úr viðkvæmstu málum sambandsins. Þar situr, eins og í framkvæmdastjórn ESB og ráðherra-ráði þess, einn fulltrúi frá hverju aðildarríki. Eins og nafnið bendir til eru þetta æðstu pólitísku leiðtogar aðildarríkjanna tuttugu og sjö. Að auki sitja í ráðinu þrjú helstu andlit ESB: talsmaður utanríkismála, forseti framkvæmdastjórnar og hinn valdalitli forseti leiðtogaráðsins. Þessir þrjú hafa ekki atkvæðarétt.

Helstu verkefni leiðtogaráðsins hafa verið mótun Evrópusamstarfsins, stjórnarskrár- og stytanabreytingar, efnahags- og myntsamstarfið og utanríkis- og stækkunarmál.

Á fundum leiðtogaráðsins fá

leiðtogarnir tækifæri til að kynna og skiptast á skoðunum um ýmis mál svo sem pólitík og félagsmál. Einnig ræða þeir stærri heimsmál og semja yfirlýsingar, sem öðrum stofnunum ESB er ætlað að útfæra nánar. Ákvarðanir leiðtogaráðsins eru nær allar teknar með samhljóða samþykki leiðtoganna, sem þýðir að hver og einn þeirra hefur neitunarvald.

Leiðtogaráðið hefur ekki löggjafarvald en sendir gjarnan frá sér almennt orðaðar viljayfirlýsingar, sem öðrum stofnunum ESB er ætlað að útfæra nánar. Ákvarðanir leiðtogaráðsins eru nær allar teknar með samhljóða samþykki leiðtoganna, sem þýðir að hver og einn þeirra hefur neitunarvald.

## Stofnað til að skerpa á forystu ESB

Leiðtogar Evrópuríkjanna hafa hist til skrafs og ráðagerða allt frá upphafsdögum Evrópusamvinnunnar

en ráðið sem slíkt var sett á fót 1974. Ein tilvistarréttlætning ráðsins er sú að aðrar stofnanir ESB, svo sem framkvæmdastjórnin, höfðu ekki sýnt nægilegt frumkvæði og kraft. Ráðið átti að gera ESB kleift að setja brýn málefni á dagskrá eftir þörfum.

## Aukin völd á kostnað ráðherraráðs

Nú til dags er leiðtogaráðið mikilvægasta pólitíska stofnun ESB og fundir þess marka sögu sambandsins. Á þeim eru teknar grundvallar-ákvarðanir sem geta haft bein áhrif innan alls Evrópska efnahags-svæðisins, en EES-ríkin Ísland, Norvegur og Liechtenstein eiga þar ekki fulltrúa.

Það hve leiðtogaráðið er orðið mikilvægt hefur dregið úr áhrifum annarra stofnana, sérstaklega ráðherraráðs ESB og framkvæmda-

stjórnar. Milliríkjahluti samvinnunnar (sjá nánar neðar á síðunni) gerir að verkom að þetta er ekki eftirlætis stofnun samrunasinna. En án reglulegra ríkjaráðstefna er óvíst að ESB hefði komist yfir sum erfiðustu tímabilin í sögu sinni, svo sem á sjöunda áratugnum. Fundir leiðtogaráðsins skiptu t.d. sköpum þegar sameiginlega markaðnum var komið á kopp á níunda áratugnum og þegar Austur-Evrópuríkjunum var hleypt að borðinu.

## Fjórir fundir á ári

Leiðtogaráðið hittist yfirleitt fjórum sinnum á ári í Brussel í Belgíu. Vorfundurinn er sérstaklega helgaður efnahagsmálum.

Ríkisstarfsmenn aðildarríkja og starfsfólk ESB undirbýr dagskrá fundanna en fastafulltrúar ríkjanna og utanríkisráðherrar

vinna svo að endanlegri útgáfu hennar. Forseti ráðsins heimsækir aðildarríkin á meðan til að kynna helstu umfjöllunarefni.

Ráðstefnur leiðtogaráðsins eiga að vera fámennir, afslappaðir og óformlegir trúnaðarfundir. En fjöldi fólks, svo sem tulkar og sérfræðingar, er viðloðandi þá. Trúnaður er því ekki höfuðatriði, enda líta leiðtogar á fundina sem tækifæri til að vekja alþjóðlega athygli á málstað sínum.

Næsti fundur verður haldinn 23-24. júní. Þar verður rætt um efnahagsmál, fólksflutninga og inngöngu Króatíu. Einnig verður fjallað um hvernig megi stuðla að því að Róma-fólk taki betur þátt í þjóðfélögunum og um stuðning við Dónár-áætlun ESB, sem er samstarf átta ESB-þjóða og sex Austur-Evrópuþjóða um þróunarverkefni á bökkum Dónár.

## ■ NOKKUR DÆMI UM ÁKVARÐANIR LEIÐTOGARÁÐSINS

Leiðtogaráðið ákvað 2010 að hefja aðildarviðræður við Ísland. Það þarf einnig að samþykka inngöngu landsins ef þar að kemur.



Leiðtogaráðið tekur ákvörðun hverju sinni um hvort aðildarríki megi taka upp evru.



Leiðtogaráðið bað framkvæmdastjórnina um að vinna að því að bæta 3G-símakerfi og breiðbandskerfi í aðildarríkjunum árið 2003.



2008 fordæmdi það ákvörðun Rússa um að viðurkenna sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu einhliða og lýsti yfir áhyggjum af aðgerðum Rússa í Georgíu almennt.



## ■ LÝÐRÆÐI LEIÐTOGARÁÐSINS, EVRÓPURÁÐIÐ OG UMSÓKN ÍSLANDS

### Leiðtogaráðið og aðrar stofnanir ESB

Í leiðtogaráðinu kristallast það sem kalla má hrein milliríkjasamskipti ESB-samvinnunnar (e. *intergovernmentalism*). Með því er átt við að hvert ríki otar sínun tala og getur t.d. samið um afstöðu sína til einstakra mála. Hagsmunir stærstu ríkjanna eru fyrirferðamestir þótt samþykki allra ríkja þurfi að nást. Um leið er neitunarvald einstakra ríkja sterkt, þótt það sé auðvitað ekki líklegt til vinsælda að misnota það. Þetta er það form Evrópusamvinnu þar sem aðildarríkin sem slík hafa mest vald. Þrátt fyrir þetta milliríkjaeðli leiðtogaráðsins er samkomulagsmenning ESB, það að öll ríkin skuli vera þökkalega sátt, í forgrunni.

Önnur leið er farin í framkvæmdastjórninni, þar sem ákvarðanir eru teknar samkvæmt yfirþjóðlegum (e. *supranational*) leikreglum þar sem hagsmunir heildarinnar eru aðalatriðið. Evrópuþinggið er líka yfirþjóðleg stofnun, samkoma fulltrúa sem kjörnir eru beinni kosningu í aðildarríkjunum. Þar ber þingmönnum að fylgja pólitískri sannfæringu frekar en að berjast fyrir sérhagsmunum þjóða.

Þriðja leiðin er farin í ráðherraráði ESB, sem er ráð fagráðherra aðildarríkjanna, þar sem eitt ráð er fyrir fjármálaráðherra og annað fyrir umhverfisráðherra, til dæmis. Ráðherraráðið er blanda yfirþjóðleika og milliríkjasamskipta, og ákvarðanir eru gjarnan teknar með kosningu, samkvæmt vilja meirihlutans.

### Ekki Evrópuráðið

Leiðtogaráð ESB heitir á Lensku *European Council* og er oft ruglað saman við *Council of Europe*, sem heitir Evrópuráðið á íslensku. Ofan í kaupíð er oft talað um *The Council (of the European Union)* þegar vísað er til þess sem á íslensku er kallað ráðherraráðið.

Evrópuráðið var stofnað 1949 og er ekki hluti af stofnanakerfi ESB. Í Evrópuráðinu eru 49 þjóðir, m.a. Aserbaídsjan, Ísland, Rússland og Tyrkland. Það eykur á ruglinginn að Evrópusambandið og Evrópuráðið notast við svipað auðkenni: tólf gular stjörnur á bláum bakgrunni. Evrópuráðið hefur sett handskrifað e ofan í merkið sitt til aðgreiningar.



### Leiðtogaráðið fjallar um Ísland

Leiðtogaráð Evrópusambandsins samþykkti í dag (17. júní 2010) að hefja viðræður við Ísland um aðild að sambandinu.

Í niðurstöðum leiðtogarfundarinnar kemur meðal annars skýrt fram að Ísland uppfylli hin pólitísku skilyrði aðildar. Einnig að viðræður muni miða að því með hvaða hætti Ísland taki upp regluverk ESB, uppfylli fyrirbyggjandi skuldbindingar skv. ábendingum ESA og í samræmi við EES, og bregðist við athugasemdom sem gerðar voru í áliti framkvæmdastjórnar ESB. Leiðtogaráðið fagnar staðfestu íslenskra stjórnvalda í því tilliti og tekur fram að viðræðuferlið muni byggjast á verðleikum Íslands sem umsóknarríkis og að framvindan fari eftir því hvernig Íslandi tekst að mæta þeim skilyrðum, sem sett verða í samningsrammanum.

Með ákvörðun leiðtogaráðsins færast Ísland úr umsóknarferli yfir í viðræðuferli. Þá hefst svokölluð rýnivinna þar sem löggjafar ESB verður borin saman í því skyni að finna út hvar ber á milli og hvað þarf að semja um. Þegar rýnivinnu er lokið (2011) hefjast svo eiginlegar viðræður.

- Úr tilkynningu utanríkisráðuneytis, 17. júní 2010



**BRUSSEL AÐ KVÖLDI TIL** Leiðtogaráðið hittist oftast í Justus Lipsius-byggingunni vinstra megin á myndinni.

# HÁGÆÐA HJÓL Á GÓÐU VERÐI

Frí heimsending á hjólum\*

VAXTALAUST  
LÁN Í 4  
MÁNUÐI  
Á HJÓLUM

**CROSS**

## 28" ARRINA

Dömu & herra  
Dömu einnig til í hvítu  
**59.999**kr



**NÝTT  
VISA  
TÍMABIL**

**CROSS**

## 26" TONUS

Dömu & herra  
**39.999**kr



Gírar: 18 gíra Shimano  
Bremsur: Promax V bremsur - TX115C  
Aukahlutir: Stál stell, glitaugu að framan, aftan og í gjörðum, standari

**RALEIGH**

## 26" SAHARA

**39.999**kr



Gírar: 21 gíra Shimano gripshift  
Bremsur: Promax V bremsur - TX115C  
Aukahlutir: Stell með dempara, gular X-POSE gjarðir, svartir teinar, Kenda dekk, glitaugu að framan, aftan, í pedölum og gjörðum, standari

**CROSS**

## ROCKY

20" **29.999**kr  
24" **34.999**kr



Stærð: 20"  
Gírar: 6 gíra Shimano  
Bremsur: Promax V bremsur - TX115C  
Aukahlutir: Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk



**CROSS**

## ALISSA

24" **34.999**kr  
20" **29.999**kr

Stærð: 24"  
Gírar: 18 gíra Shimano  
Bremsur: Promax V bremsur - TX115C  
Aukahlutir: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, Kenda dekk



Hagkaup | heim

**Frí  
heimsending**  
ef verslað er fyrir  
7500 eða meira\*

Gildir til 23. júní á meðan birgðir endast.

\*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



**ALLT Á FLOTI** Íbúar á flóðasvæðunum í Pakistan á síðasta ári reyna að ná sér í matarpakka en þurfa að berjast á móti kröftugu niðurstreymi lofts frá þylrunni sem færir þeim pakkana. Ástralski ljósmyndarinn Daniel Berehulak tók myndina, sem þótti best í flokki almennra fréttu af fólki.



**KEPPT Í BÓLIVÍSKRI GLÍMU** Þær Carmen Rosa og Yulia la Pacena gefa ekkert eftir þar sem þær taka þátt í góðgerðaglímu til að afla fjár fyrir baðklefa í skóla í La Paz, höfuðborg Bólivíu. Myndina tók ítalski ljósmyndarinn Daniele Tamagni og hreppti annað sætið í flokki lista- og afþreyingarljósmynda.



**EFTIR JARÐSKJÁLFTANN** Á Haítí hrönnuðust líkin upp í líkhúsi aðalsjúkrahússins í Port-au-Prince, svo lítið var annað að gera en henda þeim út í port. Þessi mynd franska ljósmyndarans Olivier Laban-Mattei þótti bera af í flokki almennra fréttamynda.

## Sterkustu fréttamyndir ársins

Hin árlega sýning **World Press Photo** á bestu fréttaljósmyndum ársins hefur verið sett upp í Kringlunni. Að venju ber þessi alþjóðlega ljósmyndasýning bæði fagurt og óhugnanlegt vitni um fréttænema atburði liðins árs.

**Þ**etta árið tóku nærri 5.700 ljósmyndarar frá 125 löndum þátt í keppinni. Þeir sendu samtals inn 108 þúsund ljósmyndir og fékk hópur atvinnuljósmyndara það erfiða hlutverk að velja þær sem bestar geta talist.

Sigurmyndin er tekin í Afganistan af ungru stúlku sem mátti þola limlestingar af hálfu eiginmanns síns sem hún hafði reynt að flýja frá.

„Þetta gæti orðið ein af þessum ljósmyndum – og þær verða ekki nema svo sem tíu á ævi hvers manns – sem allir vita um hvað verið er að tala þegar einhver segir: þú veist, myndin af þessari

stúlku,“ segir David Burnett, sem var formaður dómnefndarinnar.

„Þetta er ótrúlega sterk mynd,“ segir Ruth Eichhorn, sem einnig sat í dómnefndinni. „Hún er mögnuð vegna þess að það er svo mikil reisin yfir konunni, þetta er eins og helgimynd.“

Alls voru veittar viðurkenningar í níu flokkum ljósmynda og komu þær í hlut 55 ljósmyndara frá 23 löndum.

Þetta er í fimmtánda sinn sem sýning World Press Photo er í Kringlunni. Hún verður opin á afgreiðslutíma Kringlunnar til 7. júlí.

Þess má geta að ljósmyndarar Fréttablaðsins sýna einnig úrval af ljósmyndum sínum í Kringlunni.

### SIGURMYNDIN



Ljósmynd suður-afríska ljósmyndarans Jodi Bieber af afgönsku stúlkunni Bibi Aisha varð fyrir valinu sem ljósmynd ársins. Bibi Aisha hafði tólf ára verið gefin manni úr talibanahreyfingunni en flúði heim til foreldra sinna, þar sem hún kvartaði undan ofbeldi af hálfu tengdafólks síns. Kvöld eitt birtist hópur manna sem krafðist þess að fá hana afhenta. Þeir fóru með hana til fjalla þar sem henni var haldið niðri meðan eiginmaðurinn skar af henn fyrst bæði eyrun og síðan nefið. Hún var síðan skilin þar eftir í blóði sínu en fannst nokkru síðar og var þá færð í umsjá hjálparstofnunar Kvenna í þágu afganskra kvenna. Þar fékk hún bæði læknismeðferð og sálfræðihjálp og var síðan send til Bandaríkjanna, þar sem hún fékk bæði ráðgjöf og lýtalækningameðferð. Hún býr nú í Bandaríkjunum.

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

júní 2011



## Aftur til fortíðar

Dagný Hermannsdóttir og fjölskylda hafa búið meðal Amish-fólks í Pennsylvaníu.

SÍÐA 2

## Margt skemmtilegt fram undan

Nokkrir hressir krakkar segja frá sumarplaninu.

SÍÐA 6



Er þitt barn **okkar** barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin“ í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu **okkar.is** og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

zebra

okkar



# Ferðast um sögu slóðir Íslands

Sumarið er tími ferðalaga fjölskyldunnar. Flestir eru þegar byrjaðir að huga að skipulagningu ferðalaga en landið hefur upp á ýmislegt að bjóða, fróðleik, sögu, ævintýri og allt í bland.

Á Íslandi er mikið um sögufræga staði sem börn á skólaaldri hafa nýlukið við að læra um en líklega er lengra síðan flestir foreldrar hafa rifjað upp söguþekkingu sína. Því er tilvalið að ferðast milli þekktara staða og svæða Íslandssögunnar í sumarfríinu.

Börnin gætu jafnvel kynnt þeim eldri sögu hinna ýmsu staða eftir því hversu nýlega þau hafa lesið hana. Einnig er boðið upp á skipulagðar ferðir þar sem sagan er í forgrunni á söfnum og svæðum landsbyggðarinnar.

Grafa má upp margvíslegan fróðleik

um hina ýmsu staði á landinu, til dæmis er talið að á Laugarnesinu sé leiði Hallgerðar langbrókar, sem settist þar að eftir víg Gunnars á Hlíðarenda, Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaðurinn,

FRAMHALD Á SÍÐU 4

## VIKUTILBOÐ Á 2,5" FLAKKARA

WD

WD Elements 640GB

- Fyrirferðalitill 2,5" USB flakkari
- Tekur straum gegnum USB tengið
- Stílhrein og flott hönnun
- Passar vel í vasa

640GB



SEX VERSLANIR

9.990

FULLT VERÐ KR. 12.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFÖSS • HAFNARFJÖRÐUR

## ALLTAF BETRA VERÐ

Ragnheiður Tryggvadóttir  
skrifar



## Lautarferð er allt sem þarf

Sumar af mínum skemmtilegustu æskuminningum eru frá ferðalögum fjölskyldunnar. Nesti í skráfandi smjörpappír, útivera og mývargur, gönguferðir og grillpýlsur, allt rifjast þetta upp fyrir mér á hverju ári þegar fer að sumra. Við vorum sjö, fimm krakkar og foreldrar, og ferðumst öll saman í löngum rússajappa, með tjald og prímus aftur í. Á kvöldin röðuðum við okkur niður í tjaldið eins og sardínur í dós, eftir ákveðinni röð, svo allir kæmst fyrir. Við tvær yngstu vorum innst.

Við ferðumst alltaf innanlands og ég hef komið í alla landsfjórðunga, oftar á suma staði en aðra. Ég man að við fundum engan góðan stað til að tjalda á í Víðidal, svo við fengum leyfi bónda til að tjalda á túninu hans niðri við ána. Á eyri úti í ánni var unnið á stórrí gröfu, sem malaði lengi inn í kvöldkyrrðina. Ég man eftir þokunni á Austfjörðum og stuttu grillpýlsunum sem mamma keypti í búð í einhverjum firðinum. Ég man eftir sundferð í Varmaland í Borgarfirði,

orminum utan á Kaupfélaginu á Egilsstöðum, vegasaltinu í Atlavík og hvernig ég gat ekki sofnað í tjaldinu um kvöldið eftir sögur bræðra minna af Lagarfljótsorminum. Ég man eftir gönguferð í Ásbyrgi og matskeiðinni sem ég fann í sandgryfjunni þar. Man líka eftir druninum í Dettifossi og hvernig úðann frá honum lagði langar leiðir. Það sem stendur upp úr ferðalögum er einföld og hversdagsleg atriði en þó ljúfar og skemmtilegar minningar.

Kannski vegna þess að þegar fjölskyldan var á ferðalagi var hún ekki að gera neitt annað, engin vinna sem truflaði eða sjónvarpsfréttir sem þurfti að horfa á, allir saman í einum bíl og engir DVD-spilarar.

Enn hef ég ekki farið í útilegu með mín eigin börn, sem eru tveggja og fimm ára gömul. Mikla það fyrir mér og sé ekki hvernig ég muni geta haldið á þeim hita í tjaldinu, fengið þau til að borða samlokur með kæfu, varið þau fyrir mýbiti og passað að þau brenni ekki í sólinni, hvað þá haft ofan af fyrir þeim í bílnum dögum saman og bryddað upp á nógu skemmtilegum áfangastöðum og afþreyingu.

Þetta er auðvitað vitleysa í mér. Fjölskylduferðalög þurfa ekki að vera stór í sniðum til að verða eftirminnileg í hugum barna. Dagsferð yfir í næstu sveit, nesti í laut og sundferð er allt sem þarf.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir

**Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Fyrirsætur:** Þórdís Hermannsdóttir, Úlfar Davíðsson og Birkir Blær, Orri og Embla Sara Úlfarsbörn. **Pennar:** Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is



Gamaldags lífsmáti Amish-fólkið lifir samkvæmt gömlum venjum.

NORDICPHOTOS/AFF

## Á slóðir Amish-fólks

Dagný Hermannsdóttir og fjölskylda eru á leiðinni í sumarfrí til Bandaríkjanna. Þar ætla þau að dvelja í grennd við Amish-fólk sem lætur sig nútímalífnaðarhætti litlu varða.

Þetta er bara svo ljúft og kurt-eist fólk sem tekur manni vel og náttúrufergurðin er engu lagi lík,“ svarar Dagný Hermannsdóttir létt í lund þegar blaðamaður grennslast fyrir um ástæður þess að fjölskylda hennar hefur ákveðið að verja sumarfríinu á slóðum Amish-fólks í Bandaríkjunum. Athygli vekur að þetta er ekki í fyrsta eða annað heldur þriðja sinn sem ferðinni er heitið á þennan óvenjulega áfangastað.

Dagný og eiginmaður hennar Ólafur Loftsson ætla ásamt börnunum sínum þremur, Birtu 21 árs, Grími 18 ára og Ástu 13 ára, til Lancaster-sýslu í Pennsylvaníu, í tveggja stunda akstursfjarlægð frá Washington-borg. Þar dvelja þau í bjálkaka á tjaldsvæði sem kallast Country Acres Camp og er í grennd við samfélag Amish-fólks sem lætur sig nútímalífnaðarhætti litlu varða.

„Auðvitað er heilmikil upplifun að sjá fólk í gamaldags klæðnaði, akandi um í hestvögnum eða með orf og ljá á ökrunum, en maður verður bara að passa sig á að stara ekki,“ viðurkennir Dagný en getur þess að upphaflega hafi handverk íbúanna vakið forvitni hennar. „Ég er sjálf á kafi í bútauma og eftir að hafa lesið um handsverk-kunnáttu þeirra dreif ég fjölskylduna út.“

Hún segir margt fleira áhuga-vert að sjá. Verslunarkjarnar, markaðir, býli og lestarsafn, þar



Öðruvísi frí Dagný og Ólafur ásamt börnunum sínum þremur, Grími, Ólöfu og Ástu, í grennd við svæði Amish-fólks í Lancaster-sýslu. Þar naut fjölskyldan samvista við þetta hlédræga og kurteisa fólk og ætlar þangað aftur í sumarfrí.


sem kostur gefst að ferðast með eimreið gegnum Amish-svæðið, séu meðal þess sem laði að ferðamenn, auk þess sem flestir hafi gaman af að velta fyrir sér sköndnum bæjarheitum á borð við Virgin og Paradise.

Dagný og fjölskyldan áttu yndislegt frí í Lancaster og í raun mun betra en nokkurt þeirra hafði gert sér í hugarlund. Hins vegar stóð ekki til að snúa þangað aftur, fyrr en farið var að skipuleggja næsta frí. „Þá kom í ljós að Lancaster var efst á óskalista allrar fjölskyldunnar, líka krakkanna. Okkur þykir bara miklu skemmtilegra að skella okkur í útilegur, grilla og spila á kvöldin en að hínast inni á hótélher-

bergi með 500 sjónvarpsstöðvar til að velja um!“

Svo skemmir tiltölulega lítill kostnaður heldur ekki fyrir, bendir Dagný jafnframt á „Við borgum bara 40 dali fyrir allt saman; gistingu, aðgang að tjaldsvæði, grilli, heitum potti og fría rútuferð.“

Hún bætir við að ferðalagið hefjist þó að þessu sinni hátt í fjöllum Nýju-Mexíkó þar sem fjölskyldan hefur skipst á húsi og bíl við hjón. „Þau fá sem sagt afnot af húsinu okkar og bíl á meðan og þetta kostar ekki krónu,“ útskýrir Dagný, sem kveður hins vegar mesta eftirvæntingu vera fyrir heimsókninni til Amish-landsins, eins og Lancaster er stundum nefnt. - *rv*



Stígandi unaður

Maltesers®, súkkulaði á léttna máta



## BARNVÆNT


### Lítið leyndarmál í 107

Þótt hinn eiginlegi rólóvöllur sé á undanhaldi má þó finna nokkra góða á höfuðborgarsvæðinu. Einn af þeim skemmtilegri leynist í Vesturbæ Reykjavíkur, við göngustíg sem liggur milli Tómasarhaga og Lynghaga. Völlurinn er skjólgóður, með skemmtilegum leiktækjum fyrir yngri og eldri börn og því upplagður fjölskyldustaður.






# ego dekor



Glerskápur  
Breidd 100cm  
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur  
Breidd: 170cm  
Verð: 139.900,-


BORDSTOFUBORD  
200X100

TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS  
Skenkur Breidd: 180cm  
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100  
Verð: 178.000,-

TV Skenkur  
Breidd: 200m  
Verð: 98.000,-



## FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi  
Stærð: 250X165  
Verð: 278.000,-



ROMEIO leðurtungusófi  
Stærð: 320X165  
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi  
Stærð: 310X180  
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi  
Stærð: 295X167  
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll  
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll  
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll  
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi  
Stærð: 252X165  
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00  
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 5444420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)

# menning


nemum og njótum...



**NORRÆN GOÐAFRÆÐI** er nátengd íslenskri menningu og ótæmandi uppspretta af skemmtun og fróðleik.



**ÝMSAR LEIÐIR** eru í boði til að kynna sér íslenskan menningararf. Til dæmis má horfa á kvikmynd eða hlusta á hljóddisk þar sem forfeður okkar eru í aðalhlutverki.



5

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




1

## The Passport to your future!



[www.cesarritz.is](http://www.cesarritz.is)

### Hotel and Tourism Management Studies Iceland/Switzerland



**Umsóknarfrestur er til 27. júní**  
**Hótel og Veitingaskóli Íslands**  
**Menntaskólanum í Kópavogi**  
Merkja umsókn B/t. Baldur Sæmundsson

**Fyrsta ár:** Joint Certificate programme  
Hospitality and Culinary School of Iceland

**Annað & þriðja ár:** Bachelor of International Business  
University Centre "César Ritz" in Switzerland

Skólinn hefst á eftirfarandi dags.  
Fyrsta ár: 29. ágúst 2011

**Nánari upplýsingar eru veittar hjá:**  
Árni Valur Sólonsson, Sími: 896-2204 eða  
Baldur Sæmundsson, Sími: 594-4000



**César Ritz**  
COLLEGES SWITZERLAND  
Excellence in International Hotel and Tourism Management Education

**1** Gaman gæti verið að fara með fjölskylduna á Sturlungaslóðir, til dæmis að Hólum í Hjaltadal. Á Hólum er margt að skoða, svo sem Hóladómkirkju, Auðunarstofu, Nýjabæ og fornleifauppgroft. Á Hólum var annað tveggja biskupssetra á Íslandi en um sjö alda skeið sátu biskupar að Hólum.

**2** Gamlar íslenskar arfsagnir herma að Eiríkur rauði hafi búið á Eiríksstöðum í Haukadal. Eiríkur

þótti illur viðureignar og var gerður brottrækur úr Haukadal eftir að hann gerðist sekur um vígaferli. Spennandi gæti verið að fara með alla fjölskylduna á lifandi safn Eiríksstaða þar sem leiðsögumenn klæddir að fornum sið fræða gesti um söguna, sýna fornt handverk og muni.

**3** Hægt er að kynna Njáluslóðum í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Eftir leiðsögn um sýningu safnsins er

haldið með rútu til staða þar sem af ríkustu atburðir N sést stað. Hópnun tækifæri til að sjá Sámur hundur Gu var drepinn, hvar Bergþórshvoll stó báli og hvar hatró vígin fóru fram.

**4** Á Landnámsset Borgarnesi er í bo konar afþreying f fjölskylduna. Eftir Landnámsýningu verði skoðuð þar

#### FRAMHALD AF FORSIÐU

hafði vetursetu í Ingólfshöfða árið 874 og Flugumýri í Blönduhlíð er nefnd eftir hryssunni Flugu sem var eitt mesta afbragðshross landnámsaldar. Fjölskyldan getur skemmt sér við að finna fróðleik um hina ýmsu staði landsins og ausið úr viskubrunni sínum á ferðalaginu. Hér eru dæmi um nokkra staði sem gaman gæti verið að heimsækja á ferðalagi um sögueyjuna Ísland. -mmf



3

4



MYND/SÖGUSÉTRÍÐ



19. júní



Frá vinstri: Fríða Rós Valdímarsdóttir, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

# Ritstjórnarpistill

Texti: Ritstjórnin

Ljósmynd: Dröfn Nikulásdóttir

Nú eru liðin 100 ár síðan samþykkt var á Alþingi Íslendinga að konur skyldu hljóta jafnan rétt til náms, styrkja og embættar. Árið 1911, sem seinna var gjarnan nefnt kvenréttindaárið mikla, var samþykkt á þingi að konur skyldu fá kosningarétt. Raunar neitaði Danakonungur að samþykkja kosningaréttinn að því sinni, þar sem sambandsmál Íslands og Danmerkur voru í miklum ólestri. Þetta frumvarp lagði þó grunninn að lögunum sem sett voru þann 19. júní fjórum árum síðar, þegar íslenskar konur fengu loks kosningarétt.

Sextíu ár eru liðin síðan fyrsta tölublað 19. júní, tímarits Kvenréttindafélags Íslands, kom út. Margt hefur gerst í kvenréttindabaráttunni síðan Svafa Þórleifsdóttir ritstýrði fyrsta tölublaðinu. Í ár er blaðinu dreift ókeypis til allra landsmanna og vildi ritstjórnin leggja áherslu á söguna, baráttu okkar

fyrir jafnrétti síðustu öldina og á samstöðu og vinskapi kvenna sem við teljum vera lykilinn að raunverulegu jafnrétti í framtíðinni.

Í greinum blaðsins er minnst fyrstu baráttu-kvennanna sem ruddu brautina í lok nítjándur aldarinnar og kynnt til sögunar sú kynslóð sem mun marka sporin næstu áratugina. Í blaðinu eru m.a. birtar myndir af konum úr mismunandi öngum stjórnmálanna sem þrátt fyrir ólíkar skoðanir eru vinkonur og starfa saman á jafnréttisgrundvelli við að hlúa að framtíð þjóðarinnar. Samstaða kvenna sem er okkur svo mikilvæg núna á óvissutímum birtist í vinnslu þessa blaðs, þegar fjöldamargar konur lögðu fúslega hönd á plóg. Við þökkum öllum þessum konum fyrir vinnu sína, og óskum lesendum okkar til hamingju með 19. júní!

1907 birtist stutt grein í *Kvennablaðinu* undir titlinum „Kvenfrelsi“. Höfundur greinarinnar, titluð „Þingeyisk sveitastúlka“, var hin 19 ára Svafa Þórleifsdóttir. Hér fyrir neðan er greinin prentuð í heild sinni ásamt grein skrifari af annarri 19 ára stúlku, Snærosu Sindradóttur, rétt rúmum hundruð árum síðar. Margt hefur áunnist í kvennabaráttunni á þessari einu öld, en enn er margt óunnið.

## Kvenfrelsi

Svafa Þórleifsdóttir skrifaði þessa grein árið 1907. Þá var hún 19 ára gömul. Hún starfaði sem kennari og skólustjóri næstu áratugina og var ávallt virk í kvenfélögum landsins. Hún sat í stjórn Kvenréttinda-félagsins 1946-1965. 19. júní kom fyrst út árið 1951 og var Svafa ritstjóri þess fyrstu sjö árin.



Texti: Svafa Þórleifsdóttir

Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands

kvenlegt? Er kvenlegt að vera sá aumingi, að komast ekki á bak á hest, eða bæjarleið, án karlmanshjálpar? Er kvenlegt að hrópa: „Guð almáttugur!“ ef barn rekur upp org eða fluga eða mús – þessi hræðilegu dýr(!) – sjást einhverstaðar nærri? Það er blátt áfram uppgerð og tepruskapur, hverjum heiðarlegum manni, karli og konu til stórskammur og svívirðu.

Enn vitum við ekki, hvernig alþingi og stjórn verða við kröfum okkar um kosningarétt. Enginn óskar innilegar en eg, að svörin þau verði góð og engin kona mundi fúsari hagnýta sér þann rétt en eg. En eg vil hafa meira frelsi, andlegt frelsi, svo við verðum færar um að hrinda af okkur þeim böndum, sem hinda okkur við gamlar kreddur; kreddur, sem aldrei hefðu átt að vera til. Byrjum með því að kenna stúlkubörnunum, að þær sju menn fyrst og fremst; hugsandi, frjálssar verur, á jafnháu stigi og karlmenn; „neisti af guðs lifandi sál“.

Kennum þeim, að þær geti gengið óstuddar, þurfi ekki að standa undir verndarvang karlmanna. Þá rís upp hið sanna kvenfrelsi á Íslandi. Og þá getur enginn sagt, að við höfum ekkert við kosningarétt að gera. Þar vildi eg vera, sem kvenþjóðin hefði fundið sálu sína, – allar konur. Væri búin að grafa hana upp úr dýki þrjáls og uppgerðar. Því við erum engir hugleysingar. Við þorum að reyna, að „vogun vinnur og vogun tapar“, ef við gætum einungis allar trúað, að það sé kvenlegt. Hefðum ætíð hugfast, að teprudrósin, sem ekki getur riðið yfir áarsprænu eða hoppað yfir læk óstudd, er þúsundfalt minna virði en hin, sem leggur alla krafta sína fram til þess, að stríða og sigra, án þess að hugsa um, hvort það sé ókvenlegt eða ekki, þó hin fyrnefnda sé ef til vill álitlegri sýnum eða betur búin.

Renni sú öld yfir Ísland, að tízkubrúðan og teprudrósin verði athlægi allra! Þá er kvenfrelsi í landi. Fyr ekki.

Þingeyisk sveitastúlka.

## x(brjóst) = hamingja

Snæros Sindradóttir er 19 ára mennt-skælingur sem er varaformaður Ungra Vinstri Grænna og varakona í Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar fyrir Vinstri hreyfinguna, grænt framboð.

Texti: Snæros Sindradóttir

Ljósmynd: Gréta Guðmundsdóttir



Fyrir ofan borðstofuborðið heima hjá mér hangir innrammað plakati sem útféið var þann 19. júní 1915. Fyrir þann sem ekki þekkir sögu þess mætti halda að hér væri á ferð þjóðrembingsleg lofgjörð um landið enda er á því mynd af Þingvöllum umlukt einum átta eintökum af íslenska fánanum. Það er ekkert á myndinni sem gefur til kynna að hún sé gefin út í tilefni þess að þennan dag fengu konur, 40 ára og eldri og vinnuhjú, kosningarétt til Alþingis. Þrátt fyrir umdeilanlegt fegurðargildi myndarinnar fær hún að hanga sem inspirerandi minnismerki um allt sem hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni og allt það sem enn þarf að berjast fyrir. Því þrátt fyrir að lagalegu jafnrétti hafi verið náð er kvenfrelsi varla í auglýsing.

Baráttukonur fyrir 100 árum höfðu það að markmiði að ná grundvallar-mannréttindum í lög. Þær dreymski um að fá að segja skoðun sína til jafns við karla í kosningum og margar þurftu jafnvel að berjast fyrir því að fá að ganga í buxum við vinnu. Í dag hefur lagalegu jafnrétti verið náð og því ber að fagna. Það er skylda okkar sem samfélags að gleyma ekki þeirri baráttu sem háð var og hve ótrúlega stutt er síðan áfanganum var náð. En baráttusystur mínar fyrir 100 árum

óræði ekki fyrir þeim hindrunum sem eru í vegi kvenna í dag.

Skýr skilaboð um hlutverk kvenna og atgervi sem þeim semir hamra á hinu vestræna samfélagi nú sem aldrei fyrr. Í dag þykir sjálfsagt að breyta útliti sínu með róttækum hætti til að þóknast fyrirfram ákveðnum stöðlum tískuheimsins. Auglýsingar miða allar að því að fólk þurfi að finna hamingjuna með hinni klassísku breytu X = sjálfstraust = hamingja. Í stað þess að X standi fyrir andlegt jafnvægi, sátt eða heilbrigði hefur markaðsöflunum tekist að láta hamingjuna snúast um sig og þar af leiðandi peninga; X = stór brjóst X = stærri brjóst X = mjórra mitti X = engin sjáanleg ummerki um að þú, kona, hafir gengið með barn. Það eru þúsund atriði sem kona getur látið breyta í fari sínu og líkama í nafni aukinnar hamingju.

Karlar eru ekki undanskildir útlitskröfunum þó minni áhersla sé lögð á þá í auglýsingum og dægurmenningu. Staðreyndin er sú að markaðsöflin hefðu okkur þar sem við erum veikust fyrir, með stanslausum áróðri um að við séum ekki að sinna frumhvöt okkar, kynlífi, á nægilega réttan og flottan hátt. Klámið hefur búið til staðal sem

enginn, sem ekki hefur aðgang að forðunarfræðingum, ljósameisturum og jafnvel klippiforriti sem gerir þér kleift að taka pásur á milli stellinga, getur staðið undir. Með tilkomu internetsins hefur klámið orðið ótrúlega aðgengilegt og rannsóknir sýna að flest ungt fólk hefur séð klám áður en það upplifir sína fyrstu kynlífsreynslu. Það þarf ekki snilling til að átta sig á brengluninni. Hin hefðbundna klám-mynd niðurlægir konur með mjög markvissum hætti og þar liggur hundurinn


grafinn. Við búum í samfélagi þar sem börn sjá konur niðurlægðar í dægurmenningu og á götum úti – það er normið og við verðum að horfast í augu við það.

Stöðugar kröfur miðlanna og markaðsaflanna kalla fram gagnkvæma óánægju og ákveðna brenglun á því sem eðlilegt er. Þar af leiðandi er ómögulegt að verða hamingjusamur í samfélagi dagsins í dag nema maður hefji sig yfir tilætunarsemina og horfist í augu við að fullkomnun náist aðeins í ófullkomnun. Fæst börn hafa þróað með sér hæfileikann til þess.


Ef við sem samfélag getum viðurkennt að klámið og auglýsingarnar eru vandamál og erum tilbúin að taka á því er hægt að koma í veg fyrir stórslys. Ef við tökum ábyrgð og erum upplýst er aldrei að vita nema að eftir önnur hundruð ár skrifi tvítug stelpa grein um þann sigur sem íslenskar konur og íslenskir karlar, sameinuð, náðu á kostnað þeirra sem vildu brengla hugsanir okkar og hamingju. Það sakar ekki að vona. Jafnrétti og virðing = hamingja.

Reykjavíkurdama

# ego dekor



Glerskápur  
Breidd 100cm  
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur  
Breidd: 170cm  
Verð: 139.900,-


BORDSTOFUBORD  
200X100

TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS  
Skenkur Breidd: 180cm  
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100  
Verð: 178.000,-

TV Skenkur  
Breidd: 200m  
Verð: 98.000,-



## FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi  
Stærð: 250X165  
Verð: 278.000,-



ROMEO leðurtungusófi  
Stærð: 320X165  
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi  
Stærð: 310X180  
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi  
Stærð: 295X167  
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll  
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll  
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll  
Verð: 16.900,-




NEW ENGLAND tungusófi  
Stærð: 252X165  
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00  
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 5444420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)

# „Það deyir bara eitthvað þegar kona klæðir sig í flatbotna skó.“



Myndin tengist efni greinarinnar ekki beint

**Langt fram eftir síðustu öld var gjarnan ein kvennasíða í hverju dagblaði, þar sem fjallað var um tísku, snyrtivörur, fegrunarráð og fræga fólkið. Eitthvað urðu jú konurnar að hafa til að skoða þegar eiginmaðurinn hafði lokið við að lesa innlend og erlend tíðindi af stjórnmálum og öðru sem of flókið var fyrir kvenheilann að vinna úr. Nú er öldin önnur, en samt keppast jafnt einstaklingar sem stærstu fjölmiðlarnir við að gera okkur konunum til hæfis með því að fjalla um, tja... tísku, snyrtivörur, fegrunarráð og fræga fólkið.**

Texti: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Myndskreyting: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Sú sem vísað er til í fyrirsögn, tískudrottningin Marta María, skrifaði orðin á lífsstílsvef (10/8 2010) þegar hún sagði frá nýstárlegri refsingu sem kona ein hlaut þegar hún var gæsuð af vinkonum sínum. Gæsin var sumsé hægri kona en var látin klæða sig eins og hún væri vinstri kona.

Framhald setningar Mörту Maríu er: „...svo ekki sé talað um víðar hippalegar úlpur og skakkar peysur.“ Í greininni lætur hún að því liggja að vinstri konur klæði sig á þennan hátt (og séu því væntanlega alltaf að myrða eitthvað með klæðaburðinum einum saman). Marta María hrósar sérstaklega hönnuðinum Sonia Rykiel, sem „veit hvað hún syngur“ og hefur sagt að konur „ættu alltaf að vera málaðar og í hælaskóm“. Lífsstílsvefir eru hver öðrum líkir og þjatt-rófan Eva Pálsdóttir tekur undir þetta með hælaskóna í nýlegri grein. Segist sjálf aldrei klæðast lágbotna skóm. Meira að segja inniskórnir hennar séu með hæl.

Þjattrófurnar kynna sig sem „Nokkrar þjattaðar konur sem hafa gaman af þjatti og þrjáli“ og vefur þeirra samanstendur að mestu af snyrtivörukynningum. Þjattrófurnar eru, líkt og Marta María og konurnar á Bleikt.is (sem er „vefur fyrir drottningar“) mjög uppteknar af því að kynsystur þeirra fái hindrunarlaust að rækta áhuga sinn á tísku og förðun.

## Klámstjarna í Mensa

„Kynþokkafull kona hlýtur að vera vitlaus. Það er, ef hún er virkilega kynþokkafull, klæðir sig og hreyfir á þann hátt sem tryllir karlpeninginn og gerir konurnar afbrýðisamar, þá hlýtur eitthvað að vanta í hana þarna uppi. Það er í lagi að vera falleg og klár, en

alls ekki sexý og klár. Það er bannað,“ skrifaði Hlín Einarsdóttir (ristj. Bleikt.is) á Pressuna 1. okt. sl. Hún bætti þó við (þegar aðdáendum hennar var sennilega farið að renna kalt vatn á milli skinns og hörunds): „Ekki að þetta séu mínar skoðanir, heldur er það svona innbyggt í mann, félagsmótunin og óskráðar reglur samfélagsins.“ Auðvitað var Hlín á þeirri skoðun

„zombíganga illu rauðsokkanna fór að vísu framhjá mér, en tilhugsunin er skemmtileg engu að síður“

að kynþokki og gáfur gætu vel farið saman. Máli sínu til stuðnings nefndi hún klámstjörnuna Asia Carrera, sem er víst meðlimur í Mensa (samtökum fólks með háa greindarvísitölu). Að mati Hlínar sannar hún að konur geta alveg verið bæði sexý og klárar!

Það eru heimspekimolar af þessu tagi sem einkum skemmta mér þegar ég les Hlín og skjaldmeyjar hennar á vefnum sem sífellt þykist vera að brjóta undan einhverju ægivaldi þess sem er „innbyggt í mann, félagsmótunin og óskráðar reglur samfélagsins“. Fullyrðingastíllinn er hreint óborganlegur:

„Stelpur vilja láta koma fram við sig eins og prinsessur, sama hvað hver segir, innst inni viljum við það allar.“

## Og rauðsokkurnar risu upp úr grófum sínum

Nýlega skrifaði Klara Egilson, pistlahöfundur á Bleikt, grein í tilefni þess að hálf títill frá því að vefurinn var stofnaður. Á dramatískan máta lýsir hún því hvernig hún

var beðin að ganga til liðs við bleika gengið og er átökunum í herbúðum kvennanna helst saman að jafna við þau sem áttu sér stað í íslensku efnahagslífi í byrjun október 2008. Klara segir beinlínis að vefurinn hafi „snúðið þjóðfélaginu á hvolf“:

„Allir höfðu skoðanir á Bleikt, vefnum sem var fullskipaður konum. Rauðsokkur risu upp úr grófum sínum og við áttum fótum okkar fjör að launa.“

Að lífsstílsvefurinn Bleikt hafi snúðið þjóðfélaginu á hvolf og þessi zombíganga illu rauðsokkanna fór að vísu framhjá mér, en tilhugsunin er skemmtileg engu að síður.

Ofangreindir vefir virðast vera fyrir konur sem þrá að vera kvenlegar og mjúkar „drottningar og prinsessur“ – sennilega til þess að losa af sér einhverja fjötra sem þær telja okkur hafa verið hnepptar í.

Ég kannast ekkert við slíka fjötra. Töluvert margar rauðsokkur hef ég umgengist um dagana og engin þeirra hefur svo mikið sem ýjað að því að maður geti dáði af því að ganga á hælaskóm eða að konur eigi alltaf að sýna af sér hörku á kostnað „hinna mykri gilda“.

Raunar myndi ég leita mér hjálpar ef mín innsta þrá væri að „láta koma fram við mig eins og prinsessu“ og ég fyndi mig knúna til að ná mér í karlmann sem fyrst og fremst „dekrar við mig“. En hvað veit ég svosem? Það er ekki eins og ég sé í Mensa.

## Bleikt og blátt

Núna í ár kom út bókinn *Cinderella All My Daughter* eða *Öskubuska át dóttur mína* eftir Peggy Orenstein. Í bókinni rekur Orenstein barnamenningu síðustu aldar og hvernig hún hefur orðið kynjaskiptari með hverju árinu sem líður. Orenstein segir okkur að það er ekki fyrr en í upphafi 20. aldarinnar að foreldrar á Vesturlöndum fóru að klæða börn sín í bleikt og blátt. En þá voru það strákar sem voru klæddir í bleikt, enda var það talinn vera ljósari útgáfa af hinum karlmannlega rauða byltingarlit. Stelpur voru frekar klæddar bláu, lit hreinleika og sakleysis.

## „Snuðið“

Katrín Anna Guðmundsdóttir, fyrrum talskona Fémínistafélags Íslands, hefur smíðað hugtakið *snuðið* fyrir eftirfarandi tilhneigingu:

Að væla og skæla er ekki tengt hugmyndum okkar um karlmennsku. (Sumir) karlar eiga þó til að væla þegar fémínisma ber á góma og þá kalla þeir iðulega eftir snuði. Til að halda friðinn og losna við vælið er snuðinu oft stungið upp í þá með orðum eins og „En ég veit að þú ert enginn karlremba“ eða „Þú ert auðvitað undanskilinn“. Þessi moli inniheldur meira að segja snuð... innan sviga.

## Lesbiur

Til er fræg saga frá því á dögum Rauðsokkanna, en þá voru lesbiur svotil ósýnilegar í kvennahreyfingunni. Einvörju sinni var Gunna Ögmunds á vakt þegar erlendar blaðakonur komu að máli við hana og vildu spyrja um íslensku lesbiurnar, hvar þær hittust og hvernig þeirra málum væri háttað. „Ja, lesbiurnar? Þær eru bara báðar fluttar til Kaupmannahafnar!“ átti Gunna að hafa sagt.

(Margrét Pála Ólafsdóttir, úr *Ég skal vera Gryla*)

## Flott & fémínísk blogg

Tískubloggið: <http://tiskublogg.blogspot.com/>

Hildur Lilliendahl: <http://kaninka.net/snilldur/>

Vegið úr launsátri: <http://vegidurlaunsatri.blogspot.com/>

Sigurbjörn: <http://gagnrynt.blogspot.com/>

Silja Bára: <http://siljabara.cyjan.is/>

Líkamsvirðing: <http://www.likamsvirding.blogspot.com/>

# Karlar sem hata konur

Texti: Helga Guðrún Jónasdóttir, formaður Kvenréttindafélagsins

Millenium trífloga sænska spennu-sagnahöfundarinnar og blaðamannsins Stieg heitins Larsson hefur sem kunnugt er farið sigurför um heiminn.

Það er líklega engin tilviljun. Frásögnin er „marglaga“ með hverju „laginu“ af öðru, raðað firnavel saman. Úr verður safarík heild með eitthvað fyrir alla – magnaða spennu- og ástarsögu, óhugnanleg sakamál, kynlíf og ofbeldi, heitu-sögu lítilmagnans, átök góðs og ills. Einn áleitnasti þáttur sögunnar er þó líklega samfélagsrými höfundarinnar, sem hæglega má sjá sem vægðarlausu gagnrýni á myrkustu afkima fedraveldisins fyrr og nú.

Larsson gefur tóninn þegar í titli fyrstu bókarinnar, Karlar sem hata konur. Þessi áleitni titill er allt að því óþægilega beinskýttur, sem gæti jafnframt skýrt að í engilsaxneskri þýðingu var bókinn markaðssett undir allt öðrum formerkjum, eða sem Stúlkann með drekahúðflúrið (The Girl with the Dragon Tattoo). Hvað sem slíkum vangaveltum líður, stendur eftir spurningin í hvað höfundurinn sé að vísa með svo ágengum hætti, sé á annað borð eitthvað annað og meira að baki en sterkur titill á hörkugóðum „þriller“ um þónakaða tölvunördastelpu, róttækan rannsóknarblaðamann, gamla nasistakarla, sadíska embættisakarla og síðblinda njósnakarla.

Séð með augum Larsson bærast

þó önnur og hrikalegri öfl að baki „vöndu gæjanna“ en venja stendur til í þessari grein bókmenntanna. Eftir því sem sögunni vindur fram, koma þau forneskjulegu viðhorf sífellt betur í ljós, sem spretta fram af þúsund ára guldakerfi fedraveldisins og réttlæta annars vegar drottunarvald karlmannsins yfir þeim sem eru honum óæðri og hins vegar réttmæta ásókn hans í völd og veraldleg gæði - óháð því sem afleiðingum og mannlegu þjáningum sem af því hljóta.

Samfélagið breytist út frá þessu sjónarhorni í vígvöll valdhroka og spillingar, þar sem græðgi og grimmd telst dyggð og kynbundið ofbeldi grasserar í öllum sínum fjölbreytta viðbjóði. Hatríð á konum birtist síðan sem tákngervingur þessa forna gildakerfis og harðri báttu þess við tíðarföll tímans – kröfunni um jafnrétti og jafnræði.

Hvert höfundurinn sé svo að fara, fer væntanlega eftir túlkun hvers og eins. Sviplegr fráfall Stieg Larsson eftir 2004 skilur túlkun tríflogunnar árið alveg galopna. Datt hann einfaldlega niður á nýstárlega leið til að halda uppi málstað róttæks fémínisma eða er hann að benda á ýmis óræk ummerki þess að fedraveldið riði nú til falls, í það minnsta í vestrænum samfélögum? Það glitir þó óneitanlega í von um það síðarnefnda í þriðju bókinni, sem ber titilinn Loftkastalinn sem hrundi ;)



**Náttúruvika** á Reykjanesi verður haldin í Grindavík dagana 19. til 25. júní. Í boði verða gönguferðir, náttúruskoðun, hestaferð, hjólaferðir, fjöruferð, ratleikur og fleiri dagskrárlíðir sem tengjast náttúru og umhverfi svæðisins.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

*Gæði & Glæsileiki*

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með **Gabor**

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060  
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, formanni Kvenréttindasambands Íslands, þykir heima best um helgar:



## Þrumað yfir hnallþórum

VEIÐIKORTIÐ FÆST Á N1



WWW.N1.IS

**N1** Meira í leiðinni

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

**KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR**

m.visir.is  
Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

**vísir**

**É**g var svolítið sein að kveikja á ánægju og skemmtanagildi þess að baka til heimilisins og bjóða til veisluborðs, en smitaðist af baksturssnilli bróður míns og hef nú yndi af bakstri, enda ekkert eins gómsætt og heimabakaðar hnallþórum," segir Helga Guðrún Jónasdóttir sem í gær bauð fjölskyldunni til þjóðhátíðarveislu þar

sem borðin svignuðu undan stoltum bakstri húsfreyjunnar.

„Við búum í skemmtilegu húsi sem stendur í stórkostlegum garði neðst við Fossvoginn. Þar reynum við að vera sem mest um helgar og láta fara vel um okkur, enda ærin verkefni í garðinum. Þar grillum við og njótum góðra samvista við vini og ættingja, en staðsetningin minnr á sveit í borg og vant-

ar bara kindur og kýr til að fullkomna sveitastemninguna," segir Helga Guðrún sæl í sínum ranni.

Í vor tók hún við formannsembætti Kvenréttindafélags Íslands og segist finna sig best í störfum sem skipta samfélagið miklu.

„Þar beygðist krókurinn snemma því móðir mín var afar virk í kvennabaráttu og ekki síst launabaráttu kvenna. Því miður

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Þímmjúkar brúðargjafir

Úrval brúðargjafa á frábæru tilboðsverði

Ofið úr Pima bómull sem er einstök að gæðum  
Yfir 40 tegundir íslenskra rúmfata til brúðargjafa

**Lin**  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

www.lindesign.is  
sendum frítt úr vefverslun



**HOLLUR BITAFISKUR**  
**+80% prótín**  
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurlflugvelli



Fjölskyldum, börnum og fullorðnum býðst að taka þátt í fjölskyldu-smiðjunni Mamma Könguló í Listasafni Íslands á morgun frá klukkan 14 til 15. Þar verður unnið út frá myndheimi listakonunnar Louise Bourgeois og sýningunni Kona. Safnið stendur fyrir fleiri fjölskyldu-smiðjum í sumar.

[www listasafn.is](http://www listasafn.is)



Gamli og nýi tíminn mætast hjá Dóru Guðbjörta Jónsdóttur gullsmiði og Maríu Kristínu Jónsdóttur vöruhönnuði en þær sýna skartgrip í Sparki á Klapparstíg 33. FRÉTTABLADID/GVA

## Dýrgripir úr ólíkum þræði

Sýningin Þræðir var opnuð á Þjóðhátíðardaginn í Sparki á Klapparstíg 33. Þar mætast tvær kynslóðir sem fást við skartgripagerð á ólíkan hátt en þó eiga þær margt sameiginlegt.

María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður og Dóra Guðbjörta Jónsdóttir gullsmiður sýna verk sín í Sparki. Alls 47 ár skilja þær stöllur að í aldri og þær nálgast skartgripagerð á ólíkan hátt. Þó má finna tengingu í verkum þeirra. Dóra smíðar víravirki úr silfurþráðum og María hnýtir hálsmen úr þræði.

„Ég nota ákveðna hnýtinga-aðferð í hálsmenin sem heitir makrame og munstrin eru formuð með hnýtingum,“ útskýrir María Kristín en makrame-hnýtingar úr grófu snæri voru vinsælar á sjöunda og áttunda áratugnum. Dóra Guðbjörta segist ekki þekkja til þess að makrame-hnýtingar hafi verið notaðar í skartgripagerð og segja megi að gamli og nýi tíminn mætist hjá þeim stöllum.

„Þetta eru ólík efni og ólíkur aldur og kannski ólík sjónarmið. Handverkið er þó af sama grunni og þræðirnir tengja okkur Maríu saman,“ segir Dóra en hún sýnir



Víravirkið vinnur Dóra Guðbjörta með aldagamalli tækni. MYND/ODDVAR

silfurskart, unnið með aldagamalli tækni. „Ég nota mismunandi silfurþræði sem fléttast saman og vinn munina eins og víravirki hefur verið smíðað gegnum aldirnar, höfuðbeygjur og fingerðari þræðir innan í,“ útskýrir Dóra. Víravirki

tilheyrir íslenska þjóðbúningnum og sótti María einnig í íslenska búninga í hugmyndavinnu sinni.

„Ég fékk að nota teikningar af munstursaumi á pilsfaldi íslenska faldbúningsins frá Hildi Rosenkjær og sókkti mér ofan í þær. Formin á hálsmenunum þróuðust síðan frekar þegar vinnan hófst við hnýtingarnar. Þjóðbúningurinn er því líka tenging milli okkar Dóru þó við vinnum í ólík efni. Hlutirnir okkar beggja eru dýrgripir úr gjörólíku hráefni.“

Á tímabili fór þeim fækkandi sem kunnu tæknina við víravirki en Dóra segist finna fyrir auknum áhuga ungs fólks á handverkinu en hún hefur verið með námskeið, meðal annars hjá Heimilisiðnaðarfélögunum og í Tækniskólanum. María Kristín stundar einmitt nám í gullsmíði við Tækniskólann og mun læra víravirki í haust. Sýningin Þræðir stendur til 10. september.

[heida@rettabladid.is](mailto:heida@rettabladid.is)

**Yfirhafnir, bolir og peysur í miklu úrvali.**

Stutt kápa 21.900 kr.

Nýjar vörur

Toppvörur toppþjónusta.

Næg bílastæði

Stuttkápur verð frá 19.900

**TOPP HÚSIÐ**  
 Mörkinni 6 - Sími 588 5518  
 Opíð mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

**KUNG FU** tímar fyrir krakka

Skráning hafin

**DREKINN**  
 WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR  
 10100

Skeifunni 3j • Sími 55282 • [heilsudrekinn.is](http://heilsudrekinn.is)

### Framhald af forsiðu

eru breytingarnar svo hægfara að baráttan virðist ganga í arf, en nú væri óskandi að geta klárað sígild og helstu baráttumál svo næstu kynslóðir á eftir þurfi ekki að standa í þessu stappi,“ segir Helga Guðrún af festu, en bætir við að mikið hafi áunnist á síðustu áratugum í jafnréttisbaráttunni, ekki síst lagalega séð.

„Enn stöndum við þó dálítið í stað þegar kemur að viðhorfum til jafnréttisbaráttu kynjanna, þótt á síðustu tveimur áratugum hafi orðið sú grundvallarbreyting að hætt sé að líta á hana sem „ekkimál“, heldur raunverulegan vanda sem samfélagið þurfi að takast á við. Áður hrópuðu konur upp í vindinn, og því mikilvægur áfangasigur að jafnréttisbaráttan sé nú ekki lengur álitid gremjulegt tuð kerlinga úti í horni,“ segir Helga Guðrún.

Í Kvenréttindafélögu Íslands eru nú um 500 konur en ættu að vera miklum mun fleiri, að álitid Helgu Guðrúnar.

„Konur ættu virkilega að velta því fyrir sér að ganga til liðs við félagið því verkefnið eru ærin og brýn. Félagið er mikilvægur og almennur umræðuvettvangur um jafnréttismál, ótull umsagnaraðili



Helga Guðrún er nýbakaður formaður Kvenréttindafélags Íslands.

um lagafrumvörp jafnréttismála og mjög virkur þrýstihöpur á málefni sem við teljum brenna á í jafnréttisbaráttunni. Hins vegar þyrfti rödd okkar að heyrast hærra í fjölmiðlum og þeir að standa betur við bakið á okkur í baráttumálum kvenna.“

Að hætti forvera sinna í formannssæti Kvenréttindafélagsins mun Helga Guðrún halda þrumuræðu á kvenréttindadaginn á morgun.

„Þá verður að venju mikill hátíðafundur á Hallveigarstöðum þar sem við gerum okkur dagamun með skemmtilegri dagskrá, rjómatertum og fyrirlesurum. Þemað er 19. júní fortíðar, nútíðar og framtíðar, því maður verður að þekkja fortíðina til að vita hver maður er og hvert maður stefnir. Ég hlakka mikið til öflugs og góðs fundar þar sem við getum glaðst saman og allir eru velkomnir.“

[thordis@rettabladid.is](mailto:thordis@rettabladid.is)



## Skemmtigarðurinn

Í GRAFARVOGI

### Viltu láta eins og fífl í vinnunni?

Skemmtigarðurinn í Grafarvogi auglýsir eftir skemmtikröftum / fjöllistarfólki til þess að skemmta gestum garðsins.

Æskilegt að umsækjendur hafi reynslu eða menntun í að skemmta fólki. Um er að ræða hlutastarf.

Umsóknir sendist á [info@skemmtigarður.is](mailto:info@skemmtigarður.is) merkt „gaman í vinnunni“

## ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

### TRÉSMIÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði til starfa við framkvæmdir hér á landi og erlendis.

Sérstaklega er þörf yfir smiði sem hafa reynslu af mótauppslætti.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).



## Yfirmaður hagdeildar

Reiknistofa bankanna er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem þjónar bönkum, sparisjóðum, kortafyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum. Reiknistofa bankanna er nú hlutafélag og framundan eru spennandi tímar og nýjar áskoranir.

### Hagdeild er ný deild innan félagsins og meginhlutverk hennar verður:

- Utanumhald um áætlunarferli félagsins
- Þróun og innleiðing á heimildar- og samþykktarskema
- Skilgreining og stöðlun rekstrarupplýsinga og skýrslna handa stjórn og stjórnendum
- Útbúa vikuskýrslur sem sýna lykilmælingar á þjónustugæðum
- Útbúa frávíkaskýrslur og ferli fyrir frávíkaskil
- Sérstækar tekju- og kostnaðargreiningar
- Útbúa verðmatrixu sem vörustjórar þurfa að starfa innan, við verðlagningu á þjónustu félagsins
- Stýra verkefnahópi um val og innleiðingu á nýju fjárhagskerfi

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptagreinum
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta til að vinna undir álagi
- Gott vald á íslenskrí tungu, talmáli og ritmáli

Við sækjumst eftir að fá hæfileikaríka og vel menntaða einstaklinga í vinnu og búa þeim gott og frjótt starfsumhverfi.

### Upplýsingar veita:

Inga Steinunn Arnardóttir, [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is), s: 520-4700

Rannveig J. Haraldsdóttir, [rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is), s: 520-4700

Guðbrandur Jónasson starfsmannastjóri Reiknistofunnar, [guðbrandur@rb.is](mailto:guðbrandur@rb.is), s: 569-8877

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reiknistofa bankanna - Kalkofnsvegi 1 - 150 Reykjavík

## HOLLUSTUHÆTTIR OG ÖRYGGISMÁL



### UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn  
Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

### Starf sérfræðings hjá Umhverfisstofnun

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings á deild hollustuverndar.

Megin verkefni sérfræðingsins varða almenna hollustuhætti og öryggismál, samræmingu heilbrigðiseftirlits hávaða innan húss og utan ásamt gerð fræðsluefnis og leiðbeininga.

Gerð er krafa um háskólapróf í raugrein sem nýtist í starfi, s.s. efnifræði eða líffræði eða menntun í heilbrigðisvísindum. Framhaldsmenntun á einhverju framangreindra sviða er æskileg.

Næsti yfirmaður sérfræðingsins er Sigríður Kristjánsdóttir deildarstjóri, sem veitir nánari upplýsingar um starfið ásamt Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma 591 2000.

### ALMENNAR HÆFNISKRÖFUR

Auk þeirra hæfniskrafna sem gerðar eru til starfsins og tilgreindar eru að framan, verða eftirfarandi þættir um þekkingu, reynslu og hæfni hafðar til viðmiðunar við val á starfsmanni:

- » Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórn-sýslu
- » Skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
- » Hæfni í framsetningu upplýsinga á skrifðu og töluðu máli
- » Hæfni í ensku og einu norðurlandamáli auk góðrar íslenskukunnáttu
- » Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Gert er ráð fyrir að starfmaðurinn hefji störf í byrjun september 2011. Föst starfsaðstaða starfsmannsins getur verið í Reykjavík, Hellissandi, Ísafirði, Akureyri, Mývatni, Egilsstöðum eða Vestmannaeyjum, allt eftir búsetu umsækjanda. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir við ráðningu.

Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eigi síðar en 3. júlí 2011.

SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UMHVERFISSTOFNUN.IS

## NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

## Yfirmaður mótuneytis

Við Árbæjarskóla er laus staða yfirmanns í mótuneyti skólans. Um tímabundna ráðningu er að ræða. Árbæjarskóli er heilstæður grunnskóli með um 670 nemendur og 80 starfsmenn.

Leitað er að einstaklingi með ríka þjónustulund, sem á auðvelt með að vinna með börnum og fullorðnum.

Um er að ræða 100% starf.  
Starfið er laust frá 1. ágúst 2011  
Helstu verkefni og ábyrgð

Yfirmaður í mótuneyti skólans ber ábyrgð á matseld fyrir um 600 manns.

Lögð áhersla á fjölbreyttan og hollan mat þar sem notast er við viðmið Lýðheilsustöðvar.

Yfirmaður mótuneytis hefur yfirumsjón með matreiðslu, hönnun matseðla, frágangi í eldhúsi, samskiptum við birgja auk innkaupa á hráefni. Einnig sér viðkomandi um veitingar fyrir ýmsar uppkomur í starfinu ásamt því að sinna öðrum tilfallandi verkefnum.

### Hæfniskröfur

Menntun og reynsla á sviði matreiðslu.

Góð þekking á næringarfræði.

Þekking á rekstri mótuneyta.

Færni í mannlegum samskiptum.

Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frumkvæði í starfi, reglusemi og stundvísi.

Geta til að vinna undir álagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2011. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sæberg, skólastjóri í síma 4117700 eða með því að senda fyrirspurnir á netfangið [thorsteinn.saeberg@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.saeberg@reykjavik.is)

## HAGKAUP INNKAUPADEILD

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Hagkaup óskar eftir að ráða aðstoðarmann í innkaupadeild.

Starfið er fólgið í tölvuvinnslu, skýrslugerð, þöntunum á vörum, samskiptum við birgja og starfsfólk verslana.

- Við leitum að starfsmanni sem hefur áhuga á kaupmennsku og fatnaði. Æskilegt er að umsækjandi hafi a.m.k. stúdentspróf, geti unnið sjálfstætt og vel undir álagi.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á starfsmannahald@hagkaup.is fyrir 21. júní.

Allar nánari upplýsingar veitir Arndís starfsmannafulltrúi í síma 563 5000.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



Eignatorg Sími 510 3500

Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali.  
Söleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | [www.eignatorg.is](http://www.eignatorg.is)

**Eignatorg fasteignasala óskar eftir að ráða vanan sölufulltrúa til starfa.**

### Leitað er að einstaklingi sem:

- Er heiðarlegur og samvirkusamur
- Er sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum
- Getur unnið undir álagi
- Hefur umtalsverða reynslu af sölu fasteigna
- Hefur ríka þjónustulund
- Hefur brennandi áhuga á að ná langt á sínu sviði

Löggilding fasteignasala er ekki skilyrði en kostur.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 eða [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)



Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðisáhrif.

ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS

## SKJALAVÖRÐUR - SÉRFRÆÐINGUR

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skjalasviði.

Starfið felst einkum í ráðgjöf við opinberar stofnanir og aðra afhendingarskylda aðila á sviði skjalavörslu og í eftirliti með skjalavörslu þeirra. Samning leiðbeiningarita og reglna um skjalavörslu, námskeiðshald, skráning og frágangur skjalasafna eru reglubundin verkefni. Viðkomandi tekur þátt í ýmsum öðrum verkefnum skjalasviðs.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um MA próf í sagnfræði, opinberri stjórnsýslu eða aðra sambærilega menntun. Menntun í skjalfræði er æskileg.
- Reynsla af starfi við skjalavörslu, notkun skjalasafna eða vinna á skjalasafni er mjög æskileg.
- Góð kunnátta í algengum notendaförum brýn auk góðs skilnings á rafænum gögnum.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli er áskilin.
- Leitað er að fjölbreyttum og áhugasömum starfsmanni, með frumkvæði í starfi, vönduð vinnubrögð og lipra framkomu.

Laun skv. kjarasamningum ríkisins.

Umsóknarfrestur er til 24. júní nk. Í umsókn skal greina frá menntun og starfsreynslu. Vottorð um menntun fylgi.

Umsóknir sendist til Þjóðskjalasafns Íslands. Laugavegi 162, 105 Reykjavík eða á netfangið [atvinna@skjalasafn.is](mailto:atvinna@skjalasafn.is)

Nánari upplýsingar á [starfatorg.is](http://starfatorg.is) og á vef Þjóðskjalasafns skjalasafn.is

Capacent Ráðningar

## VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR/ HAGFRÆÐINGUR

Lífeyrissjóður óskar eftir að ráða öflugan einstakling á traustan og góðan vinnustað. Viðkomandi verður að vera tilbúinn að ganga í fjölbreytt og krefjandi verkefni.

### Starfssvið

- Áhættugreining og ýmis greiningarvinna á eignasafni sjóðsins
- Framkvæmd greiningarvinnu á fjárfestingarkostum
- Framkvæmd verðbréfavíðskipta
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Vinna við gagnagrunna sjóðsins s.s. iðgjaldakerfi, greiðslukerfi og verðbréfakerfi
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði/hagfræði með áherslu á áhættustjórnun
- Próf í verðbréfamíðlun er skilyrði
- Þekking á starfsemi lífeyrissjóða og fjármálamarkaðar.
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott viðmót og samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



Reykjavíkurborg

# STÖRF Í BOÐI HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Nánari upplýsingar um laus störf hjá Reykjavíkurborg er að finna á vefnum [reykjavik.is](http://reykjavik.is) undir liðnum Auglýsingar.

[reykjavik.is](http://reykjavik.is)

## KENNSLA Í EÐLISFRÆÐI OG STÆRÐFRÆÐI

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu



- Kennara vantar í eðlisfræði og stærðfræði næsta vetur.
- Alls um 1,5 stöðugildi
- Upplýsingar og umsóknir á [skolameistari@fas.is](mailto:skolameistari@fas.is) og í síma 860 2958.

Skólameistari

## Bilaleiga á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir reglusömum og duglegum starfskrafti fyrir sumaríð. Vinna út september en möguleiki á framhaldi ef vel gengur.

Starfið felst meðal annars við útleigu, email samskipti og almennna markaðssetningu.

Góð ensku- og tölvukunnátta skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða menntun í ferðamannaíðnaði.

Áhugasamir hafi samband í gegnum [bilaleiga2011@gmail.com](mailto:bilaleiga2011@gmail.com)

## Auglýsingasími

# 512 50 50



Allt sem þú þarft...

## Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við eignir. Meginhlutverk sjóðsins er að greiða sjóðfélögum eftirlaun til æviloka og koma á móts við þá vegna tekjutaps. Sjóðurinn tekur á móti iðgjöldum og ávaxtar þau í sameiginlegum sjóði til að standa undir skuldbindingum sínum varðandi elli- örorku, maka- og barnalífeyri. Auk þessa veitir LSR sjóðfélögum lán og tekur við og ávaxtar frjálsan lífeyrissparnað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins óskar eftir að ráða lögfræðing í krefjandi starf. Starfið felst fyrst og fremst í lögfræðiráðgjöf á sviði lánamála og eignastýringar auk almennra lögfræðistarfa.

### Starfssvið

- Lánamál
- Ráðgjöf og samningagerð á sviði eignastýringar
- Almenn lögfræðistörf
- Samskipti við opinbera aðila

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði skilyrði. Lögmansréttindi kostur
- Starfsreynsla á sviði lögfræði
- Reynsla á sviði fjármálaréttar kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum

Lykileiginleikar viðkomandi eru leiðtogahæfileikar og góð samskiptahæfni, hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum sem og frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

- OSTASKERI • KAFFISKEIÐ MEÐ KLEMMU
- BANANASKERI • KIWISKEIÐ • OG MARGT MARGT FLEIRA

# Útsala í Sony Center - helíumblöðrur og ískrap handa öllum!



Nýtt kortatímabil!

Sumarútsala á Sony Vaio fartölvum, Sony BRAVIA sjónvörpum, Sony Handycam og Sony Cyber-shot & Alpha myndavélum!

Dagana 16.-25. júní verður Sony-sumar í Sony Center í Kringlunni



VPCEA4S1E  
Sony Vaio fartölva

Fartölva sem tekið er eftir.  
i3 örgjörvi, 320GB HD og  
ATI Mobility Radeon myndvinnsla  
Windows7 Home Premium 64Bit  
Playstation 3 samhæfing

Listaverð: 189.990,-  
Sumarútsöluverð: 149.990,-



VPCYB1S1E  
Sony Vaio fartölva

AMD A50M Fusion örgjörvi  
2Gb RAM  
320GB Harður diskur  
6,5 klst. rafhlöðuenging  
Aðeins 1,46 kg.

Listaverð: 119.990,-  
Sumarútsöluverð: 99.990,-



DSC-W310  
Sony Cyber-shot myndavél

12,1 megapíxlar  
4x optical zoom  
2,7" skjár  
Face detection  
Smile shutter

Listaverð: 24.990,-  
Sumarútsöluverð: 19.990,-



HDR-XR106  
Sony Handycam tökuvél

80GB HDD  
MemoryStick upptaka  
1920x1080 HD upptaka  
30 klst. á innbyggðan harðan disk  
10x aðdráttur um linsu

Listaverð: 149.990,-  
Sumarútsöluverð: 99.990,-

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar

## Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • [www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is)

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar,  
**Oddný Jónsdóttir**  
áður Sæfelli, Seltjarnarnesi,

lést á dvalarheimilinu Grenilundi, Grenivík, 14. júní.  
Jarðarförin auglýst síðar.

Guðni, Guðrún Jóhanna og Sigþóra Oddný Sigþórsbörn  
Helga Óskarsdóttir,  
tengdabörn og barnabörn.



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, sonur,  
bróðir og mágur,

**Stefán Lárus Jónsson**  
Skúlagötu 78, Reykjavík,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi  
miðvikudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá  
Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. júní klukkan 13.00.

Eggert Már Stefánsson	Linda Dögg Hólm
Jón Stefánsson	Börkur Aðalsteinsson
Elinborg Jónsdóttir	Kristján Þór Sigurðsson
Sigrún I. Jónsdóttir	
Ágúst Halldórsson	
og fjölskyldur.	



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýðug, við andlát og útför ástkærs  
föður okkar, tengdafaður, afa og  
langafa,

**Ara Bergþórs Oddssonar**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi 12. maí  
2011. Starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og  
Hlévangs eru færðar sérstakar kveðjur og þakklæti fyrir  
einstaka umönnun og kærleiksríka framkomu.  
Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Aradóttir	Sigurður Ögmundsson
Sigríður Aradóttir	Guðmundur Finnsson
og fjölskyldur.	



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Jóhanna P.  
Kristófersdóttir**  
hjúkrunarkona,

sem lést miðvikudaginn 8. júní, verður jarðsöngin  
í Áskirkju mánudaginn 20. júní kl. 15.00.

Kristófer Ingi Svavarsson	Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir
Ása Hlín Svavarssdóttir	Sveinn Harðarson
barnabörn og barnabarnabarn.	



Einlæggar þakkir færum við öllum þeim  
sem sýndu okkur samúð, vinsemd og  
hlýju við andlát og útför elskulegrar  
móður okkar, tengdamóður, ömmu og  
langömmu,

**Guðrúnar Jónsdóttur**  
Lerkigrund 7, Akranesi.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Birgir Engilbertsson



Okkar ástkæra eiginkona, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Dóra Magga  
Arinbjarnardóttir**

sem lést á deild B2 Landspítalanum Fossvogi  
fimmtudaginn 9. júní, verður jarðsöngin frá  
Víðistaðakirkju mánudaginn 20. júní kl. 15.00.

Sigurður Gestsson	Hörður Ingi Torfason
Guðný Elíasdóttir	Erla Sveinbjörnsdóttir
Grétar Páll Stefánsson	Haraldur Ragnarsson
Kristín Þóra Sigurðardóttir	Guðmundur Magnús
Salbjörg Sigurðardóttir	Halldórsson
Gestur Sigurðsson	Íris Huld Guðmundsdóttir
Linda Sigurðardóttir	Páll Jóhannes Aðalsteinsson
Axel Baldvinsson	Halldóra Pétursdóttir
Björgvin Kristjánsson	Sigríður Ingólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.	



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Sigríður Hjálmarsdóttir  
Diego (Dídi á Steinhólum)**

andaðist að Seljahlíð 15. júní. Útförin fer fram frá  
Laugarneskirkju fimmtudaginn 23. júní kl. 15.00.

Sigrún Guðbergdóttir	Sigurbjartur Jóhannesson
Soffía Auður Diego	Höður Guðlaugsson
Halldór Diego Guðbergsson	Dagný Gunnarsdóttir
Eggert H. Sigurðsson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Fríða Sigríður  
Magnúsdóttir**  
Grænuhlíð 3, Reykjavík,

sem lést á Tenerife þann 4. júní, verður jarðsöngin frá  
Háteigskirkju þriðjudaginn 21. júní kl. 13.

Ólafur R. Karlsson	Jón Þór Gunnarsson
Sigríður Ólafsdóttir	Skúli Gunnarsson
Fríða Ólöf Ólafsdóttir	Lena Friis Vestergaard
Ólafur Karl Ólafsson	Heimir Jónsson
Anna María Ólafsdóttir	
barnabörn og barnabarnabarn.	



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Ólafur Gaukur  
Þórhallsson**  
tónlistarmaður,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík  
mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

Svanhildur Jakobsdóttir	Cal Worthington
Anna Mjöll Ólafsdóttir	Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Andri Gaukur Ólafsson	
Bergþóra Ólafsdóttir	Haraldur Sigurðsson
Ragnhildur Ólafsdóttir	
Ingunn Ólafsdóttir	Erla Guðmundsdóttir
Hlöðver Már Ólafsson	Páll Sigurgeirsson
Aðalbjörg María Ólafsdóttir	Smári Árnason
Inga Sigrún Ólafsdóttir	



**STÓRAFMAELI** Tryggvi Guðmundsson, forstöðumaður landsbyggðar-  
hótela Edduhótela, segir vel tekið á móti gestum og gangandi í dag í  
tilefni af afmælinu. MYND/PJETUR

EDDUHÓTELIN: FAGNA 50 ÁRA AFMÆLI

## Góðar móttökur

Edduhótelin fagna stórafmæli í dag, þar sem fimmtíu ár eru  
liðin frá því fyrsta hótelið var opnað. Tryggvi Guðmunds-  
son, forstöðumaður landsbyggðahótela Edduhótela, segir vel  
tekið á móti gestum og gangandi á hótelinum í dag í tilefni  
af þessum skemtilegu tímamótum.

„Fólk getur átt von á góðu þar sem við ætlum að bjóða  
upp á léttar veitingar, ljúffengar skyrkökur og lambakjöt í  
mismunandi útfærslum eftir hótelið. Þannig ætlum við að  
keyra áfram á sams konar verkefni og í fyrra sem gekk út  
á að kynna besta hráefnið úr hverju héraði,“ segir Tryggvi  
léttur í lund.

Edduhótelin byggja á gamalli hefð, þar sem kjarninn í  
starfsemi hufur frá upphafi verið að nýta heimavistar-  
skóla sem hótél á sumrin. „Það er auðvitað mjög sniðugt  
hvernig þetta ævintýri hófst. Þegar rútur fóru að sjást hér  
á vegum úti lentu menn í vandræðum með hótél og þá var  
brugðið á það ráð að bjóða gistingu í heimavistarskólanum á  
Laugarvatni. Bragðið hreif svo vel að smám saman var Eddu-  
hótelum fjölgað og nú eru þau orðin þrettán talsins, staðsett  
allan hringinn þar sem boðið er upp á allt frá hefðbundnu  
svefnpokaþléssi upp í hágæða hótélgistingu.“

Tryggvi segir að í gegnum tíðina hafi frekar verið reynt  
að undirstrika heldur en að draga dul á uppruna og eðli hótél-  
starfseminnar. „Okkar gestum, einkum og sér í lagi þeim  
erlendu, finnst spennandi hvernig þessi nýting er til komin.  
Þeim þykir gaman að skoða myndir af skólabekkjum og eru  
mjög undrandi yfir því hversu vel er búið að nemendum.  
Þetta er því mjög sniðug leið til að kynna íslenska staðar-  
hætti og ferðaþjónustu fyrir útlendingum.“

Að sögn Tryggva er nýting Edduhótela almennt góð,  
en hún nær yfirleitt hámarki í júlí og ágúst þegar sum hótél-  
anna eru nánast fullbókuð. Þá hefur hlutfall erlendra gesta  
aukist jafnt og þétt gegnum árin og eru þeir nú orðnir í yfir-  
gnæfandi meirihluta. „Þá þróun má að hluta til rekja til  
þess að útlendingar bóka á netinu oft langt fram í tímann  
og stundum er því allt löngu uppþókað,“ útskýrir hann og  
þvertokur fyrir að eldgosíð hafa dregið úr aðsókn þar sem  
allt stefni í gott sumar. „Ég tek svo fram að við erum allt-  
af með í hverri viku ný tilboð innanlands sem ég hvet sem  
flesta til að kynna sér á heimasíðunni okkar. Vefslóðin er  
www.hoteledda.is.“

Bláðamaður stenst ekki mátið og ákveður að forvitnast  
aðeins í lokin um fyrirætlanir viðmælanda sjálfs á afmælis-  
daginn. „Ætli ég fari ekki bara í heimsókn á Laugarvatn í  
dag og njóti þess að láta stjarna við mig,“ segir hann og brosir  
„Það er nú einu sinni þar sem þessi merkilega saga hófst.“

roald@frettabladid.is



Innilegar þakkir færum við öllum þeim  
er sýndu okkur samúð og hlýðug við  
andlát og útför ástkærs eiginmanns  
míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

**Páls Benedikts  
Marteinsonar**  
Brekugötu 36, Akureyri.

Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir	Guðbjörg Þóra Ellertsdóttir
Sæmundur Örn Pálsson	Bergþóra Björk Búadóttir
Þorsteinn Pétur Pálsson	Sólveig Alfreðsdóttir
Kristinn Sigurður Pálsson	
Marta Þuríður Pálsdóttir	
afa- og langafabörn	



# FJÓRFALT HÚRRA FYRIR MILLJÓNUNUM!

Fjórfaldur Lottópottur stefnir í 27 milljónir.  
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á  
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)



**FRÓÐLEIKUR** Slóðin <http://namsgagnastofnun.is/krakka-sidur/> hefur að geyma tengla fyrir fróðleikspyrsta krakka.

## KONRÁÐ OG LÍSALOPPA fara í ferðalag 24

Bragi Halldórsson

Konráð reyndi að finna hellinn hans Róberts með því að rýna í fjöllin með kíkinnu sínum. „Ég sé hann bara ekki,“ sagði hann vonsvikinn. Þegar Konráð var við það að gefast upp sá hann loksins hellinn. „Ég er búinn að finna hann, Lísaloppa,“ hrópaði hann upp yfir sig. En eitthvað var kíkinn nú skritinn. Hann sýndi ekki eins mynd í báðum sjónglerjunum.

Getur þú séð hvaða 6 hluti vantar á hægri myndina?



## BRANDARAKISTAN

„Pabbi, pabbi,“ kallar ungur sonur til föður síns. „Hvað kostar brúðkaup?“ „Ég veit það ekki,“ segir faðirinn. „Ég er enn að borga fyrir það“.

Skjaldbaka er á ferðinni í New York þegar gengi af sniglum rænir hana. Lögreglan mætir á staðinn til að rannsaka málið og spyr skjaldbökuna hvað hafi gerst. „Ég veit það ekki,

svarar skjaldbakan. „Þetta gerðist allt svo hratt.“

Faðir, við son sinn: „Nonni minn, hvað ertu að gera með þessa mýflugu?“ Nonni litli: „Ég ætla að gefa mömmu hana.“

Faðir: „Af hverju í ósköpunum?“ Nonni litli: „Nú, þú segir að hún geri alltaf úlfalda úr mýflugu!“

Þú getur sent brandara til [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

# HEITIR EFTIR RIDDARA

Nilla dreyndi eitt sinn um að verða læknir en ætlar nú að gerast leikstjóri. Gamlar kvikmyndir, leikhúsferðir og hangs með vinunum er í mestu uppáhaldi.

„...mig langaði til að skemmta fólki og vona að ég geri það um ókomna tíð, sama með hvaða hætti það verður.“

Hvers konar nafn er Niels Thibaud Girerd? Ég er hálfur Frakki þar sem pabbi er Frakki og Girerd er fjölskyldunafnið. Foreldrum mínum þótti Thibaud hins vegar bara töff. Ég gúgglaði nafnið og þá reyndist þetta vera franskur musterisriddari frá 13. öld. Svo er til dagur heilags Thibaud, það er 8. júlí, þannig að það er bara gleði.

Talarðu þá frönsku? Ekki eitt orð. Sem er einnig töff, fer bara eftir því hvernig þú lítur á það. Hvernig er að vera með eigin sjónvarpsþátt? Gaman, sérstaklega ef maður veit að fólk hefur gaman af honum.

Dreyndi þig um að verða skemmtikraftur? Ég get nú ekki sagt það. Frá því ég man eftir mér hefur draumurinn aðallega verið að leikstýra.

Áttu þér einhver átrúnaðargöð? Charlie Chaplin og svo get ég ekki gert upp á milli Páls Óskars og Ragga Bjarna, en ég hef tekið viðtal við báða. Hver er skemmtilegasti viðmælandinn sem þú hefur fengið? Kristján Jóhannsson stórtenór vegna þess að við elskum báðir óperusöng, þrátt fyrir mun á hæfileikum.

Færðu aldrei sviðsskrekki? Þú getur rétt ímyndað þér. Til dæmis þegar ég spila á tónleikum í grunnskólum. Þú talar mikið um mömmu þína í þættinum þínum? Eruð þið góðir vinir? Ég og mamma erum mjög góðir vinir. Eða eins og besti vinur minn Tómasi Gauti segir: „Þið eruð steiktustu mæðgin sem ég hef á ævinni kynnst!“

Ertu í skóla? Ég geng í Menntaskólann við Hamrahlíð. Á það samt til að hjóla. Djók, þetta var ömurlegur brandari. Hver eru helstu áhugamálin?

Ég hef ferðast vítt og breitt um Suðurland. Starfaði nefnilega á ferðaskrifstofunni Reykjavík Excursion Kynnisferðir síðustu fimm sumur. Svæðið undir Eyjafjöllum er í mestu uppáhaldi.

Verða nýju þættirnir öðruvísi? Kannski ekki frábrugðnir, nema hvað viðmælandurnir verða bændur en ekki frægt fólk.

Ætlarðu svo að halda áfram í skemmtanabransanum eða snúa þér að öðru þegar þú eldist? Mig langaði að verða læknir eins og afi minn þegar ég var sjö ára. Þá spurði mamma mig spurningar sem ég gleymi aldrei: „Niels minn, hvort mundi þig langa til að skemmta fólki eða bjarga því?“ Niðurstaðan varð sú að mig langaði til að skemmta fólki og vona að ég geri það um ókomna tíð, sama með hvaða hætti það verður.

Leikhús. Við mamma eigum kort og förum ævinlega á frumsýningarnar í Þjóðleikhúsinu. Svo horfi ég á gamlar kvikmyndir, Sound of Music, Singing in the Rain og fleiri. Mér finnst líka fátt betra en að hanga í góðra vina hópi.

Hvað ertu lengi að greiða þér? Metið mitt er 20 mínútur, það var reyndar bara einu sinni. Í dag greiði ég mér nú ekkert sérstaklega mikið. Mér finnst töff að vera með úfið hár sko.

Nú ætlarðu í hringferð um landið að taka upp efni fyrir þáttinn. Hefurðu ferðast mikið innanlands?

Ég hef ferðast vítt og breitt um Suðurland. Starfaði nefnilega á ferðaskrifstofunni Reykjavík Excursion Kynnisferðir síðustu fimm sumur. Svæðið undir Eyjafjöllum er í mestu uppáhaldi.

Verða nýju þættirnir öðruvísi? Kannski ekki frábrugðnir, nema hvað viðmælandurnir verða bændur en ekki frægt fólk.

Ætlarðu svo að halda áfram í skemmtanabransanum eða snúa þér að öðru þegar þú eldist? Mig langaði að verða læknir eins og afi minn þegar ég var sjö ára. Þá spurði mamma mig spurningar sem ég gleymi aldrei: „Niels minn, hvort mundi þig langa til að skemmta fólki eða bjarga því?“

Niðurstaðan varð sú að mig langaði til að skemmta fólki og vona að ég geri það um ókomna tíð, sama með hvaða hætti það verður.

Ég hef ferðast vítt og breitt um Suðurland. Starfaði nefnilega á ferðaskrifstofunni Reykjavík Excursion Kynnisferðir síðustu fimm sumur. Svæðið undir Eyjafjöllum er í mestu uppáhaldi.

Verða nýju þættirnir öðruvísi? Kannski ekki frábrugðnir, nema hvað viðmælandurnir verða bændur en ekki frægt fólk.

Ætlarðu svo að halda áfram í skemmtanabransanum eða snúa þér að öðru þegar þú eldist? Mig langaði að verða læknir eins og afi minn þegar ég var sjö ára. Þá spurði mamma mig spurningar sem ég gleymi aldrei: „Niels minn, hvort mundi þig langa til að skemmta fólki eða bjarga því?“

Niðurstaðan varð sú að mig langaði til að skemmta fólki og vona að ég geri það um ókomna tíð, sama með hvaða hætti það verður.

## Skemmtilegur leikur í sumar

Flestir krakkar eru nú þegar byrjaðir að nýta góða veðrið í útileiki eða þá rigningardaga í skemmtilega innileiki. Einn af fjörugri útileikjum, sem krökkum á öllum aldri finnst skemmtilegur, er stórfiskaleikur. Stórfiskaleikur er einfaldur eltingaleikur en til að fara í hann þarf stórt svæði, helst grasflöt, sem hægt er að hlaupa endanna á milli.

Í upphafi er einn valinn, svokallaður hákarl, til að standa á miðjum velli en aðrir, litlu fiskarnir, standa á öðrum enda vallarins, tilbúnir að hlaupa þegar hákarlinn gefur merki. Þegar merki er gefið hefst hlaupið, sem snýst um að litlu fiskarnir reyna að hlaupa yfir á hinn enda vallarins án þess að sá sem eltir náði að klukka þá. Ef það gerist hins vegar snýst hlutverk litlu fiskanna við og þeir eiga að hjálpa hákarlinum að elta þá sem eftir eru.

Ef leikmenn ná að hlaupa alla leið yfir völlinn án þess að vera klukkaðir eru þeir stikkfrí



þangað til aftur er gefið merki um að hlaupa til baka og þannig gengur leikurinn – hlaupið er endanna á milli uns aðeins einn lítill fiskur stendur eftir.

www.ms.is



## Skvætta skal hún heita

Við þökkum öllum sem komu með tillögur að nafni á skvættulegu kúna kærlega fyrir þátttökuna.



# Sumartilboð



SON garðborð, svart með glerplötu. Þ:110 H:75 cm. 39.990. SON garðstóll, svartur. Staflanlegur. 14.990.

SETTI!  
BORD, 4 STÓLAR  
OG SESSUR  
**69.990**  
FULLT VERÐ: 99.950



**2.390**  
FULLT VERÐ: 2.990  
BODUM Hot pot  
skálar, 0,25 l. 2 stk.



**11.990**  
FULLT VERÐ: 19.990  
BODUM Barcelona  
hnifaparasett. 16 stk.



25%  
AFSLÁTTUR

STYLE eldhúsborð,  
hvítt. 102x152 H:71 cm.

**59.990**  
FULLT VERÐ: 79.990



30%  
AFSLÁTTUR

NIJMEGEN 3 sæta sófi, Taupe áklæði. B:216 D:85 H:85 cm.  
Fæst einnig 2 sæta, B:163 D:85 H:85 cm. 79.990 fullt verð 99.990.

**89.990**  
FULLT VERÐ: 129.990



30%  
AFSLÁTTUR

FARO tungusófi, grátt áklæði.  
B:232 D:79/160 H:75 cm.  
Vinstri eða hægri tunga.

**139.990**  
FULLT VERÐ: 199.990

Sápupumpa  
FRÁBÆRT  
VERÐ!  
Aðeins 990



ZONE handklæði  
Fjólublátt, hvítt, grænt,  
grátt. 70x140 cm.

**1.990**  
FULLT VERÐ: 2.490

ZONE Dolomit sápu-  
pumpa, túrkís, rauð, orange.

**990**



ZONE handklæði  
Fjólublátt, hvítt, grænt,  
grátt. 50x100 cm.

**990**  
FULLT VERÐ: 1.390

ZONE Moscow sápu-  
pumpa, hvít, svört.

**1.490**  
FULLT VERÐ: 1.990



20%  
AFSLÁTTUR

KALYMNOS plaststóll.  
Svartur, orange, lime eða fjólublár.

**7.990**  
FULLT VERÐ: 9.990

## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. samsull, 6. kúgun, 8. poka, 9. ögn, 11. leita að, 12. labba, 14. rými, 16. hvað, 17. fum, 18. kærleikur, 20. tveir eins, 21. málmur.

## LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. umhverfis, 4. sjúkdómur, 5. berja, 7. hrökkva, 10. sunna, 13. þukl, 15. dreifa, 16. rámur, 19. nesoddi.

## LAUSN

STRÁ: 16. há, 19. tá.  
 LÖBRET: 1. lofs, 3. um, 4. magasár, 5. slá, 7. kippast, 10. sól, 13. káf, 15. 17. fát, 18. ást, 20. rr, 21. stál.  
 LÁRÉTT: 2. gums, 6. ok, 8. mal, 9. fis, 11. gá, 12. spóka, 14. plásá, 16. ha, 17. fát, 18. ást, 20. rr, 21. stál.

„Mikilvægast í rannsóknum okkar var að fólk sem hefur náð sér að miklu eða öllu leyti af alvarlegum geðröskunum - þar á ég við geðklofa eða geðhvörf - hafa nefnt von sem sérstaklega mikilvægan þátt í bata sínum. Hluti af batanum fólst í að vera í kringum fólk sem sá ástand sitt ekki sem eitthvað varanlegt. Ástand þar sem það gat tekið sífellt meiri stjórn á eigin lífi og endurheimt stöðu í þjóðfélaginu.“



Daniel Fisher  
Geðlæknir og  
forstöðumaður  
National  
Empowerment Center

Hugarafi í samstarfi við Maníu og  
Unghuga býður til ópins fundar  
með Daniel Fisher

## Málþing

mánudaginn  
20. júní kl. 16:00-18:00



Kennaraháskólinn við  
Stakkahlíð í Skriðu  
(gengið inn frá Háteigsvegi)



Aðgangur ókeypis og  
allir velkomnir!



# Flugsæti til München á góðu verði í sumar

Eigum nokkur laus sæti í júlí og ágúst í beinu flugi milli Íslands og München í Þýskalandi. Flugið er frá Íslandi þrisvar í viku. Brottför er að kvöldi og lent í München snemma að morgni næsta dags.

Verð með sköttum:

Önnur leið frá kr.

## 19.999,-

Fram og til baka frá kr.

## 39.998,-

Nánari upplýsingar á skrifstofutíma í síma 588 8660

TROLLTOURS SNAELAND GRÍMSSON

Langhóltsvegur 115 · 104 Reykjavík · Sími 588 8660 · flug@snaeland.is

# Þjóðrembingurinn

## BAKPANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Landmenn héldu þjóðhátíðardag sinn lhátíðlegan í gær með hefðbundnum hætti. Dagurinn einkennist af tvennu; ríghaldi í horfnar hefðir með blómsveigum og ræðum og svo húllumhæi með mússík og kandiflossi. Fátt nýtt á ferð þar.

ÖLLU athyglisverðara er að fylgjast með umræðunni sem skotið hefur rótum undanfarið í tengslum við þennan dag. Greinarhöfundur varð þess vafasama heiðurs aðnjótandi í háskólanámi að lesa allar hátíðarræður og skrif í tengslum við fimm stórar þjóðhátíðir; 1874, 1930, 1944, 1974 og 1994. Það hefði kannski ekki átt að koma á óvart, þar sem viðhald þjóðernisvitundar byggir á hefðum, en það var samt undrunar efni að ræðurnar 1994 voru næstum ljósrit af þeim sem fluttar voru 120 árum fyrr.

ÞJÓÐIR eru ímyndað samfélag sagði einn fræðimaður seint á síðustu öld og annar sagði um það bil hundrað árum fyrr að það að tilheyra þjóð væri í raun dagleg atkvæðagreiðsla. Báðar kenningarnar byggja á þeirri skoðun að þjóð geti ekki verið lifrænt fyrirbæri, geti ekki haft eðli. Það að tilheyra einni þjóð umfram aðra sé tilviljun og það að skipta stærri hópi í þjóðir sé ekki öðruvísi skipting en í stéttir eða íbúa sama sveitarfélags, svo einhver dæmi séu nefnd.



ÞAD ER því einstaklega ógeðfellt að heyra þann áróður sem sumir stjórnmálamenn hafa gripið til á síðustu dögum og mánuðum. Bull eins og að það sé móðgun við Jón Sigurðsson að vera í viðræðum við Evrópusambandið á 200 ára afmælisári Jóns dæmir sig sjálf sem þá firru sem það er og þeir stjórnmálamenn sem láta hafa það eftir sér ættu með réttu að vera dæmdir úr leik í vitrænni umræðu. Öfgar eru alltaf til staðar og lítið við því að segja - öfgar geta verið hið besta mál; hreyfiaflið sem kemur okkur úr kyrrstöðunni.

AD ORÐRÆÐAN sem mótaðist í rómantik sjálfstæðisbaráttunnar sé hins vegar orðin ráðandi í daglegu stjórnmálavafstri er öllu alvarlegra. Hátíðarræðumenn ganga inn í ákveðið hlutverk og þeirra val er að halda í hefðina, þó traudla sé mjög frumlegt að endurtaka aldagamlar ræður. Hjal um þjóðina þetta og þjóðina hitt, að þjóðinni finnist þetta og þjóðin hafi þetta eðli, að þjóðin mögðist yfir þessu og þjóðin kæstist yfir hinni, er hins vegar olía á neista þjóðrembingins.

ÞJÓÐREMBINGUR er nefnilega einmitt það - rembingur - og við hann er ekkert jákvætt. Þjóð byggir nefnilega á skiptingu í okkur og hina og sú skipting byggist á útilokun og verði um sérrettindi.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÍSLENSKA  
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara  
- hráefnið fæst í Hagkaup“



GRÍSARIF



BARNABORGARI



LAMBORGARI

Lamborgarinn á sér enga hliðstæðu  
Fyrsti sinnar tegundar á Íslandi



MORTHENS

„Dað er gott að elska“  
Bubbi Morthens



STÓRI BÓ

„Dað er ekki gó fyrr en Bó segir gó“  
Björgvin Halldórsson



TILBOÐ  
449 kr/pk.



TILBOÐ  
25%  
afsláttur við kassa

1.949 kr/kg.  
Verð áður 2.598.-



TILBOÐ  
25%  
afsláttur við kassa

2.039 kr/kg.  
Verð áður 2.718.-



GOTT VERÐ  
1.198 kr/kg.

Kjúklingavængir  
BBQ og Buffalo vængir

Nautavöðvi  
kryddlegin

SS helgarsteik  
bláberjalegin **GÓÐ Á GRILLIÐ!**

Lambalæri  
frosið

KOKTELSÓSA  
FABRIKKUNNAR



BARBÍKJÚSÓSA  
FABRIKKUNNAR



FABRIKKU  
SÓSAN

SINNEPSPÍPARSÓSA  
FABRIKKUNNAR



BERNAISESÓSA  
FABRIKKUNNAR

ALVEG  
NÝTT

HUNANGSSÓSA  
FABRIKKUNNAR

ÍSLENSKA  
HAMBORGARA  
FABRIKKAN  
2010

Ómissandi með  
kjúklingavængjum!



Ekta  
grásostasósa



CHICAGO TOWN  
PIZZUR 2 TEG.  
25%  
afsláttur v/kassa

NYBÁKAD



TILBOÐ

BAGUETTE  
400G  
199 kr/stk.



NÝTT  
KOKTEIL-  
BLÖNDUR



TILBOÐ

POWER SHOT  
TE  
199 kr/pk.



TILBOÐ

CORNY  
STANGIR 6 STK  
299 kr/pk.



TILBOÐ

WISE  
OSTASNAKK  
499 kr/stk.



AMERÍSK  
SÚKKULADITERTA  
999 kr/stk.



Gildir til 19. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

**! Myndlist og heimspeki** Gunnar J. Arnason og Jón Proppé, tveir af átta sýningarstjórum sýningarinnar Sjónarmið – Á mótum myndlistar og heimspeki, ganga um sýninguna og gefa gestum innsýn í hin margbreytilegu verk sem þar er að finna á morgun klukkan 15. Sýningin er tilraun til að fjalla um heimspekilegar hugmyndir í gegnum myndlist. Viðburðurinn er þriðji í röð samræðna meðal sýningarstjórnanna á meðan á sýningunni stendur.

**TJARNARBIÓ**

**Hetja/HERO**

IN ENGLISH 19|26 Á ISLENSKU 24|25

**Ferðasaga Guðríðar THE SAGA OF GUÐRÍÐUR**

IN ENGLISH 19|26 Á ISLENSKU 24|25

**FRAMUNDAN Í JÚLÍ**

Sirkus Ísland kynir: **ÖFAKTOR** 1/2/3

Áth. takmarkaður sýningarfjöldi!

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Miðsalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is

TJARNARBIÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

## Sumardraumur

Myndlist ★★★

**Mýrarljós, Júní**  
Harpa Árnadóttir

### Listasafn ASÍ

Harpa Árnadóttir sýnir nú málverk, vatnslitamyndir, ljósmyndir og texta í Listasafni ASÍ. Nýútkomin bók hennar, Júní, sem Crymgea gefur út er hluti af sýningunni.

Harpa hefur getið sér gott orð sem persónulegur og vandvirkur myndlistarmaður. Hún hefur sýnt víða bæði hérlandis og erlendis og náð töluverðum þroska í list sinni. Harpa virðist nú vera að færast heldur frá hugmyndafræðilegri verkum í átt til þess að leyfa innsæi að vera ráðandi þáttur, en skrásetning hverfullar upplifunar er meginþema sýningarinnar í ASÍ.

Mýrarljós byggir á dvöl Hörpu á gestavinnustofunni Bæ í Skagafirði, en þar málaði hún vatnslitamyndir og skrifaði texta út frá reynslu sinni. Þetta er sígilt vinnulag listamanna. Eftirminni- leg er reynsla Paul Klee sem dvaldi í Afríku á sínum yngri árum, málaði vatnslitamyndir og skrifaði í skissubækur, upplifun hans var svo sterk að líkja mætti við frelsun. Dvöl Hörpu í Skagafirði var einnig sterk upplifun, sýningin snýst síðan um það hvernig hægt er að koma slíkri



ÚR SÝNINGUNNI MÝRARLJÓSI Mýrarljósi og Júní byggja á dvöl Hörpu Árnadóttur á Bæ í Skagafirði í fyrrasumar, þar sem hún málaði og skrifaði út frá reynslu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

upplifun til skila til áhorfandans. Í Arinstofu má meðal annars sjá ljósmyndir frá Skagafirði, fjölbreytileg birtubrigði, vatnslitamyndir og fínlegt verk sem lítið fer fyrir, í formi dropa á rúðu. Dropaverkið birtir löngun til þess að varðveita augnablikið, droparnir eru líkt og endurtekið stef í

list Hörpu, undirspil. Í Gryfju er að finna vatnslitamyndir þær og texta sem eru undirstaða bókarinnar Júní, hér á blágráum bakgrunni. Það á ágætlega við myndirnar að fá andrými á vegg, þó njóta þær sín enn betur þegar bókinni er flett, nær sínu upp- rannalega skissubókarformi sem

helst í hendur við hugmyndina um beina úrvinnslu listamannsins á umhverfi sínu. Textarnir fylgja nokkuð dagbókar- eða skissubókarformi. Það er einna helst þegar Harpa leggur meira í skrifin að textinn lifnar í huga áhorfandans, en Harpa hefur líka skrifað ljóð.

Í Ásmundarsal má sjá stórt málverk sem byggir á málningu sem springur og skapar óreglulegt mynstur á myndfletinum, það sem nefnt er „craquelure“ á gömlum málverkum verður hér myndefnið sjálft. Hér eru einnig fingerð málverk af jurtum og stærri verk.

Sýning sem byggir á svo viðkvæmum verkum er vandmeð- farin. Annars vegar þarfnað slík verk styrkrar stöðar, í framsetningu og hugsun, en hins vegar þurfa þau andrými. Hörpu tekst hvort tveggja með ágætum, sýningin í heild einkennist af vandvirkni en hefði kannski mátt við örlítið meiri dirfsku. Eftirminni- legustu augnablikin tengjast vatnslitamyndunum sjálfum, þar sem fínlegir litir og form kalla fram viðkvæmnislega fegurð íslenskrar náttúru í huga áhorf- andans.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Falleg og vandlega unnin sýning þar sem hugað er að hverju smáatriði. Fjölbreytt verk þar sem íslensk náttúra er í fyrirrúmi. Fínlegar vatnslitamyndir draga áhorfandann til sín og bókinn Júní er vel heppnað verk.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI ÍPRÓTTIR**

**vísir**



Orkuveita Reykjavíkur

## Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2011

Orkuveita Reykjavíkur heldur í fyrsta sinn opinn ársfund 23. júní 2011 kl. 14:00 til 16:00. Það er gert til að auka gegnsæi í starfsemi og stuðla að upplýstri umræðu um málefni fyrirtækisins.

Á fundinum verða kynntar áherslubreytingar í rekstri, skipulagi og þjónustu OR, drög að nýrri eigendastefnu fyrir fyrirtækið og staða úttektar eigenda á tildrögum fjárhagsvanda fyrirtækisins.

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík.

Vinsamlega skráið þátttöku á <http://www.or.is/arsfundur>



Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

[www.or.is](http://www.or.is)

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 18. júní 2011

#### → Tónleikar

**15.00** Tropicaliasveit **Kristínar Bergsdóttur** kemur fram á þriðju tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins **Jómfrúarinnar** við Lækjargötu. Tónleikarnir eru utandyra og er aðgangur ókeypis.

**20.00** Finnsla jaðarútgáfan **Fonal Records** heldur tónleika á barnum **Bakkusi** og munu hljómsveitirnar **Es, Islaja, Jarse og Lau Nau** koma fram. Aðgangseyrir er ókeypis.

**21.00** **Eivör Pálsdóttir** heldur tónleika á **Græna hattinum** og er aðgangseyrir kr. 2.900.

**22.00** Tónleikar verða haldnir til heiðurs afmælisbarni dagsins, **Paul McCartney**, á **Ob-La-Di-Ob-La-Do, Frakkastíg 8**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** **Smashing Pumpkins Tribute** tónleikar verða haldnir í samstarfi við X977 á **Sódóma Reykjavík**. 18 ára aldrurstakmark og aðgangseyrir er kr. 1.000.

#### → Sýningar

**15.00** Sýningarnar **Alþingi á sal Lærða skólans** og **Jón Sigurðsson og Reykjavík** í hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík opna í dag við hátíðlega athöfn.

#### → Söfn



**15.00** Leikarinn, hestamaðurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn **Benedikt Erlingsson** fjallar um samskipti manna og hesta í tilefni sýningarinnar **Jó!** á **Kjarvalsstöðum**. Benedikt vinnur að kvikmynd sem

hlotið hefur vinnuheiðið Hross um oss. Aðgangseyrir er kr. 1.000, kr. 500 fyrir námsmenn yngri en 25 ára og frítt fyrir börn yngri en 18 ára, eldri borgara og öryrkja.

#### → Hönnun og tíska

**12.00** **Popup-verslun** verður opin á **Grettisgötu 3** og munu hönnuðirnir **Helicopter, Hálsakot, Beroma, Mokomo, Hlín Reykdal, Elva og Sonja Bent** selja hönnun sína.

#### → Sýningarspjall

**15.00** Sýningarstjórnarnir **Gunnar J. Arnason** og **Jón Proppé** ganga um sýninguna **Sjónarmið - Á mótum**

og gefa gestum innsýn í hin margbreytilegu verk sýningarinnar í **Listasafni Reykjavíkur**. Aðgangseyrir er kr. 1.000, kr. 500 fyrir námsmenn yngri en 25 ára og frítt fyrir börn yngri en 18 ára, eldri borgara og öryrkja.

#### → Myndlist

**16.00** Sýningin **Frauðplast, strigaefni og gips** eftir **Örn Alexander Ámundason** opnar í **Suðsuðvestur sýningarrými, Keflavík**. Tvær söngkonur flytja mismunandi arliur meðan listamaðurinn mótur skulptúra. Ókeypis rútuferð frá Listasafni Íslands kl. 15 og til baka. Sætapantanir skal senda á unamagga@gmail.com.

Sunnudagur 19. júní 2011

#### → Tónleikar



**16.00** **Ragnheiður Gröndal** kemur fram á stofutónleikum á **Gljúfrasteini**. Efnisskrá Ragnheiðar samanstendur af lögum eftir hana sjálfa og aðra listamenn. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**17.00** Alþjóðlegt orgelsumar hefst í **Hallgrímskirkju** með tónleikum **Björns Steinars Sólbergssonar**, organista Hallgrímskirkju. Á efnisskránni eru verk eftir Pál Ísólffson, Liszt, Guillemant, Alain og Duruflé. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**21.00** **Eivör Pálsdóttir** heldur tónleika á **Græna hattinum** og er aðgangseyrir kr. 2.900.

#### → Dansleikir

**20.00** **Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni** verður að **Stangarhyl 4** og mun hljómsveitin **Klassík** leika danslög við allra hæfi. Aðgangseyrir er kr. 1.400 en fyrir félagsmenn kr. 1.200.

#### → Myndlist

**10.00** Sýning **Dóru Kristínar Halldórsdóttur** á vatnslitamyndum í **KAOLIN galleríi, Ingólfsstræti 8**, lýkur í dag.

**14.00** Sýningu **Braga Ásgeirssonar, Samræður við lífið**, í **Gallerí Fold** lýkur í dag.

#### → Samkoma

**16.00** **Kvenréttindadagurinn** verður haldinn hátíðlegur að vanda hjá **KRFÍ** með dagskrá í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur**. Aðgangur er ókeypis.

# Garðhúsgögn á sumarverði!

**21.900**

Fullt verð: 26.900

Gleðilegt  
sumar

Vnr. 41622100

## Garðsett

Garðsett, borð stál/gler og 4 stólar. Blátt eða grátt.

**5.000**  
afsláttur

Njótum  
sumarsins!



Vnr. 41624120

## Bistro

RATTAN BISTRO sett, borð og tveir stólar. Litur: svart.

Fullt verð: 19.900

**14.900**

**5.000**  
afsláttur

Vnr. 41622115

## Garðstóll

Garðstóll með mósaík setu.

Fullt verð: 7.990

**5.990**

**8.000**  
afsláttur  
af settinu



Vnr. 41622116

## Garðborð

Garðborð með mósaík borðplötum ferkantað 76 cm, grænt stál.

Fullt verð: 14.900

**10.900**



Acacia harðviður

Vnr. 41616016

## Garðsett

EDEN garðsett úr acacia harðviði, borð 160x90 cm, tveir bekkir 135x32 cm, ásamt sessum úr svörtu efni.

Fullt verð: 59.900

**49.900**

**10.000**  
afsláttur



Acacia harðviður

Vnr. 41616061

## Garðsett

Garðsett úr acacia harðviði, borð og 4 stólar, ásamt sessum úr svörtu efni.

Fullt verð: 54.900

**49.900**

**5.000**  
afsláttur



Vnr. 41622123

## Garðsett

Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 4 stólar og borð 151x92 cm, viðhaldsfrítt.

Fullt verð: 99.900

**79.900**

**20.000**  
afsláttur



**20%**  
afsláttur

af sólstólum  
og bekkjum.

**Markísur**  
**20% afsláttur**



Vnr. 41622128

## Garðsett

Garðsett. Sófi, tveir stólar og borð. Borð 90x50 cm, hæð 45 cm, sófi 115x60 cm, 2 stólar 60x60 cm.

Fullt verð: 69.900

**59.900**

**10.000**  
afsláttur



Vnr. 41622122

## Garðsett

Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 4 stólar og borð 151x92 cm, viðhaldsfrítt.

Fullt verð: 99.900

**79.900**

**20.000**  
afsláttur



# Upplífandi og sólrík sálarplata

Tónlist ★★★★★

**Ég trúí á þig**  
Bubbi og Sólskuggarnir



Ég trúí á þig er 25. sólóplata Bubba Morthens með nýju efni og fyrsta platan hans síðan Fjórir naglar kom út fyrir þremur árum. Á Fjórum nöglum voru tvö fín soul-lög, titillagið og Myndbrot, og kannski voru þau kveikjan að því að Bubbi ákvað að búa til soul-plötu. Soul, eða sálar-tónlist, kom fram í Bandaríkjunum um miðjan sjötta áratuginn. Hún var áberandi á þeim sjöunda og fram á þann áttunda, en féll í skuggann þegar diskóið sló í gegn. Undanfarið hefur sálar-tónlistin hins vegar verið að koma sterkari inn aftur.

Það eru tólf lög á Ég trúí á þig og þó að þau séu nokkuð fjölbreytt hafa flest þeirra einkenni sálar-tónlistarinnar. Þannig er lagið París léttleikandi í anda Motown-útgáfunnar, Biðraðir og bomsur er hratt og kraftmikið og gæti verið úr Blues Brothers, Blik þinna augna er ósvikin sálarballaða sem hefði passað ágætlega inn í laga-safn Otis Redding, í Enginn vill elska feita stelpu erum við komin fram til áttunda áratugarins með fönki wah-wah gítar í anda Shaft og Seinasti dansinn er sálarblús. Og svona mætti halda áfram. Sums staðar er vikið aðeins út frá sálar-tónlistinni, t.d. í ska-laginu Slappaðu af, en það passar samt ágætlega inn í heildina.

Það er greinilegt að þeir sem unnu plötuna með Bubba kunna góð skil á mismunandi afbrigðum sálar-tónlistarinnar. Þeir Benznírbæður Börkur og Daði Birgissynir komu að útsetningum og Samúel

Jón Samúelsson sá um útsetningar fyrir blásarana, en blásturs-hljóðfærin gegna mjög mikilvægu hlutverki í sálar-tónlist. Þetta eru allt toppmenn og eiga það reyndar sameiginlegt að hafa verið meðlimir í tímamótasveitinni Jagúar þegar hún var upp á sitt besta. Útsetningarnar eru flottar og allur hljóðfæraleikur er sömuleiðis til fyrirmyndar. Og þá komum við að söngnum. Bubbi er ekkert sérstakur sálar-söngvari, en það kemur ekki að sök. Hann syngur þetta með sínu nefi og gerir með því sálar-tónlistina að sinni. Dóttir hans Gréta syngur með honum lagið Háskaleikur og skilar sínu vel. Bakraddirnar eru líka fínar og þar munar ekki minnst um Kristjönu Stefánsdóttur.

glöggt á safnpakkanum sem hann sendi frá sér fyrir síðustu jóla. Kannski eru bestu fréttirnar við Ég trúí á þig hvað lagasmíðarnar sjálfar eru stærkar. Bubbi er greinilega ekkert að missa þann hæfileika að setja saman grípandi og flott lög.

Bubbi sagði frá því í viðtali að textarnir við sum laganna á Ég trúí á þig hefðu þróast úr því að vera reiðilestur yfir í lofsöng um ástina og lífið. Eins og fleiri Íslendingar hefur hann ákveðið að taka fókúsin af kreppusoranum og færa hann yfir á það sem skiptir mestu máli í lífinu. Góð ákvörðun. Fyrir vikið er þetta jákvæð og upplífandi plata. Fín í sumarið og sólina.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Fjölbreytt og vel heppnað ferðalag inn í heim sálar-tónlistarinnar.

## SAMBIÓN

FROM WRITER/DIRECTOR  
**J.J. ABRAMS**  
AND PRODUCER  
**STEVEN SPIELBERG**

★★★★★  
ET WEEKLY  
"Super 8 is a THRILLING return to MOVIE MAGIC of old, filled with wonder, horror and chills."  
★★★★★  
- JIMMY, JUNE.COM

### SUPER 8

FRAMHALD AF VINSÆLUSTU GRÍNMYND SEM SÝND HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI.

## HANGOVER PART II

★★★★★  
R.M. - heitman.is  
★★★★★  
Sambio.is

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN FRÁ PEIM SOMU OG GERDU

13 HÉLÉNA

SAMBIÓN ALFABAKKA		SAMBIÓN EGILSHÖLL	
SUPER 8 kl. 2 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 - 11:30	12	SUPER 8 kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
SUPER 8 Luxus VIP kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	VIP	HANGOVER PART II kl. 6 - 8 - 10:25	12
THE HANGOVER 2 kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20	12	X-MEN: FIRST CLASS kl. 5:10 - 8 - 10:45	14
KUNG FU PANDA 2 M/isl. Tali Sýnd í 3D kl. 12 - 2 - 6	L	KUNG FU PANDA 2 3D kl. 3 - 5:30	L
KUNG FU PANDA 2 M/isl. Tali Sýnd í 2D kl. 2 - 4 - 6	L	PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D kl. 3 - 8:20	10
KUNG FU PANDA 2 M/ensku. Tali Sýnd í 2D kl. 10:20 M/ensku	L	DÝRAFJÖR M/isl. Tali Sýnd í 3D kl. 3	L
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 6 - 8 - 10:50	10	SAMBIÓN KRINGLUNNI	
SOMETHING BORROWED kl. 8	L	SUPER 8 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	12
SAMBIÓN AKUREYRI		KUNG FU PANDA 2 M/isl. Tali Sýnd í 3D kl. 2 - 4 - 6	L
KUNG FU PANDA 2 M/isl. Tali 3D kl. 2 - 4	L	KUNG FU PANDA 2 M/ensku. Tali Sýnd í 3D kl. 8 Óhefð	L
SUPER 8 kl. 6 - 8 - 10:20	12	THE HANGOVER 2 kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5	10	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 Sýnd í 3D kl. 10	10
HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20	12	DÝRAFJÖR M/isl. Tali Sýnd í 3D kl. 2 - 4	L
DÝRAFJÖR M/isl. Tali kl. 2	L	SAMBIÓN SELFOSS	
<b>SPARBÍÓ KR 700 Á SÝNINGAR MERTAR MED APPELSÍNUGULU OG KR. 1000 Á 3D MERKT GRÆNU</b>		SUPER 8 kl. 1:30 - 8 - 10:20	12
		KUNG FU PANDA 2 M/isl. Tali kl. 2 - 4 - 6	L
		THE HANGOVER 2 kl. 8	14
		X-MEN: FIRST CLASS kl. 10:20	12

### SMÁRA BÍÓ

FRÁ STEVEN SPIELBERG OG J.J. ABRAMS KEMUR EIN BESTA ÆVINTÝRA/SPENNUMYND ÁRSINS!

## SUPER 8

★★★★★ - KVÍMYNDIRIS  
★★★★★ - SÓÐ & HEYRT

12 **LUXUS** **mid.is**

### HÁSKÓLABÍÓ

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

## KUNG FU PANDA 2

FRÁ HÖFUNUNUM SEM FÆRDU OKKUR

★★★★★ BOX OFFICE MAGAZINE **mid.is**

UPPLIFDU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM!

### SMÁRA BÍÓ

GLEAUGU SELÐ SÉR NÁNAR Á MIÐLIS

SUPER 8 KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30	12
SUPER 8 I LUXUS KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
BRIDESMAIDS KL. 5.20 - 8 - 10.40	12
X-MEN: FIRST CLASS KL. 8 - 10.45	12
KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 - 5.50	L
KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10	L
PIRATES 4 3D KL. 6 - 9	10
RÍO ÍSLENSKT TAL 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

### HÁSKÓLABÍÓ

NÁNAR Á MIÐLIS 5%

BRIDESMAIDS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.20 - 8 - 10.40	12
X-MEN: FIRST CLASS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.20 - 8 - 10.40	12
WATER FOR ELEPHANTS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30	L
FAST FIVE KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 10.10	12
PAUL KL. 8	12

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

BRIDESMAIDS KL. 5.50 - 8 - 10.15	12
X-MEN: FIRST CLASS KL. 10.15	12
HÆVNEN KL. 5.50 - 8	12
PAUL KL. 4 (TILBOÐ)	12
GNÓMIÓ & JÚLÍA 3D KL. 4 (TILBOÐ)	L

### SMÁRA BÍÓ

FRÁ STEVEN SPIELBERG OG J.J. ABRAMS

## SUPER 8

★★★★★

### HÁSKÓLABÍÓ

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

## KUNG FU PANDA 2

FRÁ HÖFUNUNUM SEM FÆRDU OKKUR

★★★★★

### SMÁRA BÍÓ

FRÁ STEVEN SPIELBERG OG J.J. ABRAMS

## BRIDESMAIDS

★★★★★

**Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.**

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SUPER 8	5.50, 8, 10.15
BRIDESMAIDS	4, 6.30, 9 og 10
X-MEN: FIRST CLASS	7
KUNG FU PANDA 2 3D	2(950 kr) og 4 - ISL TAL
KUNG FU PANDA 2 2D	2(700 kr) og 4 - ISL TAL
GNÓMIÓ & JÚLÍA 3D	2(950 kr)

### TILBOÐSSÝNINGAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

tryggðu þér miða á [www.sambio.is](http://www.sambio.is)

TILBOÐSBÍÓ			SMÁRA BÍÓ LAUGARDAG - SUNNUDAG		
SUPER 8	KL. 1 (TILBOÐ)	12	SUPER 8	KL. 1 (TILBOÐ)	12
KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	L	KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	L
KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 2D	KL. 1 (TILBOÐ)	L	KUNG FU PANDA 2 ÍSLT 2D	KL. 1 (TILBOÐ)	L
RÍO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L	RÍO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 (TILBOÐ)	L	HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 (TILBOÐ)	L
BRIDESMAIDS	KL. 3 (TILBOÐ)	12	BRIDESMAIDS	KL. 3 (TILBOÐ)	12
X-MEN: FIRST CLASS	KL. 3 (TILBOÐ)	12	X-MEN: FIRST CLASS	KL. 3 (TILBOÐ)	12
WATER FOR ELEPHANTS	KL. 3 (TILBOÐ)	L	WATER FOR ELEPHANTS	KL. 3 (TILBOÐ)	L
FAST FIVE	KL. 3 (TILBOÐ)	12	FAST FIVE	KL. 3 (TILBOÐ)	12

[mid.is](http://mid.is) facebook /smarabio

Sími: 553 2075 - bara lúxus

## Ódýrt í bíó

ATH 950 KR Í 3D. **SÝND KL.2** **700 KR.** ATH 950 KR Í 3D. **SÝND KL.2**

**TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 11., 12. OG 13. JÚNÍ**

### TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS		LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR	
MED AUGUN LOKUÐ (FRÍTT INN)	20:00	STIKLUR EFTIR STÚLKUR (FRÍTT INN)	20:00
MARY AND MAX	18:00, 20:00, 22:00	MARY AND MAX	18:00, 20:00, 22:00
THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER	18:00, 20:00, 22:00	THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER	18:00, 20:00, 22:00
HUR MÁNGA LINGON FINNS DET Í VÆRLDEN?	18:00	HUR MÁNGA LINGON FINNS DET Í VÆRLDEN?	18:00
ROUTE IRISH	22:00	ROUTE IRISH	22:00
STIKKFRÍ (MED ENSKUMTEXTA)	18:00	ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA (M. ENSKUM)	18:00
BJARNFREDARSON (MED ENSKUMTEXTA)	20:00	HEIMA A FILM BY SIGUR RÓS (MED ENSKUMTEXTA)	20:00
REYKJAVÍK WHALE WATCHING MASSACRE (M. ENSK.)	22:00	SÓÐOMA REYKJAVÍK (MED ENSKUMTEXTA)	22:00

**BAR & CAFE**  
**BARA GÓÐAR MYNDIR** [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# BBQ Nýtt á KFC Beikon BOXMASTER™

Orginal  
kjúklíngabringa,  
ostur,  
brakandi beikon,  
ferskt salat,  
tómatar,  
kartöfluskífa,  
toppað með  
æðislegri  
BBQ SÓSU



**SVOOOGOTT™**

**0gr.**  
trans-  
fita

[www.kfc.is](http://www.kfc.is)

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Íslandsmeistari í högggleik karla í golfi bætti vallarmetið á Kiðjbergsvelli á miðnætur-móti í fyrrkvöld. Birgir lék völinn á 7 höggum undir pari af gulum teigum eða 64 höggum. Hann fékk sjö fugla og gerði engin mistök og bætti fyrra vallarmet um 3 högg.

## Stórleikur á Skaganum: Meistaraleikur Steina Gísla

**FÓTBOLTI** Margir af þekktustu knattspyrnumönnum landsins mætast í ágóðaleik fyrir Sigurstein Gíslason í dag á Akranesvelli í „Meistaraleik Steina Gísla“. Sigursteinn greindist nýverið með krabbamein í lungum og nýrum, en fyrrverandi samherjar hans í ÍA og KR standa að þessum leik. Búist er við miklu fjölmenni á leikinn, sem hefst kl. 17.15 í dag. - seth

## Óvenjuleg íþróttameiðslí: Helena með rifið milta

**KÖRFUBOLTI** Nýverið kom í ljós að Helena Sværissdóttir er með rifið milta og þarf hún að taka sér frí frá æfingum og keppni næstu vikurnar. Landsliðskonan í körfuknattleik samdi nýverið við sterkt atvinnulið í Slóvakíu, Good Angels, en þessi óvenjulegu meiðslí setja strik í reikninginn hvað varðar undirbúningstímabilið hjá Helenu. Á vefsíðunni karfan.is segir Helena að líklega hafi miltað rifnað fyrir nokkrum vikum eða jafnvel mánuðum. Á næstu vikum mun Helena ekki æfa mikið en hún gerir ráð fyrir að geta byrjað undirbúnings-tímabilið með nýja liðinu. - seth

# Munum sem fyrr sækja til sigurs

Ísland mætir í kvöld Danmörku í lokaumferð riðlakeppninnar á EM U-21 liða. Þjálfarinn Eyjólfur Sværissón segir að reikna megi með breytingum á liðinu fyrir leikinn. Danir falla úr leik tapi þeir fyrir Íslandi.

**FÓTBOLTI** Eftir tvo tapleiki fær íslenska U-21 landsliðið tækifæri í kvöld til að sýna sitt rétta andlit. Ísland mætir Danmörku í lokaumferð riðlakeppninnar á Evrópu-meistaramótinu og heldur enn í veika von um að komast áfram í undanúrslitin.

Ísland verður að skora minnst fjögur mörk gegn Dönnum í dag en dugir þriggja marka sigur. Liðið þarf auk þess að treysta á að Sviss vinni Hvíta-Rússland á sama tíma. Danir mega alls ekki tapa og þurfa helst að ná jafn góðum eða betri úrslitum og Hvít-Rússar til að komast í undanúrslit keppninnar.

Eyjólfur Sværissón, þjálfari liðsins, hefur boðað breytingar fyrir leikinn í dag og ætlar greinilega að taka mið af frammistöðu liðsins í tapleikjunum tveimur. „Við sjáum til hvort að það feli í sér að breyta um leikkerfi eða í vali á byrjunarliðinu. Við eigum nokkra möguleika og er það vel,“ sagði Eyjólfur á blaðamannafundi íslenska liðsins á Álaborgarvelli í gær.

Hann segir þó að það eitt muni ekki breytast – Ísland muni sækja til sigurs eins og alltaf. „Við förum í alla leiki til að vinna. Við sækjum grimmt á okkar andstæðinga og reynum að koma okkur í færi.“

Eyjólfur hefur þó lært ýmislegt af fyrstu tveimur leikjum Íslands á mótinu og hefur hann reynt að miðla



**LEGGJA Á RÁÐIN** Íslensku landsliðsmennirnir stöldruðu við í göngutúr í Álaborg í gær og ræddu málin sín á milli – kannski um leikinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við förum í alla leiki til að vinna. Við sækjum grimmt á okkar andstæðinga.“

**EYJÓLFUR SVÆRISSÓN**  
ÞJÁLFARI U21 ÁRS LANDSLIÐSINS

því til sinna leikmanna. „Fyrst og fremst að takast á við áföll eins og við höfum lent í. Við fengum á okkur rautt spjald og víti í fyrsta leiknum og svo mark á fyrstu mínútu gegn

Sviss. Strákarnir verða að hafa í huga að við slíkar aðstæður gildir ekkert annað en að halda ró sinni, halda við leikskipulagið og vera þolinmóðir. Menn þurfa að halda áfram að leita að sínum tækifærum og hafa trú á sjálfum sér.“

Eyjólfur vildi lítið gefa uppi um þær breytingar sem hann hefur verið að velta fyrir sér. Björn Bergmann Sigurðarson stóð sig vel þegar hann kom inn á gegn Sviss og sagði þjálfarinn að hann væri einn þeirra sem kæmu til greina í byrjunarliðið.

Eyjólfur útilokaði heldur ekki að gera breytingar á varnarlinu sinni.

Þá má ekki gleyma að Aron Einar Gunnarsson kemur aftur inn í liðið eftir að hafa tekið út leikbann og Jóhann Berg Guðmundsson er aftur leikfær eftir meiðslí. „Við eigum eina æfingu eftir,“ sagði Eyjólfur í gær. „Þar munum við sjá hverjir eru ferskir og tilbúnir í leikinn.“

Danska liðið er sterkt og það veit Eyjólfur. „Þeir halda boltanum vel og eru mikið í stutta spilin. Danir eiga líka sterka einstaklinga eins og Christian Eriksen og Nicolai Jørgensen sem geta klárað leiki upp á sitt einsdæmi. Þeir eru gríðarlega öflugir.“

Hann segir þó Dani ekki henta íslenska liðinu frekar en önnur lið í keppninni. „Nei, allir leikir í keppninni eru jafnir og þetta er sem fyrr spurning um dagsformið og að mæta klárir til leiks. Þetta verður tvísýnn leikur en Danirnir verða á heimavelli og með fullt af áhorfendum á bak við sig. Ég vil því hvetja okkar leikmenn til að nýta sér það, skemmta sér og sýna sitt rétta andlit.“

